

OLDNORDISK LÆSEBOG

MED

TILHØRENDE ORDSAMLING.

AF

LUDV.^{V.} F. A. WIMMER.

*Nedskrivet af
Neal Rudmose*
København.

KØBENHAVN.

CHR. STEEN & SÖNS FORLAG.

I. COHEN'S BOGTRYKKERI.

1870.

Statens pedagogiske Studiesamling
København

F O R O R D.

Det har været min hensigt med nærværende oldnordiske læsebog, der slutter sig nøje til den samtidig udkomne oldnordiske formlære, at give enhver, der — også uden lærers hjælp — vilde skaffe sig en grundig indsigt i vort oldsprog, et hjælpemiddel, som jeg selv under min tidligste beskæftigelse med dette studium ofte har følt savnet af. Hvad jeg har ønsket, var nemlig at levere en bog, der kunde sætte den, hvis alvorlige mening det var at tilegne sig noget mere end en overfladisk, intetbetydende godtkøbskundskab, i stand dertil ved at meddele nøjagtig oplysning om hvert enkelt ord, så at man, efter at have gennemgået læsebogen, med lethed vilde kunne gå over til læsning af literaturen selv. Derfor er der anvendt stor omhu på den til læsebogen hørende ordsamling, hvori der ved hvert ord er henvist til den § i grammatiken, efter hvilken det böjes, ligesom jeg, såvidt det har stået i min magt, har søgt at give alle de i læsebogen forekommende betydninger af ordene; til de tre første stykker vil man så godt som finde en fuldstændig analyse i ordsamlingen, hvorfor jeg i ethvert tilfælde vil anbefale læseren at begynde med dem.

Hvad læsebogens indhold angår, har jeg søgt at velge sådanne stykker, om hvilke jeg antog og tildels gennem personlig erfaring som lærer vidste, at de var pas-

sende og tiltalende både fra indholdets og formens side. Da jeg ansér det for en fejl i en sådan læsebog at stræbe efter at give en udsigt over hele literaturen, eftersom den kun skulde danne en forberedelse til selvstændigt og fyldigere studium af denne, har jeg med forsæt holdt mig til de sider af oldliteraturen, som jeg ansér for mest karakteristiske, og hvori den nordiske ånd viser sig i sine ejendommeligste former. Efter et par fortællinger af Nordens gude- og heltesagn og nogle stykker af de historiske sagaer, navnlig af Snorres mesterværk, har jeg fuldstændig optaget sagaen om Gunlög ormstunge, da jeg ved, hvor begærlig disciplen er efter snart at komme til at læse en hel saga i sammenhæng. Da den norske udgave, som jeg i de senere år i reglen har ladet mine disciple bruge, i længre tid har været udsolgt, og man vanskelig i hele denne art af sagalitteraturen finder noget mere helstøbt fra formens side, har jeg ikke betænkt mig på at foretrække denne fortælling i sin helhed for et udvalg af de andre islandske slægtsagaer, især da jeg håber, at den, der først har læst Gunløgs saga, derved vil få lyst til også at gøre sig bekendt med Njáls, Egils og de andre ypperste værker af denne literatur i sammenhæng. Efter de prosaiske stykker følger et par digte af den ældre Eddas gude- og heltekvad samt Hákonarmál, der endnu står den gamle digtning så nær i ånd og tone, og endelig til slutning nogle træk af de gamle Nordboers livsvisdom, som den har fundet sit udtryk i tankesprogene i Hávamál.

Til stykkernes tekst har jeg naturligvis benyttet de bedste udgaver; men det er en selvfolge, at sprogformen gennem hele bogen er gjort énsartet efter de i grammatisken fremstillede regler; de enkelte punkter, i hvilke jeg er afvegen fra den i de »normaliserede« udgaver af den oldnordiske literatur almindelig fulgte retskrivning, vil man derfor også finde tilstrækkelig oplysning om på vedkom-

mende steder i formlæren. Efter Gislasons ypperlige afhandling om »forandringer af kvantitet i oldnordisk-islandske i årbøger for nord. oldk. og hist. 1866 har jeg ikke betænkt mig på at sætte tonetegn over alle former af ejestedordene mínn, þínn, sínn og tillægsordene líttill og góðr. Den tilbagevirkende form af udsagnsordene har jeg overalt ladet ende på -sk, da jeg ikke vilde optage det yngre -st, og det forekom mig uhensigtsmæssigt, hvad der ellers havde stemt bedst med håndskrifterne fra den tid, til hvilken den øvrige sprogform i læsebogen hører, at indføre den noget svævende betegnelse -z (sé formlæren § 157). Hvorvidt jeg burde optage ð på flere steder istedenfor det i udgaverne almindelig brugte d eller t (valða o. lign. for valda, dýpð o. lign. for dýpt) har længe været mig tvivlsomt; dog har jeg her, for ikke at opstille en regel, hvorfra der dog måtte göres en hel del undtagelser, overalt beholdt de nyere former, som også lader sig forsvare ved gode håndskrifter, uagtet jeg tror, at man med tiden vil komme til at vælge ð i mange af disse tilfælde*). — Kun et enkelt af de i læsebogen optagne stykker har ikke tidligere været udgivet i den form, hvori det findes her, nemlig stykket af Hervarar saga; begyndelsen er efter det bekendte håndskrift Hauksbók på universitetsbibliotheket (AM. 544, 4to); men da dette håndskrift om kampen på Samsø kun indeholder en henvisning til Örvarodds saga, og jeg til slutningen hverken anså det for rigtigt at bruge den af forskellige recensioner sammensatte tekst hos N. M. Petersen eller den længre recension i Antiquités Russes, er stykket fra s. 29₆ taget fra håndskriften på det kgl.

*) Også ø vil vistnok med tiden blive anvendt i enkelte ord, i hvilke jeg endnu ikke har brugt det; således vilde det uden tvivl være rigtigst at skrive døglingr, øðlingr af grundformerne *dagulingas, *aðulingas (at-lingr virker omlyd viser yrmlingr o. lign.).

bibliothek no. 2845 (gl. kgl. samling). — Jeg behøver vel ikke at gøre opmærksom på, at det ikke er min mening, at den, der første gang i denne læsebog læser Gunlegs saga, skal medtage de vanskelige skjaldevers, til hvis rette forståelse der hører et så overordenlig nøje kendskab til hele den side af den gamle literatur; men da på den anden side disse viser danner en så væsenlig og vigtig bestanddel af sagaen, at de umulig kan udelades, har jeg forsøgt i de foran ordsamlingen tilføjede anmærkninger at gengive dem i oversættelse, for at læseren kunde få meningen, hvorimod jeg ikke har villet forøge ordsamlingens størrelse ved at optage de herhen hørende former i denne. Enkelte i disse viser optagne konjekturer skylder jeg Jón Thorkelssons forklaring i programmet fra Reykjavík 1868; dog har jeg ikke vovet at følge ham overalt, og på enkelte af de steder, hvor jeg har optaget hans rettelser, nærer jeg megen tvivl om, hvorvidt han har truffet det rette; men da meningen krævede en rettelse, vilde jeg heller holde mig til hans end selv prøve på at levere en ny lige så usikker.

Inden jeg slutter dette forord, må jeg endnu bemærke for deres skyld, som længe har ventet på disse bøger, at jeg havde håbet, at de kunde udkomme kort før jul; men forhold, hvorover jeg ikke har været herre, navnlig enkelte gange større stansninger under trykningen på grund af mangel på de fornødne typer, har gjort det umuligt at få dem udgivne før nu.

Herved være de da anbefaede til læserne med det ønske, at de må bidrage til i en videre kreds at vække lyst til studiet af Nordens oldspørg og litteratur.

I N D H O L D.

| I. Fortællinger af Nordens gude- og helte-sagn. | Side |
|---|------|
| 1. Tors færd til Udgårdeloke. Af Snorra Edda | 1. |
| 2. Balders død. Af Snorra Edda | 9. |
| 3. Lokes straf. Af Snorra Edda | 13. |
| 4. Fortællinger om Vølsungerne: | |
| 1. Sigurds æt. Af den ældre Edda | 14. |
| 2. Sigurd hævner sin fader og dræber Favner. Af Vølsunga saga | 16. |
| 5. Sværdet Tyrving og holmgangen på Samsø. Af Herv- arar saga | 26. |
| 6. Rolv krake. Af Snorra Edda | 33. |
| II. Fortællinger af Nordens historie. | |
| 1. Slaget på Rastarkalv. Af Heimskringla | 36. |
| 2. Palnatoke ved kong Haralds gravøl. Af Jómsvíkingasaga | 40. |
| 3. Svolder-slaget. Af Heimskringla | 44. |
| 4. Olav den hellige og hans halvbrødre. Af Heimskringla | 52. |
| 5. Kong Harald og Islændingen. Af Morkinskinna . . | 54. |
| 6. Kongerne Ejsten og Sigurd. Af Heimskringla . . | 60. |
| 7. Knud lavard. Af Knytlinga saga | 62. |
| III. Gunnlaugs saga ormstungu | 73. |
| IV. Af Nordens gude- og helte-kvad. | |
| 1. Sangen om Vavtrudne (Vafþrúðnismál). Af den ældre Edda | 105. |
| 2. Kvadet om Trym (Prymskviða eða Hamarsheimt). Af den ældre Edda | 111. |
| 3. Kvadet om Vegtam (Vegtamskviða eða Baldrs draumar). Af den ældre Edda | 116. |
| 4. Kvad om Helge Hundingsbane (Helgakviða Hundings- bana hin fyrri). Af den ældre Edda | 118. |
| 5. Hákonarmál. Af Eyyindr skaldaspillir | 126. |
| V. Tankesprog af Hávamál | 129. |
| Anmærkninger til versene | 133. |
| Ordsamling | 143. |

I. Fortællinger af nordens gude- og helte-sagn.

1. Tors færd til Udgårdeloke.

Þat er upphaf þessa máls, at Ökuþórr fór með hafra sína ok reið, ok með hánum sá Áss, er Loki er kallaðr; koma þeir at kveldi til eins búanda, ok fá þar náttstað. En um kveldit tók Þórr hafra sína ok skar báða, eptir þat váru þeir flegnir ok bornir til ketils; en er soðit var, þá settisk Þórr til náttverðar ok þeir lagsmenn. Þórr bauð til matar með sér búandanum ok konu hans ok börnum þeira; sonr búa hét Þjálfi, en Röskva dóttir. Þá lagði Þórr hafrstökurnar utar frá eldinum, ok mælti, at búandi ok heimamenn hans skyldu kásta á hafrstökurnar beinunum. Þjálfi, son búanda, hélt á lærlegg hafrsins, ok spretti á knífi sínum, ok braut til mergjar. Þórr dvaldisk þar of nöttina; en í óttu fyrir dag stóð hann upp ok klæddi sik, tók hamarinn Mjölni ok brá upp, ok vígði hafrstökurnar; stóðu þá upp hafrarnir, ok var þá annarr haltr eptra fæti. Þat fann Þórr, ok taldi, at búandinn eða hans hjón mundi eigi skynsamliga hafa farit með beinum hafrsins: kennir hann, at brotinn var lærleggrinn. Eigi þarf langt frá því at segja: vita megu þat allir, hversu hræddr búandinn mundi vera, er hann sá, at Þórr lét síga brýnnar ofan fyrir augun; en þat er sá augnanna, þá hugðisk hann falla mundu fyrir

sjóninni einni samt: hann herði hendrnar at hamarskaptinu, svá at hvítnuðu knúarnir. En búandinn gerði, sem ván var, ok öll hjúnin, kölluðu ákafliga, báðu sér friðarbuðu, at fyrir kvæmi alt þat, er þau áttu. En er hann sá hræzlu þeira, þá gékk af hánum móðrinn, ok sefaðisk hann, ok tók af þeim í sætt börn þeira, Þjálfa ok Rösku, ok gerðusk þau þá skyldir þjónustumenn Þórs, ok fylgja þau hánum jafnan síðan.

Lét hann þar eptir hafra, ok byrjaði ferðina austr í Jötunheima, ok alt til hafsins, ok þá fór hann út yfir hafit þat it djúpa; en er hann kom til lands, þá gékk hann upp, ok með hánum Loki ok Þjálfi ok Röskva. Þá er þau höfðu lítlar hríð gengit, varð fyrir þeim mörk stór; géngu þau þann dag allan til myrkrs. Þjálfi var allra manna fóthvat- astr; hann bar kýl Þórs, en til vista var eigi gótt. Þá er myrkt var orðit, leituðu þeir sér til náttstaðar, ok fundu fyrir sér skála nökkurn mjök mikinn, váru dyrr á enda ok jafnbreiðar skálanum: þar leituðu þeir sér náttbóls. En of miðja nótt varð landskjálfti mikill, gékk jörðin undir þeim skykkjum, ok skalf húsit; þá stóð Þórr upp ok hét á lagsmenn sína, ok leituðusk fyrir, ok fundu afhús til hœgri handar í miðjum skálanum, ok géngu þanneg; settisk Þórr í dyrrin, en önnur þau váru innar frá hánum, ok váru þau hrædd, en Þórr hélt hamarskaptinu ok hugði at verja sik; þá heyrðu þau ym mikinn ok gný. En er kom at dagan, þá gékk Þórr út, ok sér, hvar lá maðr skamt frá hánum í skóginum, ok var sá eigi lítill: hann svaf ok hraut sterkliga. Þá þóttisk Þórr skilja, hvat látum verit hafði of nóttina; hann spennir sik megingjörðum, ok óx hánum ásmegin; en í því vaknar sá maðr, ok stóð skjótt upp: en þá er sagt, at Þór varð bilt einu sinni at slá hann með hamrinum, ok spurði hann at nafni, en sá nefndisk Skrýmir: »en eigi þarf ek«, sagði hann, »at spryrja þík at nafni, kenni ek, at þú ert Ásaphórr; en hvárt hefir þú dregit á braut hanzka mínn?« Seildisk þá Skrýmir til, ok tók upp hanzka sínn; sér Þórr þá, at þat hafði hann

haft of nóttina fyrir skála, en afhúsit, þat var þumlunginn hanzkans. Skrýmir spurði, ef Þórr vildi hafa föruneyti hans, en Þórr játti því. Þá tók Skrýmir ok leysti nestbagga sínn, ok bjósk til at eta dögurð, en Þórr í öðrum stað ok hans félagar, Skrýmir bauð þá, at þeir legði mótuneyti sítt, en Þórr játti því; þá batt Skrýmir nest þeira alt í einn bagga, ok lagði á bak sér; hann gékk fyrir of daginn, ok steig heldr stórum, en síðan at kveldi leitaði Skrýmir þeim náttstaðar undir eik nökkurri mikilli. Þá mælti Skrýmir til Þórs, at haun vill leggjask niðr at sofna: »en þér takið nestbaggann ok búið til nátturðar yðr.« Því næst sofnar Skrýmir ok hraut fast; en Þórr tók nestbaggann ok skal leysa: en svá er at segja, sem útrúligt mun þykkja, at engi knút fékk hann leyst, ok engi álar- endann hreyft, svá at þá væri lausari en áðr. Ok er hann sér, at þetta verk má eigi nýtask, þá varð hann reiðr; greip þá hamarinn Mjölni tveim höndum, ok steig fram öðrum fæti at þar er Skrýmir lá, ok lýstr í höfuð hánum; en Skrýmir vaknar ok spyrr, hvárt laufsblað nökkut felli í höfuð hánum, eða hvárt þeir hefði þá matazk, ok sé búin til rekknar? Þórr segir, at þeir munu þá sofa ganga. Ganga þau þá undir aðra eik. Er þat þér satt at segja, at ekki var þá óttalaust at sofa. En at miðri nótt, þá heyrir Þórr, at Skrýmir hrýtr ok sefr fast, svá at dunar í skóginum. Þá stendr hann upp ok gengr til hans, reiðir hamarinn tittr ok hart ok lýstr ofan í miðjan hvirfil hánum: hann kennir, at hamars muðrinn sökkr djúpt í höfuðit. En í því bili vaknar Skrýmir ok mælti: »hvat er nú? fél akarn nökkut í höfuð mér? eða hvat er tittr um þík, Þórr?« En Þórr gékk aptr skyndiliga, ok svarar, at hann var þá nývaknaðr, sagði, at þá var mið nótt, ok enn væri mál at sofa. Þá hugsaði Þórr þat, ef hann kvæmi svá í færi, at slá hann it þriðja högg, at aldri skyldi hann sjá sik síðan: liggr nú ok gætir, ef Skrýmir sofnadi fast. En lítlu fyrir dagan þá heyrir hann, at Skrýmir mun sofnat hafa, stendr þá upp ok hleypr at hánum, reiðir þá hamarinn

af öllu afli, ok lýstr á þunvangann þann, er upp vissi: sekkr þá hamarrinn upp at skaptinu. En Skrýmir settisk upp, ok strauk of vangann ok mælti: »hvárt munu fuglar nökkurir sitja í trénu yfir mér? mik grunaði, er ek vaknaða, at tros nökkut af kvistunum felli í höfuð mér; hvárt vakir þú, Pórr? Mál mun vera upp at standa ok klæðask, en ekki eigu þér nú langa leið fram til borgarinnar, er kölluð er Útgardr. Heyrt hefi ek, at þér hafið kvisat í milli yðvar, at ek væra ekki lítill maðr vexti, en sjá skulu þér þar stærri menn, er þér komið í Útgard. Nú mun ek ráða yðr heilræði: láti þér eigi stórliga yfir yðr, ekki munu hirðmenn Útgardaloka vel pola þvílíkum kögursveinum köpuryrdi; en at öðrum kosti hverfið apr, ok þann ætla ek yðr betra af at taka. En ef þér vilið fram fara, þá stefni þér í austr, en ek á nú norðr leið til fjalla þessa, er nú munu þér sjá mega«. Tekr Skrýmir nestbaggan og kastar á bak sér, ok snýr þvers á braut í skógin frá þeim, ok er þess eigi getit, at Æsirnir bæði þá heila hittask.

Pórr fór fram á leið ok þeir félagar, ok gékk fram til miðs dags: þá sá þeir borg standa á völlum nökkurum, ok settu hnakkann á bak sér apr, áðr þeir féngu sét yfir upp; ganga til borgarinnar, ok var grind fyrir borghliðinu, ok lokin apr. Pórr gékk á grindina, ok fékk eigi upp lokit; en er þeir þreyttu at komask í borgina, þá smugu þeir milli spalanna, ok kómu svá inn; sá þá höll mikla, ok géngu þannig; var hurðin opin; þá géngu þeir inn, ok sá þar marga menn á tvá bekki, ok flesta cerit stóra. Því næst koma þeir fyrir konunginn, Útgardaloka, ok kvöddu hann, en hann leit seint til þeira, ok glotti um tönn ok mælti: »seint er um langan veg at spryja tíðinda, eða er annan veg, en ek hygg, at þessi sveinstauli sé Ökuþórr? en meiri muntu vera, en mér lízk þú; eða hvat íþróttar er þat, er þér félagar þíkkizk vera við búnir? Engi skal hér vera með oss, sá er eigi kunni nökktus konar list eða kunnandi um fram flesta menn. Þá segir sá, er síðast

gékk, er Loki heitir: »kann ek þá íþrótt, er ek em albúinn at reyna, at engi er hér sá inni, er skjótara skal eta mat sín en ek«. Þá svarar Útgardaloki: »Íþrótt er þat, ef þú efnir, ok freista skal þá þessar íþróttar«; kallaði utar á bekinn, at sá, er Logi heitir, skal ganga á gólf fram, ok freista sín í móti Loka. Þá var tekit trog eitt, ok borit inn á hallargólfit, ok fylt af slátri: settisk Loki at öðrum enda, en Logi at öðrum, ok át hvárrtveggi sem tíðast, ok mættusk í miðju troginu; hafði þá Loki etit slátr alt af beinum, en Logi hafði ok etit slátr alt ok beinin með, ok svá trogit; ok sýndisk nú öllum, sem Loki hefði látit leikinn. Þá spyrr Útgardaloki, hvat sá hinn ungi maðr kunni leika. En Þjálfí segir, at hann mun freista at renna skeið nökkur við einhvern þann, er Útgardaloki fær til. Hann segir, Útgardaloki, at þetta er góð íþrótt, ok kallar þess meiri ván, at hann sé vel at sér búinn of skjótleikinn, ef hann skal þessa íþrótt inna; en þó lætr hann skjótt þessa skulu freista. Stendr þá upp Útgardaloki ok gengr út, ok var þar gótt skeið at renna eptir sléttum velli. Þá kallar Útgardaloki til sín sveinstaula nökurn, er nefndr er Hugi, ok bað hann renna í köpp við Þjálfá. Þá taka þeir it fyrsta skeið, ok er Hugi því framar, at hann snýsk apr í móti hánum at skeiðs enda. Þá mælti Útgardaloki: »purfa muntu, Þjálfí, at leggja þík meir fram, ef þú skalt vinna leikinn; en þó er þat satt, at ekki hafa hér komit þeir menn, er mér þykkir fóthvatari en svá«. Þá taka þeir apr annat skeið, ok þá er Hugi er kominn til skeiðs enda, ok hann snýsk apr, þá var langt kólfskot til Þjálfá. Þá mælti Útgardaloki: »vel þykkir mér þit renna skeiðit; en eigi trúi ek hánum nú, at hann vinni leikinn, en nú mun reyna, er þeir renna it þriðja skeiðit«. Þá taka þeir enn skeið; en er Hugi er kominn til skeiðs enda, ok snýsk apr, ok er Þjálfí eigi þá kominn á mitt skeiðit; þá segja allir, at reynt er um þenna leik. Þá spyrr Útgardaloki Þór, hvat þeira íþróttar mun vera, er hann muni vilja birta fyrir þeim, svá miklar sögur sem menn hafa gört um stórvirkir

hans. Þá mælti Þórr, at helzt vill hann þat taka til, at breyta drykkju við einhvern mann. Útgardaloki segir, at þat má vel vera, ok gengr inn í höllina ok kallar skutilsveinn sín, biðr, at hann taki vítishorn þat, er hirðmenn eru vanir at drekka af. Því næst kemr fram skutilsveinn með horninu, ok fær Þór í hönd. Þá mælti Útgardaloki: »af horni þessu þykkir þá vel drukkit, ef í einum drykk gengr af, en sumir menn drekka af í tveim drykkjum, en engi er svá lítill drykkjumaðr, at eigi gangi af í þrimr». Þórr lítr á hornit, ok sýnisk ekki mikit, ok er þó heldr langt, en hann er mjök þyrstr: tekr at drekka og svelgr allstórum, ok hyggr, at eigi skal þurfa at lúta optar at sinni í hornit. En er hann þraut örindit, ok hann laut ór horninu, ok sér, hvat leið drykkinum, ok lízk hánum svá, sem alllítill munr mun vera, at nú sé lægra í horninu en áðr. Þá mælti Útgardaloki: »vel er drukkit, ok eigi til mikit; eigi mundak trúa, ef mér væri sagt frá, at Ásapórr mundi eigi meira drykk drekka; en þó veit ek, at þú munt vilja drekka af í öðrum drykk». Þórr svarar ongu, setr hornit á munn sér, ok hyggr nú, at hann skal drekka meira drykk, ok þreytir á drykkjuna, sem hánum vannsk til örindi, ok sér enn, at stikillinn hornsins vill ekki upp svá mjök, sem hánum líkar; ok er hann tók hornit af munni sér, ok sér, lízk hánum nú svá, sem minna hafi þorrit en í enu fyrra sinni: er nú gótt berandi bord á horninu. Þá mælti Útgardaloki: »hvati er nú, Þórr? muntu nú eigi sparask til eins drykkjrar meira, en þér mun hagr á vera? Svá lízk mér, ef þú skalt nú drekka af horninu inn þriðja drykkinn, sem þessi mun mestr ætlaðr; en ekki muntu mega hér með oss heita svá mikill maðr, sem Æsir kalla þik, ef þú gerir eigi meira af þér um aðra leika, en mér lízk sem um þenna mun vera». Þá varð Þórr reiðr, setr hornit á munn sér, ok drekkr, sem á-kafligast má hann, ok þreytir sem lengst á drykkinn; en er hann sá í hornit, þá hafði nú helzt nökkut munr á fengizk, ok þá býðr hann upp hornit, ok vill eigi drekka

meira. Þá mælti Útgardaloki: »auðsét er nú, at máltr þínn er ekki svá mikill, sem vér hugðum; en viltu freista um fleiri leika? Sjá má nú, at ekki nýtir þú hér af«. Þórr svarar: »freista má ek enn of nökkura leika, en undarliga mundi mér þykkja, þá er ek var heima með Ásum, ef því lík drykkir væri svá lítlir kallaðir. En hvat leik vili þér nú bjóða mér?« Þá mælti Útgardaloki: »þat gera hér ungar sveinar, er lítit mark mun at þykka, at hefja upp af jörðu kött mínn; en eigi mundak kunna at mæla þvíflikt við Ásapór, ef ek hefða eigi sét fyrr, at þú ert mykulinni fyrir þér, en ek hugða«. Því næst hljóp fram köttr einn grár á hallargólf, ok heldr mikill; en Þórr gékk til, ok tók hendi sínni niðr undir miðjan kviðinn, ok lytti upp, en köttrinn beygði hangit, svá sem Þórr rétti upp höndina; en er Þórr seildisk svá langt upp, sem hann mátti lengst, þá létti köttrinn einum fæti, ok fær Þórr eigi framit þenna leik. Þá mælti Útgardaloki: »svá fór þessi leikr, sem mik varði: köttrinn er heldr mikill, en Þórr er lágr ok lítill hjá stórmenni því, sem hér er með oss«. Þá mælti Þórr: »svá lítinn sem þér kallið mik, þá gangi nú til einnhverr ok fáisk við mik, nú em ek reiðr«. Þá svarar Útgardaloki, ok litask um á bekkina, ok mælti: »eigi sé ek þann mann hér inni, er eigi mun lítilræði í þykkja at fásk við þik«; ok enn mælti hann: »sjám fyrst, kalli mér hingat kerlinguna, fóstru mína, Elli, ok fáisk Þórr við hana, ef hann vill; felt hefir hón þá menn, er mér hafa litizk eigi ústerkligri, en Þórr er«. Því næst gékk í höllina kerling ein gömul. Þá mælti Útgardaloki, at hón skal taka fang við Ásapór. Ekki er langt um at gera: svá fór fang þat, at því harðara er Þórr knúðisk at fanganu, því fastara stóð hón; þá tók kerling at leita til bragða, ok varð Þórr þá lauss á fótum, ok váru þær sviptingar allhardar, ok eigi lengi, áðr en Þórr féll á kné öðrum fæti. Þá gékk til Útgardaloki, bað þau hætta fanganu, ok sagði svá, at Þórr mundi eigi þurfa at bjóða fleirum mönnum fang í hans höll; var þá ok liðit á nótt,

vísaði Útgarðaloki Þór ok þeim félögum til sætis, ok dveljask þar náttlangt í góðum fagnaði.

En at morgni, þegar dagaði, stendr Þórr upp ok þeir félagar, klæða sik, ok eru búnir braut at ganga. Þá kom þar Útgarðaloki, ok lét setja þeim bord; skorti þá eigi góðan fagnað, mat ok drykk. En er þeir hafa matazk, þá snúask þeir til ferðar. Útgarðaloki fylgir þeim út, gengr með þeim braut ór borginni; en at skilnaði, þá mælti Útgarðaloki til Þórs, ok spyrr, hvernig hánum þykkir ferð sín orðin, eða hvárt hann hefir hitt rískara mann nökkurn en sik. Þórr svarar, at eigi mun hann þat segja, at eigi hafi hann mikla úscemd farit í þeira viðskiptum: »en þó veit ek, at þér munuð kalla mik lítinnamann fyrir mér, ok uni ek því illa«. Þá mælti Útgarðaloki: »nú skal segja þér it sanna, er þú ert út kominn ór borginni, at ef ek lifi ok megak ráða, þá skaltu aldri optar í hana koma; ok þat veit trúá míni, at aldri hefðir þú í hana komit, ef ek hefða vitat áðr, at þú hefðir svá mikinn krapt með þér, ok þú hafðir svá nær haft oss mikilli úfsoru. En sjónhverfingar hefi ek gert þér: svá at fyrsta sinn, er ek fann þík á skóginum, kom ek til fundar við yðr; ok þá er þú skyldir leysa nestbaggann, þá hafðak bundit með gresjárnini, en þú fannt eigi, hvar upp skyldi láuka. En því næst laust þú mik með hamrinum þíjú högg, ok var it fyrsta minst, ok var þó svá mikit, at mér mundi endask til bana, ef á hefði komit; en þar er þú sátt hjá höll mínni setberg. ok þar sáttu ofan í þrjá dali ferskeytta, ok einn djúpastan, þar váru hamarspor þín; setberginu brá ek fyrir höggini, en eigi sátt þú þat. Svá var ok of leikana, er þér þreyttu við hirðmenn mína, þá var þat it fyrsta, er Loki gerði: hann var mjök soltinn, ok át titt; en sá er Logi hét, þat var villieldr, ok brendi hann eigi seinna slátrit en trogit. En er Þjálfi þreytti rásina við þann, er Hugi hét, þat var hugi mínn, ok var Þjálfa eigi vænt at þreyta skjótfeiri hans. En er þú drakkt of horninu, ok þótti þér seint líða: en þat veit trúá míni, at þá varð þat undr, er ek munda

eigi trúá at vera mætti; annarr endir hornsins var út í hafi, en þat sáttu eigi; en nú, er þú kemr til sjávarins, þá munu sjá mega, hvern þurð þú hefir drukkit á sænum: þat eru nú fjörur kallaðar«. Ok enn mælti hann: »eigi þótti mér hitt minna vera vert, er þú lyptir upp kettinum, ok þér satt at segja, þá hræddusk allir þeir er sá, er þú lyptir af jörðu einum fætinum; en sá kötr var eigi, sem þér sýndisk: þat var Miðgarðsormr, er liggr um lönd öll, ok vannsk hánum varliga lengðin til, at jörðina tøki sporðr ok höfuð; ok svá langt seildisk þú upp, at skamt var þá til himins. En hitt var ok mikit undr um fangit, er þú fékksk við Elli; fyrir því at engi hefir sá orðjt, ok engi mun verða, ef svá gamall er, at elli bíðr, at eigi komi ellin öllum til falls. Ok er nú þat satt at segja, at vér munum skiljask, ok mun þá betr hvárratveggju handar, at þér komið eigi optar mik at hitta; ek mun enn annat sinn verja borg mína með þvílíkum vélum eða öðrum, svá at ekki vald munu þér á mér fá«. En er Þórr heyrði þessa tölu, greip hann til hamarsins ok bregðr á lopt; en er hann skal fram reiða, þá sér hann þar hvergi Útgarðaloka, ok þá snýsk hann aprí til borgarinnar, ok ætlask þá fyrir at brjóta borgina; þá sér hann þar völlu víða ok fagra, en önga borg. Snýsk hann þá aprí ok ferr leið sína, til þess er hann kom aprí í Þrúðvanga.

(Af Snorra Edda.)

2. Balders død.

Þat er upphaf þessar sögu, at Baldr enn góða dreymdi drauma stóra ok hættliga um líf sitt. En er hann sagði Ásunum draumana, þá báru þeir saman ráð sín, ok var þat gert, at beiða griða Baldri fyrir alls konar háska: ok Frigg tólk svardaga til þess, at eira skyldu Baldri eldr ok vatn, járn ok alls konar málmr, steinar, jörðin,

viðirnar, sóttirnar, dýrin, fuglarnir, eitr. ormar. En er þetta var gert ok vitat, þá var þat skemtun Baldrs ok Ásanna, at hann skyldi standa upp á þingum, en allir aðrir skyldu sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjóti. En hvat sem at var gert, sakaði hann ekki, ok pótti þetta öllum mikill frami. En er þetta sá Loki Laufeyjar son, þá líkaði hánum illa, er Baldr sakaði ekki. Hann gékk til Fensalar til Friggjar, ok brá sér í konu lfki; þá spyrr Frigg, ef sú kona vissi, hvat Æsir höfðusk at á þinginu. Hón sagði, at allir skutu at Baldri, ok þat, at hann sakaði ekki. Þá mælti Frigg: »eigi munu vápn eða viðir granda Baldri; eiða hefi ek þegit af öllum þeim«. Þá spyrr konan: »hafa allir hlutir eiða unnit at eira Baldri?« Þá svarar Frigg: »vex viðarteinungr einn fyrir austan Valhöll; sá er Mistilteinn kallaðr: sá pótti mér ungr at krefja eiðsins«. Því næst hvarf konan á braut; en Loki tók Mistiltein ok sleit upp ok gékk til þings. En Höðr stóð utarliga í mannhringinum; því at hann var blindr. Þá mælti Loki við hann: »hví skytr þú ekki at Baldri?« Hann svarar: »því at ek sé eigi, hvar Baldr er, ok þat annat, at ek em vápn-lauss«. Þá mælti Loki: »gerðu þó í líking annarra manna, ok veit Baldri scemd, sem aðrir menn; ek mun vísa þér til, hvar hann stendr: skjót at hánum vendi þessum«. Höðr tók Mistiltein, ok skaut at Baldri at tilvísun Loka: flaug skotit í gegnum hann, ok fóll hann dauðr til jarðar, ok hefir þat mest úhapp verit unnit með goðum ok mönnum. Þá er Baldr var fallinn, þá félusk öllum Ásum orðtök ok svá hendr at taka til hans, ok sá hverr til annars, ok váru allir með einum hug til þess, er unnit hafði verkit; en engi mátti hefna: þar var svá mikill griðastaðr. En þá er Æsir freistuðu at mæla, þá var hitt þó fyrr, at grátrinn kom upp, svá at engi mátti öðrum segja með orðunum frá sínum harmi. En Óðinn bar þeim mun verst benna skaða, sem hann kunni mesta skyn, hversu mikil aftaka ok missa Ásunum var í fráfalli Baldrs. En er goðin vitkuðusk, þá mælti Frigg ok spurði, hverr sá væri

með Ásum, er eignask vildi allar ástir hennar ok hylli, ok vili hann ríða á Helveg, ok freista, ef hann fái fundit Baldr, ok bjóða Helju útlausn, ef hón vill láta fara Baldr heim í Ásgarð. En sá er nefndr Hermóðr enn hvati, sveinn Óðins, er til þeirar farar varð. Þá var tekinn Sleipnir, hestr Óðins, ok leiddr fram, og steig Hermóðr á þann hest ok hleypti braut.

En Æsirnir tóku lík Baldrs ok fluttu til sævar. Hringhorni hét skip Baldrs, hann var allra skipa mestr; hann vildu goðin fram setja, ok gera þar á bálför Baldrs; en skipit gékk hvergi fram. Þá var sent í Jötunheima eptir gýgi þeiri, er Hyrrokkin hét; en er hón kom, ok reið vargi, ok hafði höggorm at taumum, þá hljóp hón af hestinum, en Óðinn kallaði til berserkí fjóra at gæta hestsins, ok féngu þeir eigi haldir, nema þeir feldi hann. Þá gékk Hyrrokkin á framstafn nökkvans, ok hratt fram í fyrsta viðbragði, svá at eldr hraut ór hlunnunum ok lönd öll skulfu. Þá varð Þórr reiðr ok greip hamarinn, ok mundi þá brjóta höfuð hennar, áðr en goðin öll báðu henni friðar. Þá var borit út á skipit lík Baldrs; ok er þat sá kona hans, Nanna Neps dóttir, þá sprakk hón af harmi ok dó; var hón borin á bálit, ok slegit í eldi. Þá stóð Þórr at, ok vígði bálit með Mjölni; en fyrir fótum hans rann dvergr nakkyvarr, sá er Litr nefndr, en Þórr spryrndi fæti sínum á hann, ok hratt hánum í eldinn, ok brann hann. En þessa brennu sótti margi konar þjóð: fyrst at segja frá Óðni, at með hánum fór Frigg, ok Valkyrjur ok hrafnar hans; en Freyr ók í kerru með gelti þeim, er Gullinbursti heitir eða Slíðrugtanni; en Heimdallr reið hesti þeim, er Gulltoppr heitir, en Freyja köttum sínum. Þar kœmr ok mikit fólk Hrímpursa, ok Bergrisar. Óðinn lagði á bálit gullhring þann, er Draupnir heitir; hánum fylgði síðan sú náttúra, at hina níundu hverja nótt drupu af hánum átta gullhringar jafnhöfgir. Hestr Baldrs var leiddr á bálit með öllu reiði.

En þat er at segja frá Hermóði, at hann reið níu

nætr dökks dala ok djúpa, svá at hann sá ekki, fyrr en hann kom til árinnar Gjallar ok reið á Gjallarbrúna; hón er þökt lýsigulli. Móðguðr er nefnd mær sú, er gætir brúarinnar; hón spurði hann at nafni eða aett, ok sagði, at hinn fyrra dag riðu um brúna fimm fylki dauðra manna: »en eigi dynr brúin minnr undir einum þér, ok eigi hefir þú lit dauðra manna; hví riðr þú hér á Helveg?« Hann svarar at »ek skal riða til Heljar at leita Baldrs, eða hvárt hefir þú nakkvat sét Baldr á Helvegi?« En hón sagði, at Baldr hafði þar riðit um Gjallarbrú: »en niðr ok norðr liggr Helvegr«. Þá reið Hermóðr, þar til er hann kom at Helgrindum; þá steig hann af hestinum, ok gyrdi hann fast, steig upp, ok keyrði hann sporum, en hestrinn hljóp svá hart ok yfir grindina, at hann kom hvergi nær. Þá reið Hermóðr heim til hallarinnar, ok steig af hesti, gékk inn í höllina, sá þar sitja í öndugi Baldr, bróður sínn, ok dvaldisk Hermóðr þar um nöttina. En at morgni, þá beiddisk Hermóðr af Helju, at Baldr skyldi riða heim með hánum, ok sagði, hversu mikill grátr var með Ásum. En Hel sagði, at þat skyldi svá reyna, hvárt Baldr var svá ástsæll, sem sagt er: »ok ef allir hlutir í heiminum, kykvir ok dauðir, gráta hann, þá skal hann fara til Ása aprtr, en haldask með Helju, ef nakkvarr mælir við, eða vill eigi gráta«. Þá stóð Hermóðr upp, en Baldr leiðir hann út ór höllinni, ok tók hrингinn Draupni, ok sendi Óðni til minja, en Nanna sendi Frigg ripti, ok enn fleiri gjafar, Fullu fingrgull. Þá reið Hermóðr aprtr leið sína, ok kom í Ásgarð, ok sagði öll tíðindi þau, er hann hafði sét ok heyrt.

Því næst sendu Æsir um allan heim örindreka, at biðja, at Baldr væri grátinn ór helju; en allir gerðu þat, menninir ok kykvendin ok jörðin ok steinarnir ok tré ok allr málmr: svá sem þú munt sét hafa, at þessir hlutir gráta, þá er þeir koma ór frosti ok í hita. Þá er sendimenn fóru heim, ok höfðu vel rekit sín örindi, finna þeir í helli nökkurum, hvar gygr sat; hón nefndisk Þökk. Þeir biðja hana gráta Baldr ór helju. Hón svarar:

»Þökk mun gráta
þurrum tárum
Baldrs bálfarar;

kyks né dauðs
nautka ek karls sonar:
haldi Hel því er hefir!«

En þess geta menn, at þar hafi verit Loki Laufeyjar son, er flest hefir ilt gert með Ásum.

(Af Snorra Edda.)

3. Lokes straf.

Þá er guðin váru orðin Loka svá reið, sem ván var, hljóp hann á braut, ok fal sik í tjalli nökkuru, gerði þar hús ok fjögur dyrr, at hann mátti sjá ór húsinu í allar áttir. En opt um daga brá hann sér í lax líki, ok falsk þá þar sem heitir Franangrs fors. Þá hugsaði hann fyrir sér, hverja vél Æsir mundu til finna, at taka hann í forsinum. En er hann sat í húsinu, tók hann língarn, ok reið á ræxna, svá sem net er síðan; en eldr brann fyrir hánum. Þá sá hann, at Æsir áttu skamt til hans, ok hafði Óðinn sét ór Hliðskjálfinni, hvar hann var. Hann hljóp þegar upp, ok út í ána, ok kastaði netinu fram á eldinn. En er Æsir koma til hússins, þá gékk sá fyrst inn, er allra var vitrastr, er Kvásir heitir; ok er hann sá á eldinum fölskann, er netit hafði brunnit, þá skildi hann, at þat mundi vél vera til at taka fiska, ok sagði Ásunum. Því næst tóku þeir ok gerðu sér net, eptir því sem þeir sá á fölska, at Loki hafði gert. Ok er búit var netit, þá fara Æsir til árinnar, ok kasta neti í forsinn; hélt Þórr enda ðörum, ok ðörum héldu allir Æsir, ok drógu netit. En Loki fór fyrir, ok leggsk niðr í milli steina tveggja; drógu þeir netit yfir hann, ok kendu, at kykt var fyrir, ok fara í annat sinn upp til forsins, ok kasta út netinu, ok binda við svá þungt, at eigi skyli undir mega fara. Ferr þá Loki fyrir netinu; en er hann sér, at skamt var til sævar, þá

hleypr hann upp yfir þinulinn, ok rennir upp í forsinn. Nú sá Æsirnir, hvar hann fór; fara enn upp til forsins, ok skipta liðinu í tvá staði, en Pórr veðr þá eptir miðri ánni, ok fara svá til sævar. En er Loki sér tvá kosti: var þat lfsháski at hlaupa á sæinn, en hitt var annarr, at hlaupa enn yfir netit: ok þat gerði hann, hljóp sem snarast yfir netþinulinn. Pórr greip eptir hánum, ok tók um hann, ok rendi hann í hendi hánum, svá at staðar nam höndin við sporðinn, ok er fyrir þá sök laxinn aptrmjór. Nú var Loki tekinn gríðalauss, ok farit með hann í helli nökurn. Þá tóku þeir þrjár hellur, ok settu á egg, ok lustu rauf á hellunni hverri. Þá váru teknir synir Loka, Vali ok Nari eða Narfi; brugðu Æsir Vala í vargs líki, ok reif hann í sundr Narfa, bróður sínn. Þá tóku Æsir þarma hans, ok bundu Loka með yfir þá þrjá steina, einn undir herðum, annarr undir lendum, þriði undir knésbótum, ok urðu þau bönd at járni. Þá tók Skaði eitrorm, ok festi upp yfir hann, svá at eitrit skyldi drjúpa ór orminum í andlit hánum; en Sigyn, kona hans, stendr hjá hánum, ok heldr mundlaugu undir eitrdropa. En þá er full er mundlaugin, þá gengr hón ok slær út eitrinu, en meðan drýpr eitrit í andlit hánum; þá kippisk hann svá hart við, at jörð öll skelfr; þat kalli þér landskjálfta. Þar liggr hann í böndum til ragnarökks.

(Af Snorra Edda.)

4. Fortællinger om Völsungerne.

1. Sigurds æt.

Sigmundr Völsungs son var konungr á Frakklandi. Sinfjötli var elztr hans sona, annarr Helgi, þriði Hámundr. Borghildr, kona Sigmundar, átti bróður, er hétt En Sinfjötli stjúpson hennar ok báðu einnar konu

báðir, ok fyr þá sök drap Sinfjötli hann. En er hann kom heim, þá bað Borghildr hann fara á braut; en Sigmundr bauð henni féböctr, ok þat varð hón at piggja.

En at erfinu bar Borghildr öl; hón tók eitr mikit horn fult ok bar Sinfjötla; en er hann sá í hornit, skildi hann, at eitr var í, ok mælti til Sigmundar: »gerótr er drykkrinn, ái!« Sigmundr tók hornit ok drakk af. Svá er sagt, at Sigmundr var harðgørr, at hvártí mátti hánum eitr granda utan né innan; en allir synir hans stóðusk eitr á hörund utan. Borghildr bar annat horn Sinfjötla ok bað drekka, ok fór alt sem fyrr. Ok enn it þróðja sinn bar hón hánum hornit ok þó ámælisorð með, ef hann drykki eigi af. Hann mælti enn sem fyrr við Sigmund. Hann sagði: »láttu grön sía þá, sonr!« Sinfjötli drakk ok varð þegar dauðr.

Sigmundr bar hann langar leiðir í fangi sér, ok kom at firði einum mjóvum ok löngum, ok var þar skip eitt lítit ok maðr einn á; hann bauð Sigmundi far of fjörðinn. En er Sigmundr bar líkit út á skipit, þá var bátrinn hlaðinn; karl mælti, at Sigmundr skyldi fara fyr innan fjörðinn. Karl hratt út skipinu ok hvarf þegar.

Sigmundr konungr dvaldisk lengi í Danmörk í ríki Borg-hildar, síðan er hann fékk hennar. Fór Sigmundr þá suðr í Frakkland til þess ríkis, er hann átti þar. Þá fékk hann Hjördísar, dóttur Eylimar konungs; þeira son var Sigurðr. Sigmundr konungr fóll í orrostu fyr Hundings sonum; en Hjördís giptisk þá Álfí, syni Hjálpreks konungs. Óx Sigurðr þar upp í barnæsku. Sigmundr ok allir synir hans váru langt um fram alla menn aðra um afl ok vöxt ok hug ok alla atgervi. Sigurðr var þó allra framastr, ok hann kalla allir menn í fornfrœðum um alla menn fram ok göfgastan herkonunga.

(Af den ældre Edda.)

2. Sigurd hævner sin fader og dræber Favner.

Reginn hét fóstri Sigurðar ok var Hreiðmars son; hann kendi hánum íþróttir, tafl ok rúnar ok tungur margar at mæla, sem þá var títt konungasonum, ok marga hluti aðra. Eitt sinn spurði Reginn Sigurð, er þeir váru bádir saman, ef hann vissi, hversu mikit fé faðir hans hefði átt, eða hverir þat varðveittu. Sigurðr svarar ok segir, at konungar varðveittu. Reginn mælti: »trúir þú þeim allvel?« Sigurðr svarar: »þat samir, at þeir varðveiti þar til, er oss haldkvæmisk, því at þeir kunnu betr at gæta en ek«. Annat sinn kemr Reginn at máli við Sigurð ok mælti: »kynligt er þat, er þú vilt vera hestasveinn konunga eða fara sem hlauparar«. Sigurðr svarar: »eigi er þat, því at vér ráðum öllu með þeim, er oss ok heimult þat, er vér viljum hafa«. Reginn mælti: »bið hann gefa þér einn hest!« Sigurðr svarar: »þegar mun þat, er ek vil«. Sigurðr hittir nú konunga; þá mælti konungr við Sigurð: »hvat viltu af oss þiggja?« Sigurðr svarar: »einn hest viljum vér þiggja oss til skemtanar.« Konungrinn mælti: »kjós þér sjálfr hest ok slíkt, er þú vill hafa af værri eigu«. Annan dag eptir fór Sigurðr til skógar ok með einum gömlum manni með síðu skeggi; sá var hánum úkunnigr; hann spyrr, hvert Sigurðr skyldi fara. Hann svarar: »hest skyldum vér kjósa; ráð um með oss!« Hann mælti: »fórum ok rekum til árinnar, er Busiltjörn heitir«. Peir reka hrossin út á djúp árinnar, ok leggjask at landi, nema einn hestr, hann tók Sigurðr; hann var grár at lit ok ungr at aldrí, mikill vexti ok vænn; engi hafði hánum á bak komit. Skeggmaðrinn mælti: »pessi hestr er kominn frá Sleipni, ok skal hann vandliga upp fœða, því at hann verðr hverjum hesti betri«; maðrinn hverfr þá. Sigurðr kallar hestinn Grana, ok hefir sá hestr beztr verit; Óðinn hafði hann hittan. Enn mælti Reginn til Sigurðar: »offlítit fé eigu þér; þat harmar oss, er þér hlaupið sem þorpara sveinar, en ek veit mikla félán at

segja þér, ok er þat meiri ván, at þat sé sómi at sökja ok virðing, ef þú næðir.« Sigurðr spyrr, hvar væri eða hvern varðveitti. Reginn svarar: »sá heitir Fáfnir, er hér liggr skamt héðan á brott, þat heitir Gnítahéiðr; ok er þú kenir þar, þá muntu þat mæla: aldri sáttu meira fé í gulli í einum stað, ok eigi þarfutu meira, þóttu verðir allra konunga elztr ok frægstr.« Sigurðr svarar: »kann ek kyn þessa orms, þótt vér sém ungar, ok hefi ek spurt, at engi þorir at koma á mótt hánum fyrir vaxtar sakir ok illsku.« Reginn svarar: »þat er ekki; sá vöxtur er eptir hætti lyngorma, ok er gert af miklu meira, en er, ok svá mundi þótt hafa enum fyrrum fræendum þínum; ok þótt Völsunga ætt sé at þér, þá muntu eigi hafa þeira skaplyndi, er fyrist eru taldir til alls frama.« Sigurðr svarar: »vera má, at eigi höfum vér mikit af þeira kappi eða snild, en eigi berr nauðsyn til at frýja oss, er vér erum enn lítt af barns aldrí; eða hví eggjar þú þessa svá mjök?« Reginn svarar: »saga er til þess, ok mun ek segja þér.« Sigurðr mælti: »lát mik heyra!«

»Pat er upphaf sögu þessar, at Hreiðmarr hét faðir mínn, mikill ok auðigr; son hans hét Fáfnir, en annarr hét Otr, ok var ek enn þriði, ok var ek minstr fyrir mér um atgervi ok yfirlát; kunna ek af járni gera ok af silfri ok gulli, ok af hverjum hlut gerða ek nökkvat nýtt. Otr bróðir mínn hafði aðra iðn ok náttúru; hann var veiðimaðr mikill ok um fram aðra menn ok var í otrs líki um daga ok var jafnan í ánni ok bar upp fiska með munni sér; veiðiföngin færði hann feðr sínum, ok var hánum þat mikill styrkr; mjök hefir hann otrs líki á sér, kom síð heim ok át blundandi ok einn saman, því at hann mátti eigi sjá, at þyrr. Fáfnir var miklu mestr og grimmastr ok vildi sitt eitt kalla láta alt þat, er var. Einn dvergr heitir Andvari — segir Reginn —; hann var jafnan í forsínum, er Andvarafors heitir, í geddu líki ok fékk sér þar matar, því at þar var fjöldi fiska í þeim forsí. Otr bróðir mínn fór jafnan í þenna fors ok bar upp fiska í munni sér ok lagði einn senn

á land. Óðinn, Loki, Hœnir fóru leiðar sínnar ok kómu til Andvarafors. Otr hafði þá tekit einn lax ok át blundandi á árbakkanum. Loki tók einn stein ok laust otrinn til bana. Æsir þóttusk mjök hepnir af veiði sínni ok flógu belg af otrinum. Þat kveld kómu þeir til Hreiðmars ok sýndu hánum veiðina; þá tóku vér þá höndum ok lögðum á þá gjald ok fjörlausn, at þeir fyldi belginn af gulli ok hyldi hann utan með rauðu gulli. Þá sendu þeir Loka at afla gullsins; hann kom til Ránar ok fékk net hennar, fór þá til Andvarafors ok kastaði netinu fyrir gedduna, en hón hljóp í netit; þá mælti Loki:

»Hvat er þat fiska,
er rennr flóði í,
kannat sér við víti varask?
höfuð pítt leystu
helju ór
ok finn mér lindar loga!«

»Andvari ek heiti,
Óinn hét mínn faðir,
margan hefik fors of farit;
aumlig norn
skóp oss í árdaga,
at ek skylda í vatni vaða..«.

Loki sér gull þat, er Andvari átti; en er hann hafði fram reitt gullit, þá hafði hann eptir einn hring, ok tók Loki hann af hánum. Dvergrinn gékk í steininn ok mælti, at hverjum skyldi at bana verða, er þann gullring ætti, ok svá alt gullit. Æsirnir reiddu Hreiðmari féit ok trúðu upp otrbelginn ok settu á festr; þá skyldu Æsirnir hlaða upp hjá gullinu ok hylja utan; en er þat var gert, þá gékk Hreiðmarr fram ok sá eitt granahár ok bað hylja. Þá dró Óðinn hringinn af hendi sér Andvaranaut ok hulti hárit. Þá kvað Loki:

»Gull er þér nu reitt,
en þú gjöld hefir
mikil míns höfuðs;
syni þínunum verðrat
sæla sköpuð,
þat er ykkarr beggja bani.«

Síðan drap Fáfnir föður sinn — segir Reginn — ok myrdi hann, ok náða ek engu af fínu. Hann gerðisk svá illr, at hann lagðisk út, ok unni öngum at njóta fjárlins nema sér ok varð síðan at enum versta ormi ok liggr nú á því fé. Síðan fór ek til konungs ok gerðumk ek smiðr hans; ok er þessi rœða til mínnar sögu, at ek missa föðurarfins ok bróðurgjaldanna». Gullit er síðan kallat otrsgjöld, ok hér dœmi af tekin. Sigurðr svarar: »mikit hefir þú látit, ok stórrillir hafa þínir frændr verit. Ger nú eitt sverð af þínum hagleik, þat er ekki sé jafngótt gert, ok ek mega vinna stórverk, ef hugr dugir, ef þú vilt, at ek drepa þenna enn mikla dreka». Reginn segir: »þat geri ek með trausti, ok munu mega drepa Fáfni með því sverði.«

Reginn gerir nú eitt sverð ok fær í hönd Sigurði. Hann tók við sverðinu ok mælti: »þetta er ilt smiði, Reginn!« ok hoggr í steðjann, ok brotnaði sverðit; hann kastar brandinum ok bað hann smiða annat betra. Reginn gerir annat sverð ok fær Sigurði; hann leit á. »Þetta mun þér líka, en vant mun yðr at smiða«. Sigurðr reynir þetta sverð ok brýtr sem et fyrra. Þá mælti Sigurðr til Reginns: »þú munt líkr vera enum fyrrum frændum þínum ok vera útrúr«; gékk nú til móður sínnar; hón fagnar hánum vel; talask nú við ok drekka. Þá mælti Sigurðr: »hvárt höfum vér rétt til spurt, at Sigmundr konungr seldi yðr sverðit Gram í tveim hlutum?« Hón svarar: »satt er þat«. Sigurðr mælti: »fá mér í hönd! ek vil hafa«. Hón - kvað hann líkligan til frama ok fær hánum sverðit. Sigurðr hittir nú Regin ok bað hann þar gera af sverð eptir efnunum. Reginn reiddisk ok gékk til smiðju með sverðsbrotin, ok

píkkir Sigurðr framgjarn um smíðina. Reginn gerir nú eitt sverð; ok er hann bar ór afflinum, sýndisk smiðju-sveinum, sem eldar brynni ór eggjunum; biðr nú Sigurð við taka sverðinu ok kvezk eigi kunna sverð at gera, ef þetta bilar. Sigurðr hjó í steðjann ok klauf niðr í fótinn, ok brast eigi né brotnaði; hann lofaði sverðit mjök ok fór til árinnar með ullanlagð ok kastar í gegn straumi, ok tók í sundr, er hann brá við sverðinu; gékk Sigurðr þá glaðr heim. Reginn mælti: »efna muni þér heit yður nú, er ek hefi gert sverðit, ok hitta Fáfni«. Sigurðr svarar: »efna munum vér, ok þó annat fyrr, at hefna föður míns«. Sigurðr var því ástsælli, sem hann var ellri, af öllu fólk, svá at hvert barn unni hánum hugástum.

Gripir hét maðr ok var móðurbróðir Sigurðar; en lítlu síðar, en sverðit var gert, fór hann á fund Gripis, því at hann var framvíss ok vissi fyrir orlög manna. Sigurðr leitar eptir, hversu ganga man ævi hans; en hann var þó lengi fyrir ok sagði þó loksns við ákafliga bœn Sigurðar öll forlög hans, eptir því sem eptir gékk síðan. Ok þá er Gripir hafði þessa hluti sagða, sem hann beiddi, þá reið hann heim. Ok brátt eptir þat finnask þeir Reginn; þá mælti hann: »drep Fáfni, sem þér hétuð!« Sigurðr svarar: »gera skal þat, ok þó annat fyrr, at hefna Sigmundar konungs og annarra frænda várra, er þar félru í þeiri orrostu«.

Nú hittir Sigurðr konunga ok mælti til þeira: »hér höfum vér verit um hríð, ok eigum vér yðr ástsemd at launa ok mikla virðing; en nú viljum vér ór landi fara ok finna Hundings sonu, ok vilda ek, at þeir vissi, at Völsungar væri eigi allir dauðir; viljum vér hafa þar til yðarn styrk«. Konungar kváðusk alt vilja til fá, þat er hann beiddisk. Er nú búit lið mikil ok alt vandat sem mest, skip ok allr herbúnaðr, svá at hans ferð væri þá vegligri en áðr. Sigurðr stýrir dreka þeim, er mestr var ok ágætligastr; segl þeira váru mjök vönduð ok ítarlig st sjá. Sigla þeir nú góðan byr; ok er fá dœgr váru liðin, þá kom á veðr

mikit með stormi, en svá var sjárin, sem í roðru sæi. Eigi bað Sigurðr svipta seglunum, þótt rifnuðu, heldr bað hann hæra setja en áðr. Ok er þeir sigldu fram fyrir bergenös nökkura, þá kallaði maðr upp á skipit ok spyrr, hvern fyrir liðinu eigi at ráða. Hánum var sagt, at þar var höfðingi Sigurðr Sigmundarson, er nú er frægstr ungra manna. Maðrinn svarar: »allir segja þar eitt frá hánum, at eigi megi konungasynir jafnask við hann; vilda ek, at þér feldið seglin á nökkuru skipinu, ok tæki pér við mér«. Peir spurðu hann at nafni. Hann svarar:

»Hnikar hétu mik,
þá er ek hugin gladda,
Völsungr ungi!
ok veget hafða;
nú máttu kalla
karl af bjargi
Feng eða Fjölni,
far vil ek þiggja«.

Þeir viku at landi ok tóku karl á skip sín; þá tók af veðrit, ok fara, unz þeir koma at landi í ríki Hundings sona; þá hvarf Fjölnir. Þeir láta þegar geisa eld og járn, drepa menn, en brenna bygðina, ok eyða þar sem þeir fara; stókr fjöldi undan á fund Lynga konungs, og segja, at herr er kominn í landit ok ferr með meira geysingi, en döemi finnisk til; kváðu Hundings sonu eigi langsýna, þá er þeir sögðusk eigi mundu hræðask Völsunga, »en nú stýrir þessum her Sigurðr Sigmundarson«. Lyngi konungr lætr nú fara um alt sít ríki herboð, vill eigi á flóttu leggjask, stefnir til sín öllum þeim mönnum, er hánum vilja lið veita; kemr nú á móti Sigurði með allmikinn her, ok breðr hans með hánum; teksk þar en harðasta orrosta með þeim; mátti þar á lopti sjá mart spjót ok örvar margar, øxi hart reidda, skjöldu klofna ok brynjur slitnar, hjálma skífða, hausa klofna ok margan mann steypask til jarðar. Ok er

orrostan hefir svá staðit mjök langa hríð, sœkir Sigurðr fram um merkin ok hefir í hendi sverðit Gram; hann hœggr bæði menn ok hesta ok gengr í gegnum fylkingar ok hefir báðar hendr blóðgar til axlar, ok stökk undan fólk, þar sem hann fór, ok hélzk hvárki við hjálmr né brynda, ok engi maðr þóttisk fyrr-sét hafa þvíliskanmann. Þessi orrosta stóð lengi með miklu mannfalli ok ákafri sókn; ferr þar, sem sjaldnar kann henda, þá er landherrinn sœkir til, at þat kom fyrir ekki; fíll þar svá mart fyrir Hundings sonum, at engi maðr vissi töl á. Ok er Sigurðr var framarla í fylkingu, þá koma á mótt hánum synir Hundings konungs. Sigurðr hœggr til Lynga konungs ok klýfr hjálm hans ok höfuð ok bryndaðan búk, ok síðan hœggr hann Hjörvarð, bróður hans, sundr í tvá hluti, ok þá drap hann alla Hundings sonu, er eptir lifðu, ok mestan hluta liðs þeira. Ferr Sigurðr nú heim með fögrum sigri ok miklu fé ok ágæti, er hann hafði fengit í þessi ferð; váru nú veizlur gervar í mótt hánum heima í ríkinu. — Ok er Sigurðr hefir skamma stund heima verit, kemr Reginn at máli við Sigurð ok segir: »nú munu þér vilja steypa hjálminum Fáfnis, svá sem þér hétuð, því at nú hefir þú hefnt föður þíns ok annarra frænda þínna«. Sigurðr svarar: »efna munu vér þat, sem vér höfum þar um heitit, ok ekki fellr oss þat ór minni«.

Nú ríða þeir Sigurðr ok Reginn upp á heiðina á þann farveg, er Fáfnir var vanr at skríða, er hann fór til vatns, ok þat er sagt, at sá hamarr var þritugr, er hann lá at vatni, þá er hann drakk. Þá mælti Sigurðr: »þat sagðir þú, Reginn! at dreki sjá væri eigi meiri en einn lyngormr, en mér sýnask vegar hans æfar miklir«. Reginn mælti: »ger gröf eina ok sezk þar í; ok þá er ormriðn skrifðr til vatns, legg þá til hjarta hánum ok vinn hánum svá bana; þar fyrir fær þú mikinn frama«. Sigurðr mælti: »hvorsu man þá veita, ef ek verð fyrir sveita ormsins?« Reginn svarar: »eigi má þér ráð ráða, er þú ert við hvatvetna hræddr, ok ertu úlíkr þínum frændum at hughreysti«. Nú

riðr Sigurðr á heiðina, en Reginn hverfr í brott yfrit hræddr. Sigurðr gerði gröf eina; ok er hann er at þessu verki, kemr at hánum einn gamall maðr með síðu skeggi ok spyr, hvat hann gerir þar; hann segir; þá svarar enn gamli maðr: »þetta er úráð; ger fleiri grafar ok lát þar í renna sveitann, en þú sit í einni ok legg til hjartans orminum!« Þá hvarf sá maðr á brottu; en Sigurðr gerir grafar eptir því, sem fyrir var sagt. Ok er ormriðn skreið til vatns, varð svá mikill landskjálfti, svá at öll jörð skalf í nánd; hann fnýsti eitri alla leið fyrir sik fram, ok eigi hræddisk Sigurðr né óttask við þann gný. Ok er ormriðn skreið yfir gröfina, þá leggr Sigurðr sverðinu undir böxlit vinstra, svá at við hjöltum nam. Þá hleypr Sigurðr upp ór gröfinni ok kippir at sér sverðinu ok hefir allar hendr blóðgar upp til axlar. Ok er enn mikli ormr kendi síns banasárs, þá laust hann höfðinu ok sporðinum, svá at alt brast í sundr, er fyrir varð. Ok er Fáfnir fékk banasár, spurði hann: »hvorr ertu, eða hvorr er þínn faðir, eða hver er ætt þín, er þú vart svá djarfr. at þú þorðir at bera vápn á mik?« Sigurðr svarar: »ætt mínn er mönnum úkunnig, ek heiti göfugt dýr, ok á ek engan föður né móður, ok einn saman hefi ek farit«. Fáfnir svarar: »ef þú átt engan föður né móður, af hverju undri ertu þá alinn? ok þótt þú segir mér eigi þitt nafn á banadœgri mínu, þá veitzu, at þú lýgr nú«. Hann svarar: »ek heiti Sigurðr, en faðir mínn Sigmundr«. Fáfnir svarar: »hvorr eggjaði þik þessa verks, eða hví léttu at eggjask? hafðir þú eigi frétt þat, hversu alt fólk er hrætt við mik ok við mínn œgishjálm? enn fráneygi sveinn! þú áttir föður snarpan«. Sigurðr svarar: »til þessa hvatti mik enn harði hugr, ok stoðaði til, at gert yrði, þessi en sterka hönd ok þetta et snarpa sverð, er nú kendir þú, ok fár er gamall harðr, ef hann er í bernsku blauðr«. Fáfnir segir: »veit ek, ef þú vex upp með fræendum þínum, at þú mundir kunna at vega reiðr, en þetta er meiri furða, er einn bandingi her-tekinn skal porat hafa at vega at mér, því at fár hernuminn

er frœkn til vígs«. Sigurðr mælti: »bregðr þú mér, at ek væra fjarri mínum frændum; en þótt ek væra hernuminn, þá var ek þó eigi heptr, ok þat fanntu, at ek var lauss«. Fáfnir svarar: »heipyrði tekr þú hvelvetna þat, er ek mæli, en gull þetta mun þér at bana verða, er ek hefi átt«. Sigurðr svarar: »hyerr vill fé hafa alt til ens eina dags, en eitt sinn skal hyerr deyja«. Fáfnir mælti: »fátt vill þú at mínum dœmum gera, en drukna muntu, ef þú ferr um sjá úvarliga, ok bíð heldr á landi, unz logn er«. Sigurðr mælti: »seg þú þat, Fáfnir! ef þú ert fróðr mjök: hverjar eru þær norðir, er kjósa mögu frá mœðrum?« Fáfnir svarar: »margar eru þær ok sundrlausar, sumar eru Ása ættar, sumar eru Álfa ættar, sumar eru dœtr Dvalins«. Sigurðr mælti: »hvé heitir sá hólmr, er blanda hjörlegi Surtr ok Æsir saman?« Fáfnir svarar: »hann heitir Úskaptr«. Ok enn mælti Fáfnir: »Reginn, bróðir mínn, veldr mínum dauða, ok þat hlegir mik, er hann veldr ok þínum dauða, ok ferr þá, sem hann vildi«. Enn mælti Fáfnir: »ek bar øgishjálm yfir öllu fólk, síðan ek lá á arfi míns bróður, ok svá fnýsta ek eitri alla vega frá mér í brott, at engi þorði at koma í nánd mér, ok engi vápn hræddumk ek, ok aldri fann ek svá margan mann fyrir mér, at ek þöttumk eigi miklu sterkari, en allir váru hrædir við mik«. Sigurðr mælti: »sá øgishjálmr, er þú sagðir frá, gefr fám sigr, því at hvern sá, er með mör gum kemr, má þat finna eitthvert sinn, at engi er einna hvat- astr«. Fáfnir svarar: »þat ræð ek þér, at þú takir hest þínn ok ríðir á brott sem skjótast, því at þat hendir opt, at sá, er banasár fær, hefnir sín sjálfir«. Sigurðr segir: »þetta eru þín ráð, en annat mun ek gera; ek mun ríða til þíns bóls ok taka þar þat et mikla gull, er frændr þímir hafa átt«. Fáfnir svarar: »ríða muntu þar til, er þú finnr svá mikil gull, at gert er um þína daga, ok þat sama gull verðr þínn bani ok hvers annuars, er þat á«. Sigurðr stóð upp ok mælti: »heim munda ek ríða, þótt ek mista pessa ens mikla fjár, ef ek vissa, at ek skylda aldri deyja, en

hverr frœkn maðr vill fé ráða alt til ens eina dags; en þú, Fáfnir! ligg í fjörbrotum, þar er þik Hel hafi; ok þá deyr Fáfnir.

Eptir þetta kom Reginu til Sigurðar ok mælti: »heill, herra mínn! mikinn sigr hefir þú unnit, er þú hefir drepit Fáfni, er engi varð fyrr svá djarfr, at á hans götu þorði sitja, ok þetta fremdarverk mun uppi, meðan veröldin stendr«. Nú stendr Reginn ok sér niðr í jörðina langa hríð; ok þegar eptir þetta mælti hann af miklum móði: »bróður mínu hefir þú drepit! ok varla má ek þessa verks saklauss vera«. Nú tekr Sigurðr sítt sverð Gram ok þerrir á grasinu, ok mælti til Regins: »fjarri gékktu þá, er ek vann þetta verk, ok ek reynda þetta snarpa sverð með mínni hendi, ok mínu affi atta ek við orms megin, meðan þú látt í einum lyngrunni, ok vissir þú eigi, hvárt er var himinn eða jörð«. Reginn svarar: »þessi ormr mætti lengi ligga í sínu bóli, ef eigi hefðir þú notit sverðs þess, er ek gerða þér mínu hendi, ok eigi hefðir þú þetta enn unnit ok engi annarra«. Sigurðr svarar: »þá er menn koma til vígs, þá er manni betra gótt hjarta, en hvast sverð«. Þá mælti Reginn við Sigurð af áhyggju mikilli: »þú drapt míun bróður, ok varla má ek þessa verks saklauss«. Þá skar Sigurðr hjartat ór orminum með því sverði, er Riðill hétt. Þá drakk Reginn blóð Fáfnis ok mælti: »veit mér eina bœn, er þér er lítit fyrir: gakk til elds með hjartat ok steik, ok gef mér at eta«. Sigurðr fór ok steikti á teini; ok er freyddi ór, þá tók hann fingri sínum á ok skynjaði, hvárt steikt væri; hann brann ok brá fingrinum í munni sér; ok er hjartablóð ormsins kom á tungu hánum, þá skildi hann fuglarödd; hann heyrði, at igður klökuðu á hrísinu hjá hánum: »þar sitr Sigurðr ok steikir Fáfnis hjarta; þat skyldi hann sjálfir eta, þá mundi hann verða hverjum manni vitrari«. Önnur segir: »þar liggr Reginn ok vill véla þann, sem hánum trúir«. Þá mælti en þriðja: »höggvi hann þá höfuð af hánum, ok má hann þá ráða gullinu því enu mikla einn«. Þá mælti

en fjórða: »þá væri hann vitrari, ef hann hefði þat, sem þær höfðu ráðit hánum, ok riði síðan til bóls Fáfnis ok tæki þat et mikla gull, er þar er, ok riði síðan upp á Hindarfjall, þar sem Brynhildr sefr, ok mun hann nema þar mikla speki, ok þá væri hann vitr, ef hann hefði yður ráð ok hygði hann um sína þyrft, ok þar er mér úlfsins ván, er ek eyrun sá«. Þá mælti en fimta: »eigi er hann svá horskr, sem ek ætlaða, ef hann vægir hánum, en drepit áðr bróður hans«. Þá mælti en séttá: »þat væri snjallræði, ef hann dræpi hann ok réði einn fénu«. Þá mælti Sigurðr: »eigi munu þau úsköp, at Reginn sé mínn bani, ok heldr skulu þeir fara báðir brœðr einn veg«; bregðr nú sverðinu Gram ok høggr höfuð af Regin; ok eptir þetta etr hann suman hlut hjartans ormsins, en sumt hirðir hann; hleypr síðan á hest sinn ok reið eptir slóð Fáfnis ok til hans herbergis ok fann, at þat var opit, ok af járni hurðirnar allar ok þar með allr dyra-umbúningrinn, ok af járni allir stokkar í húsinu, ok grafit í jörð niðr. Sigurðr fann þar stórmikit gull ok sverðit Hrotta, ok þar tók hann øegisjhálm ok gullbrynjuna ok marg aðýrgripi. Hann fann þar svá mikit gull, at hánum þótti ván, at eigi mundi meira bera tveir hestar eða þrír; þat gull tekr hann alt ok berr í tvær kistur miklar, tekr nú í tauma hestinum Grana; hestrinn vill nú eigi ganga, ok ekki tjár at keyra. Sigurðr finur nú, hvat hestrinn vill, hleypr hann á bak ok lýstr hann sporum, ok renur sjá hestr, sem lauss væri.

(Af Völsunga saga.)

5. Sværdet Tyrving og holmgangen på Samsø.

Konungr hét Sigrlami; svá er sagt, at hann væri sun Óðins. Hans sun hét Svafrlami. Hann tók ríki eptir föður sín; hann var enn mesti hermaðr.

Ok einn dag er konungr reið á veiðar, ok ham varð einn sínna manna, — hann sá einn stein mikinn við sólarsetr, ok þar hjá dverga tvá. Konungr vígði þá utan steins með málasaxi; þeir beiddu fjörlausnar. Konungr mælti: »hvat heiti þit?« Annarr nefndisk Dvalinn, en annarr Dulinn. Konungr mælti: »af því at þit eruð allra dverga hagastir, þá skulu þit gera mér sverð, sem bezt kunni þit; hjöltin ok meðalkaflinn skal vera af gulli; þat skal svá bíta járn, sem klæði, ok aldrí ryðr á festask; því skal fylgja sigr í orrostum ok einvígjum, hverjum er berr«. Þessu játa þeir. Konungr ríðr heim. En er stefnudagr kemr, þá ríðr konungr til steinsins; eru þá dvergarnir úti, ok féngu konungi sverðit, ok var et fríðasta. En er Dvalinn stóð í steinsdurum, þá mælti hann: »sverð þitt, Svafrlami! verðr manns bani hvort sinn er brugðit er, ok með því skulu unnin vera þrjú níðingsverk; þat skal ok verða þinn bani«. Þá hjó konungr sverðinu til dverganna, hlupu þeir í steininn; höggit kom ok í steininn, ok fal báða eggteina, því at dyrrnar lukusk aptr á steininum. Konungr kallaði sverðit Tyrfing, ok bar hann jafnan síðan í orrostum ok einvígjum, ok hafði jafnan sigr. Konungr átti dóttur, er hét Eyfura; hón var kvenna vænst ok vitrust.

Arngrímr var þá í víking í Austrveg um Bjarmaland; hann herjaði í ríki Svafrlama konungs, ok átti orrostu við hann, ok áttusk þeir vápnaskipti við, ok hjó konungr til hans. Arngrímr kom fyrir sik skildinum, ok tók af skjaldarsporðinn, ok nam sverðit í jörðu staðar. Þá hjó Arngrímr af konungi höndina, ok féll þá niðr Tyrfingr. Arngrímr þreif sverðit Tyrfing, ok hjó með konunginn fyrst, ok síðan marg aðra. Tók hann þar herfang mikit, ok flutti brott með sér Eyfuru, konungs dóttur, ok flutti hann hana heim til bús síns í Bólum. Hann átti með henni tólf syni: Angantýr var elztr, þá Hervarðr, þá Hjörvarðr, Sæmingr ok Hrani, Brami, Barri, Reifnir, Tindr ok Bíui, ok tveir Haddingjar, ok unnu þeir báðir eins verk, því at

þeir váru tvíburar ok yngstir; en Angantýr vann tveggja verk, hann var ok höfði hæri enn aðrir menn. Allir váru þeir berserkir ok um fram aðra menn at afli ok áræði. En þó at þeir foari í hernað, þá váru þeir aldri fleiri á skipi en tólf brœðr. Þeir fóru víða um lönd at herja, ok váru mjök sigrsælir, ok urðu enir frægstu. Angantýr hafði Tyrfing, en Sæmingr Mistiltein, Hervarðr Hrotta, ok allir höfðu þeir ágæt hólmgöngusverð. En þat var síðvenja þeira, þá er þeir váru með sínum mönnum einum, at þá er þeir fundu, at berserksgangr kom at þeim, fóru þeir á land upp, ok brutusk við skóga eða stóra steina; því at þeim hafði þat orðit, at þeir höfðu drepit menn sína ok hroðit skip sín; stórar sögur fóru af þeim ok mikil frægð.

Einn jólaaptan í Bólm þá strengði Hjörvarðr heit at Bragarfulli, sem síðvenja var til, at hann skyldi eiga dóttur Yngva konungs at Uppsöldum, Ingibjörgu, þá mey er fagrst var ok vitrust á danska tungu, eða falla at öðrum kosti, ok eiga enga konu aðra. Eigi er sagt af fleirum heit-strengingum þeira.

Sú náttúra fylgði Tyrfingi, at hvert sinn er hann var ór slíðrum dreginn, þá lýsti af sem af geisla, þó at myrkt væri, ok hann skyldi slíðra með vörmu mannsblöði; ekki lifði þat ok til annars dags, er blæddi af hánum; hann er mjök frægr í öllum fornsögum.

Þat sumar fóru þeir brœðr til Uppsala í Svíaríki, ok géngu inn í höllina fyrir konung, ok segir Hjörvarðr hánum heit-strenging sína, ok þat með, at hann vill fá dóttur hans; allir hlýddu, er inni váru. Hjörvarðr bað konung segja, hvert þeira erindi skyldi vera. Í því sté fram yfir borðit Hjálmar enn hugumstóri, ok mælti til konungs: »minnizk, herra! hversu mikla söemd ek hefir þér unnit, síðan ek kom í yðart ríki, ok í mörgum lífsháska fyrir yðr verit; ok fyrir mína þjónustu bið ek, at þér giptið mér dóttur yðra; þykkjumk ek ok makligri mína bœn at þiggja en berserkir þessir, er hverjum manni gera ilt«. Kon-

ungr hugsar fyri sér, ok þykkir þetta mikill vandi, hversu þessu skal svara, svá at minst vandræði mætti af standa, ok svaraði um síðir: »þat vil ek, at Ingibjörg kjósi sér sjálf mann, hvern hón vill hafa«. Hón segir: »ef þér vilið mik manni gipta, þá vil ek þann eiga, er mér er áðr kunnigr at góðum hlutum, en eigi þann, er ek hefir ekki af annat en sögur einar, ok allar illar«. Hjörvarðr mælti: »ekki vil ek hnippask orðum við þik, því at ek sé, at þú elskar Hjálmar; en þú, Hjálmar! kom suðr á Sámsey til hólmgöngu við mik, ella ver hvers manns níðingr, ef þú kemr eigi at miðju sumri at ári«. Hjálmar kvað sik ekki dvelja at berjask. Fóru Arngríms synir heim til föður síns, ok sögðu hánum svá gert; hann kvezk ekki fyrr hafa óttask um þá en nú.

Váru þeir heima um vetrinn; ok um várit bjoggusk þeir heiman, ok fara fyrst til Bjartmars jarls, ok tóku þeir þar veizlu. Ok um kveldit beiddisk Angantýr, at jarl gipti hánum dóttur sína; ok þetta sem annat var gert eptir þeira vilja, at brúðlaup var gert; ok síðan bjoggusk Arngríms synir brott. Ok þá nött áðr þeir fara dreymdi Angantý draum, ok sagði jarlinum: »ek þóttumk vera staddir í Sámsey ok brœðr mínr; þar fundu vér marga fugla, ok drápum alla, er vér sám; ok síðan þótti mér, sem þeir sneri annan veg á eyna, ok flugu móti oss ernir tveir, ok gékk ek móti öðrun, ok áttumsk vit hart viðrskipti saman; ok um síðir settumsk vit niðr, ok várum til enkis færir; en annarr arinn átti við ellisu brœðr mína, ok vann alla þá«. Jarl segir: »þar var þér sýnt fall ríkra manna«.

En er þeir brœðr koma heim, búask þeir til hólms-tefnu, ok leiðir faðir þeira þá til skips, ok gaf þá sverðit Tyrfing Angantý: »hygg ek«, sagði hann, »at nú muni þörf vera góðra våpna«; hann biðr þá nú vel fara; eptir þat skiljask þeir.

Ok er þeir brœðr koma í Sámsey, sjá þeir, hvar

tvau skip liggja í höfn þeiri, er Unavágr heitir; þau skip hétu askar. Þeir þóttusk vita, at Hjálmarr mundi þessi skip eiga ok Oddr enn víðförl, er kallað var Örvaroddr. Brugðu Arngríms synir sverðum, ok bitu í skjaldarrendr, ok kom á þá berserksgangr; þeir géngu þá sex út á hvern askinn; en þar váru svá góðir drengir innan borðs, at allir tóku sín vápn, ok engi flýði ór sínú rúmi, ok engi mælti æðruorð. En berserkirnir géngu með öðru borði fram, en öðru aptr, ok drápu þá alla; síðan géngu þeir á land upp grenjandi. Hjálmarr ok Oddr höfðu gengit upp á eyna at vita, ef berserkirnir væri komnir; ok er þeir géngu ór skóginum til skipa sínna, þá géngu berþerkir út af skipum þeira með blóðgum vápnum ok brugðnum sverðum; ok var þá genginn af þeim berserksgangrinn, en þá verða þeir máttmiuni en þess á milli sem eptir nökkrus kyns sóttir. Þá kvað Oddr:

»Þá var mér ótti
einu sinni,
er þeir grenjandi
géngu af öskum,
ok emjandi
á ey stigu,
tírarlausir,
váru tólf saman.«

Þá mælti Hjálmarr til Odds: »sér þú nú, at fallnir eru menn okkrir allir, ok sýnisk mér nú líkast, at vér munum allir Óðin gista í kveld í Valhöllu«; ok þat eitt segja menn, at Hjálmarr hafi mælt æðruorð. Oddr svarar: »þat mundi mitt ráð vera, at vit flýðum undan á skóg, ok munu vit ekki mega tveir berjask við tólf, er drepit hafa tólf ena frœknustu menn, er váru í Svíarfíki«. Þá mælti Hjálmarr: »flýjum vit aldri undan óvinum okkrum ok þolum heldur vápn þeira; fara vil ek at berjask við berserkir.« Oddr svarar: »en ek nenni eigi at gista Óðin í kveld, ok skulu

pessir allir dauðir, berserkir, áðr kveld sé, en vit tveir lifa«. Þetta viðrmæli þeira sanna þessar vísur, er Hjálmarr kvað:

»Fara halir hraustir
af herskipum,
tólf menn saman
tírarlausir;
vit munum í aptan
Óðin gista
tveir berserkir
en þeir tólf lifa.«

Oddr svarar:

»Því mun orði
audsvör veita:
þeir munu í aptan
Óðin gista
tólf berserkir,
en vit tveir lifa.«

Þeir Hjálmarr sá, at Angantýr hefir Tyrfing í hendi, því at lýsti af sem sólaugeisla. Hjálmarr mælti: »hvárt viltu eiga við Angantýr einn eðr við broðr hans ellifu?« Oddr svarar: »ek vil berjask við Angantýr, hann mun gefa stór högg med Tyrfingi, en ek trúi betr skyrtu mínni, en brynu þínni, til hlífðar.« Hjálmarr mælti: »hvar kómu vit þar til orrostu, at þú géngir fram fyrir mik? Því viltu berjask við Angantýr: þér þykkir þat meira þrekvirki; nú em ek höfuðsmáðr þessar hólmgöngu; hét ek öðru konungs dóttur í Svíþjóðu, en láta þik eðr annan ganga í þetta einvígí fyrí mik, ok skal ek berjask við Angantýr; ok brá þá sverðinu, ok gékk fram í móti Angantýr; ok vísaði hvárr öðrum til Valhallar. Snúask þeir í móti Hjálmarr ok Angantýr ok láta skamt stórra höggva á milli.

Oddr kallar á berserki, ok kvað:

»Einn skal við einn
eiga, nema sé deigr,
hvatra drengja,
eðr hugr bili.«

Þá gékk fram Hjörvarðr, ok áttusk þeir Oddr við hart vápnaskipti, en silkiskyrta Odds var svá traust, at ekki vápn festi á, en hann hafði sverð svá gótt, at svá beit brynu sem klæði; ok fá högg hafði hann veitt Hjörvarði, aðr hann féll dauðr. Þá gékk til Hervarðr, ok fór sömu leið; þá Hrani, þá hvern at öðrum; en Oddr veitti þeim svá harða atsókn, at alla feldi hann þá ellifu brœðr. En frá leik þeira Hjálmars er þat at segja, at hann fékk sextán sár, en Angantýr féll dauðr.

Oddr gékk þar til er Hjálmar var, ok kvað:

»Hvat er þér, Hjálmar!
hefir þú lit brugðit,
þík kveð ek mæða
margar undir;
hjálmr er þínn höggvinn
ok en síða brynja,
nu kveð ek fjörví
of farit þínu.«

Hjálmar kvað:

»Sár hefi ek sextán,
slitna brynju,
svart er mér fyrir sjónum
sékat ek ganga;
hneit mér við hjarta
hjörr Angantýs,
hvass blóðrefill,
herðr í eitri.«

Ok enn kvað hann:

»Áttak at fullu
fimm tún saman,
en ek því aldri
unda ráði;
nú verð ek liggja
lífs andvani,
sverði sundraðr,
í Sámseyju.«

»Drekka í höllu
húskarlar mjöð,
menjum göfgir
at míns föður;
mœðir marga
munngát-fenja,
en mik eggja spor
í eyju þjá.«

»Hvarf ek frá hvítri
hlaðbeðs gunni
á Agnafit
útanverðri;
saga mun sannask,
sú er hón sagði mér,
at aptr koma
eigi mundak.«

»Hvarf ek frá fögrum
fljóða söngvi,
útrauðr gamans,
austr við Sóta;
för skundaðak,
ok fórk í lið
hinsta sinni
frá hollynum.«

»Drag þú mér af hendi
hring enn rauða,
fær þú enni ungu
Ingibjörgu!
Sá mun henni
hugfastr tregi,
er ek eigi kem
til Uppsala.«

»Hrafn flýgr austan
af hám meiði,
flýgr hánum eptir
örn í sinni;
þeim gef ek erni
efstum bráðir,
sá mun á blóði
bergja mínu.«

Eptir þat deyr Hjálmar.

Oddr segir þessi tíðindi heim í Svíþjóð; en konungs dóttir má eigi lifa eptir hann, ok ræðr sér sjálf bana. Angantýr ok brœðr hans váru lagðir í haug á Sámsey með öllum vápnum sínum.

(Af Hervarar saga.)

6. Roly krake.

Konungr einn í Danmörk er nefndr Hrólfr kraki; hann er ágætastr fornkonunga, fyrst af mildi ok frœknleik ok lítillæti. Þat er eitt mark um lítillæti hans, er mjök er fært í frásagnir, at einn lítill sveinn ok fátekr er nefndr Vöggr; hann kom í höll Hrólfs konungs; þá var konungrinn ungr at aldri ok grannligr á vöxt. Þá gékk Vöggr fyrir hann, ok sá upp á hann. Þá mælti konungrinn: »hvat

viltu mæla, sveinu! er þú sér á mik?« Vöggr svarar: »þá er ek var heima, heyrðak sagt, at Hrólfr konungr at Hleidru var mestr maðr á Norðrlöndum, en nú sitr hér í hásæti kraki einn lítill, ok kalli þér hann konung sínn«. Þá svarar konungrinn: »þú sveinn hefir gefit mér nafn, at ek skal heita Hrólfr kraki; en þat er titt, at gjöf skal fylgja nafnfesti. Nú sé ek þik enga gjöf hafa til at gefa mér at nafnfesti, þá er mér sé þægilig; nú skal sá gefa öðrum, er til hefir; tók gullhring af hendi sér ok gaf hánum. Þá mælti Vöggr: »gef þú allra konunga heilastr, ok þess strengi ek heit, at verða þess manns bani, er þínn bana-maðr verðr«. Þá mælti konungr ok hló við: »lítlu verðr Vöggr feginn«.

Annat mark var þat sagt frá Hrólfi kraka um frœknileik hans, at sá konungr réð fyrir Uppsöldum, er Aðils hét; hann átti Yrsu, móður Hrólfs kraka. Hann hafði úsætt við þann konung, er réð fyrir Noregi, er Áli hét. Þeir stefndu orrostu milli sín á ísi vatns þess, er Veni heitir. Aðils konungr sendi boð Hrólfi kraka, mági sínum, at hann kvæmi til liðveizlu við hann, ok hét mála öllum her hans, meðan þeir væri í ferðinni; en konungr sjálfr skyldi eignask þrjá kostgripi þá, er hann kaus ór Svíþjóð. Hrólfr konungr mátti eigi fara fyrir úfriði þeim, er hann átti við Saxa, en þó sendi hann Aðilsi berserkí sína tólf: þar var einn Böðvarr bjarki og Hjalti hugprúði, Hvítserkr hvati, Vöttr, Viðseti, þeir broðr Svipdagr og Beiguðr. Í þeiri orrostu fél Alí konungr ok mikill hluti liðs hans. Þá tók Aðils konungr af hánum dauðum hjálminn Hildisvíñ, ok hest hans Hrafni. Þá beiddusk þeir berserkir Hrólfs kraka at taka mála sínn, þrjú pund gulls hvern þeira, ok um fram beiddusk þeir at flytja Hrólfi kraka kostgripi þá, er þeir kuru til handa hánum: þat var hjálminn Hildigöltr ok brynján Finnsleif, er hvergi festi vápn á, ok gullhringr sá, er kallaðr var Svíagríss, er átt höfðu langfeðgar Aðils. En konungr varnaði allra gripanna, ok eigi heldr galt hann málann; fóru berserkirnir braut, og undu illa sínum hlut, sögðu svá

búit Hrólfi kraka, ok jafnskjótt byrjaði hann ferð sína til Uppsala, ok er hann kom skipum sínum í ána Fýri, þá reið hann til Uppsala, ok með hánum tólf berserkir hans, allir griðalausir. Yrsa, móðir hans, fagnaði hánum, ok fylgdi hánum til herbergis, ok eigi til konungs hallar; váru þá gervir eldar stórir fyrir þeim, ok gefit öl at drekka. Þá kómu menn Aðils konungs inn, ok báru skíðin á eldinn, ok gerðu svá mikinn, at klæði brunnu af þeim Hrólfi, ok mæltu: »er þat satt, at Hrólfr kraki ok berserkir hans flýja hvárki eld né járn?« Þá hljóp Hrólfr kraki upp, ok allir þeir. Þá mælti hann:

»Aukum enn elda
at Aðils húsum!«

tók skjöld sínn ok kastaði á eldinn, ok hljóp yfir eldinn, meðan skjöldrinn brann, ok mælti enn:

»Flýr-a sá elda,
er yfir hleypr.«

Svá fór hvern at öðrum hans manna, tóku þá, er eldinn höfðu aukit, ok köstuðu þeim á eldinn. Þá kom Yrsa, ok fékk Hrólfi kraka dýrshorn, fult af gulli, ok þar með hringinn Svíagrís, ok bað þá braut ríða til liðsins. Þeir hljópu á hesta sína, ok ríða ofan á Fýris völlu; þá sá þeir, at Aðils konungr reið eptir þeim með her sínn alvápnadán, ok vill drepa þá. Þá tók Hrólfr kraki hægri hendi gullit ofan í hornit, ok sori alt um götuna. En er Svíar sjá þat, hlaupa þeir ór södlunum, ok tók hvern slíkt er fékk, en Aðils konungr bað þá ríða, ok reið sjálfr ákafliga. Slungnir hét hestr hans, allra hesta skjótastr. Þá sá Hrólfr kraki, at Aðils konungr reið nær hánum, tók þá hringinn Svíagrís ok kastaði til hans, ok bað hann þiggja at gjöf. Aðils konungr reið at hringinum, ok tók til með spjótsoddinum, ok rendi upp á falinn. Þá veik Hrólfr kraki aptr, ok sá, er hann laut niðr; þá mælti hann: »svínþeygt hefi ek nú þann, er ríkastr er með Svíum«. Svá skildusk þeir. Af þessi sök er gull kallat sáð Kraka eða Fýris valla.

(Af Snorra Edda.)

pá sögn hit efra um Eið ok norðr um Mæri. En Hákon konungr var þá á Norðmæri í ey þeiri, er Fræði heitir, þar sem heitir Birkiströnd, at búi sínu, ok hafði ekki lið nema hirð sína ok böndr þá, er verit höfðu í boði hans.

Njósnarmenn kómu til Hákonar konungs ok segja hánum sín erindi, at Eiríks synir váru með her mikinn fyrir sunnan Stað. Þá lét konungr kalla til sín þá menn, er þar váru vitrastir, ok leitaði ráðs við þá, hvárt hann skyldi berjask við Eiríks sonu, þótt liðs munr sé mikill, eða skal hann fara norðr undan ok fá sér lið meira. Egill ullserkr er nefndr bóndi einn, er þar var; hann var þá gamlaðr mjök, og hafði verit meiri ok sterkari hverjum manni, ok hinn mesti orrostumaðr; hann hafði lengi borit merki Haralds konungs hins hárfagra. Egill svarar rœðu konungs: »var ek í nökkurum orrostum með Haraldi konungi, feðr yðrum, barðisk hann stundum við meira liði, stundum við minna, hafði hann jafnan sigr; aldri heyrða ek hann leita þess ráðs, at vinir hans skyldi kenna hánum at flýja; munum vér ok eigi þér þat ráð kenna, konungr, því at vér þykjumk eiga höfðingja röskvan, þér skuluð ok eiga trausta fylgð af oss«. Margir aðrir studdu ok petta mál. Konungr sagði ok svá, at hann var þess fúsari at berjask með lið þat, er til féngisk; var þat þá ráðit. Lét konungr þá skera upp herör ok senda alla vega frá sér, ok lét draga lið saman, slíkt er hann fékk. Þá mælti Egill ullserkr: »þat óttuðumk ek um hríð, er friðr þessi hinn mikli var, at ek munda verða ellidauðr inni á pallstrám mínum, en ek vilda heldr falla í orrostu með höfðingja mínum; kann nú vera, at svá megi verða«.

Synir Eiríks héldu norðr um Stað, þegar er leiði gaf. En er þeir kómu norðr um Stað, þá spryja þeir, hvar Hákon konungr var, ok halda til móts við hann. Hákon konungr hafði níu skip; hann lagðisk norðr undir Fræðarberg í Féeyjar sundi; en Eiríks synir lögðu at fyrir sunnan bergit, þeir höfðu meir en tuttugu skip. Hákon konungr sendi þeim

II. Fortællinger af nordens historie.

1. Slaget på Rastarkalv.

Þá er Hákon Aðalsteinsfóstri hafði konungr verit í Noregi tuttugu vetr, kómu sunnan ór Danmörku synir Eiríks blóðexar ok höfðu allmikit lið. Þat var mikil lið, er þeim hafði fylgt í hernaði, en þó var miklu meiri Danaherr, er Haraldr konungr Gormsson hafði fengit þeim í hendr. Þeir fengu hraðbyri mikil, ok sigldu út af Vendli, ok kómu útan at Ögðum, héldu síðan norðr með landi ok sigldu dag ok nött. En vitum var ekki uppskotit, fyrir þá sök at sú var síðvenja, at vitar fóru austan eptir landi, en austr þar hafði ekki orðit vart við ferð þeira. Þat bar enn til, at konungr hafði viðrlög mikil, at vitar væri rangt uppbornir, þeim mönnum, er kunnir ok sannir urðu at því, fyrir þá sök at herskip ok víkingar fóru um úteyjar ok herjuðu, ok hugðu landsmenn, at þar mundu fara synir Eiríks; var þá vitum uppskotit, ok varð herhlaup um land alt; en Eiríks synir fóru aptr til Danmerkr ok höfðu engan Danaher haft nema sítt lið; en stundum váru þat annars konar víkingar. Varð Hákon konungr þessu mjök reiðr, er starf ok fékostnaðr varð af þessu, en ekki gagn. Böndr töldu ok at fyrir sína hönd, er svá fór. Ok var þessi sök til, er engi njósn fór fyrir um ferð Eiríks sona, fyrr en þeir kómu norðr í Úlfasund. Þeir lágu þar sjau nætr, fór

boð, ok bað þá á land ganga; segir, at hann hafði þeim völl haslat á Rastarkálf. Þar eru vellir sléttir ok miklir, en fyrir ofan gengr brekka löng ok heldr lág. Géngu Eiríks synir þá af skipum sínum, ok norðr yfir hálsinn fyrir innan Fræðarberg, ok svá fram á Rastarkálf. Egill mælti þá til Hákonar konungs, bað hann fá sér tíu menn ok tíu merki; konungr gerði svá. Gékk þá Egill með menn sína upp undir brekkuna, en Hákon konungr gékk upp á völlinn með sít lið, setti upp merki ok fylkti, ok segir svá: »vér skulum hafa fylking langa, svá at þeir kringi eigi um oss, þótt þeir hafi lið meira«. Gerðu þeir svá. Varð þar orrosta mikil ok hin snarpasta sókn. Egill létt þá setja upp merki þau tíu, er hann hafði, ok skipaði svá mönnum þeim, er báru, at þeir skyldu ganga sem næst brekkunni ok láta stundar hríð í millum hvers þeira. Þeir gerðu svá, ok géngu fram með brekkunni sem næst, svá sem þeir mundu vilja koma á bak þeim Eiríks sonum. Þat sá þeir, er efstir stóðu í fylking Eiríks sona, at merki mörg fóru óðfluga ok gnæfðu fyrir ofan brekkuna, ok hugðu, at þar mundi fylgja lið mikit ok mundi vilja koma á bak þeim, milli þeira ok skipanna. Gerðisk þar þá kall mikit, sagði hvern öðrum, hvat titt var. Því næst kom flótti í lið þeira; en er þat sá konungarnir, þá flýðu þeir. Hákon konungr sótti þá hart fram með sínum mönnum, ok ráku þeir flóttann ok feldu lið mikit.

Gamli Eiríksson, þá er hann kom upp á hálsinn fyrir ofan bergit, þá snerisk hann aprtr, ok sá, at ekki lið fór eptir meira en þat, er þeir höfðu barzk viðr, ok þetta var prettr einn. Þá létt Gamli konungr blása herblástr ok setja upp merki sítt, ok skaut á fylking; hurfu at því allir Norðmenn, en Danir flýðu til skipanna. En er Hákon konungr ok lið hans kom at, þá varð þar orrosta í annat sinn hin snarpasta. Hafði þá Hákon konungr meira lið, lauk svá, at Eiríks synir flýðu; sóttu þeir þá suðr af hálsinum, en sumt lið þeira opaði suðr á bergit, ok fylgði Hákon konungr þeim. Völlr sléttir er austan af hálsinum

ok vestr á bergit, ok þá hamrar brattir vestr af. Þá opuðu menn Gamla upp undan á bergit, en Hákon konungr sótti at þeim svá djarfliga, at hann drap suma, en sumir hljópu vestr af berginu; váru hvártveggju dreppnir. Skildisk Hákon konungr svá fremi við, er hverr maðr var dreppinn.

Gamli Eiríksson flýði ok af hálsinum, ok ofan á jöfnu fyrir sunnan bergit. Þá snerisk Gamli konungr enn í mótt, ok hélt upp orrostu; kom þá enn lið til hans; þar kómu ok allir brœðr hans með miklar sveitir. Egill ullserkr var þá fyrir Hákonar mönnum, ok veitti harða atgöngu, ok skiptuskr þeir Gamli konungr höggum við; fékk Gamli konungr sár stór, en Egill féll, ok mart lið með hánum. Þá kom at Hákon konungr með þær sveitir, er hánum höfðu fylgt, varð þá enn ný orrosta: sótti þá enn Hákon konungr hart fram, ok hjó menn til beggja handa sér, ok feldi hvern yfir annan. Eiríks synir sá menn sína alla vega falla fyrir sér; þá snuask þeir á flóttu til skipa sínnar. En þeir er fyrri höfðu flýit á skipin, þá höfðu þeir út hrundit skipunum, en sum skipin váru þá uppi fjöruð; hljópu þá allir Eiríks synir á sund, ok þat lið, er þeim fylgði. Þar féll Gamli Eiríksson, en aðrir brœðr hans náðu skipunum, ok héldu brott síðan með þat lið, er eptir var, ok héldu síðan suðr til Danmarkar, ok dvöldusk þar um hríð, ok undu illa við sína ferð.

Hákon konungr tók þar skip þau, er uppi hafði fjarat, er átt höfðu Eiríks synir, ok létt draga á land upp. Þar létt Hákon konungr leggja Egil ullserk í skip, ok með hánum alla þá menn, er af þeira liði höfðu fallit; létt bera þar at jörð ok grjót. Hákon konungr létt ok fleiri skip setja ok bera á valinn, ok sér þá hauga enn fyrir sunnan Fræðarberg. Hávir bautasteinar standa hjá haugi Egils ullserks.

(Af Heimskringla.)

2. Palnatoke ved kong Haralds gravøl.

Eptir þat er Sveinn er konungr orðinn, þótti þá hánum þat skylt, sem öllum öðrum konungum, at erfa föður sínn fyrir enar þriðju vetrnætr. Hann ætlar nú þegar at hafa þessa veizlu ok fresta því ekki lengr. Hann býðr fyrstum Pálnatóka, fóstra sínum, til erfis þess, ok þeim Fjónbyggjum, vinum hans ok frændum. En Pálnatóki svarar því svá, at hann lézk eigi lagi mundu á koma, fyrir þær vetrnætr, er næstar váru, at koma til boðsins; »er þat komit til eyrna mér«, segir hann, »er mér þykkir stórtíðindum sæta, at Stefnir mágr mínn, Bretlands jarl, sé andaðr, ok verð ek þangat at fara nauðsynliga, því at ek á at hafa þat ríki eptir hans dag«. Ok er Pálnatóki þykkir eigi koma mega til erfisins, þá eyddisk nú erfis gerð fyrir konunginum, fyrir því at hann vill fyrir hotvetna fram, at fóstri hans sé at boðinu.

Pálnatóki ferr nú ór landi í braut of haustit með skipalið sít; ok áðr en hann fori, þá lætr hann þar til eptir Áka son sínn at ráða búum sínum þar á Fjóni, ok öllu því, er hann átti þar, ok bað hánum virkta við konunginn Svein, áðr þeir skildi, ok hétt konungr því Pálnatóka, at hann skyldi veita Áka ena beztu umsjá, ok þat sama endi hann. Síðan rézk Pálnatóki í braut, ok ferr þar til er hann kœmr til Bretlands, ok tekur við ríki því, er Stefnir mágr hans hafði átt ok Björn enn brezki, ok liðu af þau misseri en næstu. Ok um sumarit eptir þá sendir Sveinn konungr orð til Bretlands, at Pálnatóki skyldi koma þangat at boði hans, ok svá mikil lið með hánum, sem hann vildi haft hafa, ok vill konungr nú erfa föður sínn. Þeir váru tólf saman sendimenn konungsins, ok var nær at því komit, er Pálnatóki skyldi þaðan búask. Hann segir, ok biðr konung þókk hafa fyrir boð sít; »en þannig er nú tilfarit, at á mér liggr þýngð nökkur, ok þykkjum ek eigi fœrr vera at svá búnu; þat fylgir ok, at ek á hér miklu meiri fjólskyldi umb at vera, en ek mega

frá fara at svá búnu þessi misseri«. Hann telsk nú undan um förina á alla vega, ok fara þeir við þat heim, konungs menn, og segja hánum svá búit. Ok er þeir váru í braut farnir, þá hvarf af Pálnatóka þýngð öll. Ok nú lætr konungrinn líða þat haust erfis gerðina, ok liðr af sá vetr ok þat summar. Ok nú var svá komit, at Sveinn mátti eigi þykkja gildr konungr, ef hann skyldi eigi erfa föður sínn fyrir enar þriðju vetrnætr, ok vill konungr nú at vissu eigi láta undan bera. Hann sendir nú ena sömu tólf menn á fund Pálnatóka, fóstra síns, at bjóða hánum enn, sem fyrr, til boðsins, ok lézk nú mundu leggja reiði á hann mikla, ef hann færi eigi. En Pálnatóki svarar þeim sendimönnum konungsins, ok biðr þá heim fara, ok segja svá konunginum, at hann búisk svá við at öllu um veizluna, sem framast hefir hann föng á, at hón verði sem vegligust, en hann kvezk koma mundu til erfisins þat haust. Nú fara þeir heim sendimenn konungs, ok segja hánum sín örindalok, at Pálnatóka var þangat yán; ok býsk hann nú við boðinu, konungrinn, ok alt þat, er til skyldi fá, skyldi verða at öllu sem vegligast, bæði fyrir tilfanga sakir ok fjölmennis. Ok er nú alt albúit at boðinu, ok boðsmenn eru komnir, þá var Pálnatóki eigi kominn, ok leið á daginn mjök, ok þar kœmr, at menn géngu til drykkju um kveldit, ok er mönnum skipat í sæti í höllinni. Þá er þat sagt, at konungr lætr liggja rúm á enum úœðra bekk í öndvegi ok hundrað manna útar frá, ok vættir þangat Pálnatóka, fóstra síns, til þess rúms ok hans fôruneytis; ok er þat þykkir seinkask um kvámu Pálnatóka, þá taka menn þar til drykkju. En nú verðr at segja frá Pálnatóka, at hann býsk heiman ok Björn enn brezki með hánum, ok hafa þeir þrijú skíp ór landi ok hundrað manna; þar var hálft hvárir í því liði, Danir ok Bretar. Þeir fara síðan, þar til er þeir koma við Danmörk; ok þat sama kveld koma þeir í þær stöðvar, er átti Sveinn konungr, ok leggja þeir skip sín í lægi, þar er þeim þótti at djúpast vera; þá var allgótt veðr á um kveldit. Þannig búa þeir um skipin, at

þeir snúa framstöfnum frá landi, ok leggja árar allar í hömlur, at þeim skyldi sem skjótast til at taka, ef þeir þyrfti bráðungar við. Ok síðan ganga þeir á land upp, ok fara leiðar sínnar, þar til er þeir koma til konungsins, ok sitja menn þá við drykkju, er þeir koma þar, ok er þetta et fyrsta kveld veizlunnar. Nú gengr Pálnatóki inn í höllina, ok þar þeir allir eptir hánum. Hann gengr innar eptir höllinni ok fyrir konunginn; konungr tekr ok vel hans máli, ok vísar hánum til sætis ok öllum þeim; ok sitja þeir nú við drykkju, ok eru kátil vel. Ok er þeir hafa drukkit of hríð, þá er þess við getit, at Fjölnir víkr at konunginum ok talar við hann nökkura hríð hljótt. Konungrinn brá lit við, ok gerir rauðan á at sjá ok þrútin. En maðr er nefndr Arnoddr, hann var kertasveinn konungs, ok stendr hann frammí fyrir bordi hans; hánum selr Fjölnir í hönd eitt skeytí, ok mælti, at hann skyldi bera þat fyrir hvern mann, er í væri höllinni, alt þar til er nökkurr kannadisk við, at ætti þat sama skeytí. Ok eptir þat gerir Arnoddr, sem Fjölnir mælti fyrir. Nú gengr hann fyrst innar eptir höllinni frá hásæti konungsins, ok berr þessa ör fyrir hvern mann, ok kannask engi við at eigi. Þar kómr enn, er hann ferr útar eptir höllinni enum úøðra megin, þar til er hann kómr fyrir Pálnatóka, ok spyrr hann eptir, hvárt hann kenni örina. Pálnatóki svarar: »fyrir hví muna ek eigi kenna skeytí mitt? sel mér», segir hann, »því at ek á þat«. Þá skorti eigi hljóð í höllinni, ok hlyddu menn til, þegar er nökkurr var til at eigna sér örina. Ok nú tekr konungrinn til orða, ok mælti: »þú Pálnatóki!« segir hann, »hvar skildisk þú við þetta skeytí næsta sinni?« Pálnatóki svarar: »opt hefi ek þér eptirlátr verit, fóstri! ok ef þér þykkir þat þínn vegr meiri, at ek segja þér þat í allmiklu fjölmenni, heldr en svá, at færí sé hjá, þá skal þat veita þér: ek skildumk við hana á bogastrengnum, konungr!« segir hann, »þá er ek skaut í rassinn föður þínum, ok eptir hánum endilöngum, svá at út kom í munninn. « Standið upp allir», segir konungr,

»ok hafið hendr á þeim Pálnatóka ok förunautum hans, ok drepi þá alla, fyrir því at nú er niðr slegit allri vináttu milli okkar Pálnatóka, ok öllum góða þeim, er með okkr hefir verit.« Ok nú spretta upp allir menn í höllinni, ok gerisk nú eigi alt alkyrra. Pálnatóki fær brugðit sverði sínu, ok lætr sér þat verða fyrst á vegin, at hann hoggr til Fjölnis, frænda síns, ok klýfr hann í herðar niðr. En svá á Pálnatóki sér marga vini innan hirðar, at engi vildi vápn á hann bera, ok kómusk þeir út allir ór höllinni, nema einn maðr brezkr af liði Bjarnar. Pálnatóki mælti, þá er þeir váru út komnir, ok sagt var, at saknat var eins manns af liði Bjarnar, ok segir, at »eigi var minna at ván en svá, ok föru vér nú ofan sem skjótast til skipa várra, fyrir því at nú er engi annarr á gjörr.« Björn svarar: »eigi mundir þú svá renna frá þínunum manni», segir hann, »ef þú ættir mínn hlut, ok eigi skal ek heldr ok«, segir hann, ok snýr hann nú inn aprí þegar í höllina; ok er hann kómr inn, þá kasta þeir enum brezka manni yfir höfuð sér, ok höfðu nær í sundr rifinum, svá mátti at kveða; ok þá verðr Björn varr við, ok fær tekit hann, ok fleygir hánum upp á bak sér ok hleypr út síðan, ok fara þeir nú ofan til skipa sínya, ok gerði Björn petta mest til ágætis sér, en vita þóttisk hann, at maðrinn mundi dauðr vera, ok svá varð, at maðrinn lézk, ok hafði Björn hann með sér, ok hljópu nú út á skip sín, ok félлу þegar við árar; en þa var á niðmyrkr mikil um náttína ok logn, ok komask þeir svá undan, þeir Pálnatóki ok Björn, ok nema hvergi staðar, áðr en þeir koma heim til Bretlands. En konungrinn ferr nú heim til hallarinnar ok alt liðit með hánum, ok fá nú ekki at gert þat, er þeir vildu, ok undu við et versta. Taka þeir nú síðan ok drekka erfít, en eptir þat ferr hvern heim þaðan til sínya heimkynna.

(Af Jómsvíkinga saga.)

3. Svolder-slaget.

Sveinn konungr tjúguskegg átti Sigríði hina stórráðu. Sigríðr var hinn mesti úvin Ólafs konungs Tryggvasonar, ok fann þat til sakta, at Olafr konungr hafði slitit einkamálum við hana ok lostit hana í andlit. Hón eggjaði mjök Svein konung til at halda orrostu við Ólaf konung Tryggvason, ok kom hón svá sínum fortölum, at Sveinn konungr var fullkominn at gera þetta ráð. Ok snimma um várit sendi Sveinn konungr menn austr til Svípjóðar á fund Ólafs konungs Svíakonungs, mágs síns, ok Eiríks jarls, ok lét segja þeim, at Ólafr Noregs konungr hafði leiðangr úti ok ætlaði at fara um sumarit til Vindlands. Fylgði þat orðsending Danakonungs, at þeir Svíakonungr ok Eiríkr jarl skyldi her úti hafa ok fara til móts við Sveinn konung, skyldu þeir þá allir samt leggja til orrostu við Ólaf konung Tryggvason. En Ólafr Svíakonungr ok Eiríkr jarl váru þessarar ferðar albúnir, ok drógu þá saman skipaher mikinn af Svíaveldi, fóru því liði suðr til Danmerkr, ok kómu þar svá, at Ólafr konungr Tryggvason hafði áðr austr siglt. Þeir Svíakonungr ok Eiríkr jarl héldu til fundar við Danakonung, ok höfðu þá allir saman úgrynni hers.

Sveinn konungr þá er hann hafði sent eptir herinum, þá sendi hann Sigvalda jarl til Vindlands at njósna um ferð Ólafs konungs Tryggvasonar, ok gildra svá til, at fundr þeira Sveins konungs mætti verða. Ferr þá Sigvaldi jarl leið sína, ok kom fram á Vindlandi, fór til Jómsborgar ok síðan á fund Ólafs konungs Tryggvasonar. Váru þar mikil vináttumál þeira á meðal, kom jarl sér í hinn mesta kærleik við Ólaf konung. Ástríðr kona jarls, dóttir Burizleifs konungs, var vin mikill Ólafs konungs, ok var þat mjök af hinum fyrrum tengðum, er Ólafr konungr hafði átt Geiru systur hennar. Sigvaldi jarl var maðr vitr ok ráðugr; en er hann kom sér í ráðagerð við Ólaf konung, þá dvaldi hann mjök ferðina hans austan at sigla, ok

fann til þess mjök ýmsa hluti. En lið Ólafs konungs lét geysi illa, ok váru menn mjök heimfusir, er þeir lágu albúnir, en veðr byrvæn. Sigvaldi jarl fékk njósn leyniliga af Danmörk, at þá var austan kominn herr Svíakonungs, ok Eiríkr jarl hafði þá ok búinn sínn her, ok þeir höfðingjarnir mundu þá koma austr undir Vindland, ok þeir höfðu á kveðit, at þeir mundu bíða Ólafs konungs við ey þá, er Svöldr heitir, svá þat, at jarl skyldi svá til stilla, at þeir mætti þar finna Ólaf konung.

Þá kom pati nökkurr til Vindlands, at Sveinn Danakonungr hafði her úti, ok gerðisk brátt sá kurr, at Sveinn Danakonungr mundi vilja finna Ólaf konung. En Sigvaldi jarl segir konungi: »ekki er þat ráð Sveins konungs at leggja til bardaga við þik með Danaher einn saman, svá mikinn her sem þér hafið. En ef yðr er nökkurr grunr á því, at úfriðr muni fyrir, þá skal ek fylgja yðr með mínu liði, ok þótti þat styrkr vera fyrr, hvar sem Jómsvíkingar fylgdu höfðingjum; mun ek fá þér ellifu skip vel skipuð«. Konungr játtáði þessu. Var þá lítit veðr ok hagstött, lét konungr þá leysa flotann ok blása til brottlögu. Drógu menn þá segl sín, ok géngu meira smáskipin öll, ok sigldu þau undan á haf út. En jarl sigldi nær konungs-skipinu ok kallaði til þeira, bað konung sigla eptir sér: »mér er kunnast«, segir hann, »hvar djúpast er um eyjasundin, en þér munuð þess þurfa með þau hin stóru skipin«. Sigldi þá jarl fyrir med sínum skipum. Hann hafði ellifu skip, en konungr sigldi eptir hánum með sínum stórskipum, hafði hann þar ok ellifu skip, en allr annarr herrinn sigldi út á hafit. En er Sigvaldi jarl sigldi útan at Svöldr, þá reiði á móti þeim skúta ein. Þeir segja jarli, at herr Danakonungs lá þar í höfninni fyrir þeim. Þá lét jarl hlaða seglunum, ok róa þeir inn undir eyna.

Sveinn Danakonungr ok Ólafr Svíakonungr ok Eiríkr jarl váru þar þá með allan her sínn; þá var fagrt veðr ok bjart sólskin. Géngu þeir nú upp á hólminn allir höfð-

ingjar með miklar sveitir manna, ok sá, er skipin sigldu út á hafit mjök mörg saman. Ok nú sjá þeir, hvar siglir eitt mikit skip ok glæsilegt; þá mæltu báðir konungarnir: »þetta er mikit skip ok ákaffiga fagrt, þetta mun vera Ormrinn langi«. Eiríkr jarl svarar ok segir: »ekki er þetta Ormr hinn langi«. Ok svá var, sem hann sagði, þetta skip átti Eindriði af Gimsum. Lítlu síðar sá þeir, hvar annat skip sigldi miklu meira en hit fyrra. Þá mælti Sveinn konungr: »hræddr er Ólafr Tryggvason nú, eigi þorir hann at sigla með höfuðin á skipi sinu«. Þá segir Eiríkr jarl: »ekki er þetta konungs skip, kenni ek þetta skip ok seglit, því at stafat er seglit, þat á Erlingr Skjálgs-son; látum sigla þá, betra er oss skarð ok missa í flota Ólafs konungs en þetta skip þar svá búit«. En stundu síðar sá þeir ok kendum skip Sigvalda jarls, ok viku þau þannug at hólmanum. Þá sá þeir, hvar sigldu þrjú skip, ok var eitt mikit skip. Mælti þá Sveinn konungr, biðr þá ganga til skipa sínna, segir, at þar ferr Ormr hinn langi. Eiríkr jarl mælti: »mörg hafa þeir önnur stór skip ok glæsileg en Ormrinn langa, bíðum enn«. Þá mæltu mjök margir menn: »eigi vill Eiríkr jarl nú berjask ok hefna föður síns; þetta er skömm mikil, svá at sprjask mun um öll lönd, ef vér liggjum hér með jafnmiklu liði, en Ólafr konungr sigli á hafit út hér hjá oss sjálfum«. En er þeir höfdu þetta talat um hríð, þá sá þeir, hvar sigldu fjögur skip, ok eitt af þeim var dreki allmikill ok mjök gullbúinn. Þá stóð upp Sveinn konungr ok mælti: »hátt mun Ormrinn bera mik í kveld, hánum skal ek styra«. Þá mæltu margir, at Ormrinn var furðu mikit skip ok frítt, ok rausn mikil at láta gera slíkt skip. Þá mælti Eiríkr jarl, svá at nökkurir menn heyrdu: »þótt Ólafr konungr hefði ekki meira skip en þetta, þá mundi Sveinn konungr þat aldri fá af hánum með einn saman Danaher«. Dreif þá fólk til skipanna, ok ráku af tjöldin ok ætluðu at búask skjótliga. En er höfðingjar røddu þetta milli sín,

sem nú er sagt, þá sá þeir, hvar sigldu þrjú skip allmikil, ok fjórða síðast, ok var þat Ómrinn hinn langi. En þau hin stóru skip, er áðr höfðu siglt, ok þeir hugðu, at Ormrinn væri, þat var hit fyrra Tranar, en hit síðara Ormrinn hinn skammi. En þá er þeir sá Orminn langa, kendu allir, ok mælti þá engi í móti, at þar mundi sigla Ólafr Tryggvason; géngu þá til skipanna ok skipuðu til atlögunnar. Váru þat einkamál peira höfðingja, Sveins konungs, Ólafs konungs, Eiríks jarls, at sinn þriðjung Noregs skyldi eignask hverr þeira, ef þeir feldi Ólaf konung Tryggvason; en sá þeira höfðingja, er fyrst géngi á Orminn, skyldi eignask alt þat hlutskipti, er þar fékksk, ok hverr þeira þau skip, er sjálfir hryði. Eiríkr jarl hafði barda einn geysi mikinn, er hann var vanr at hafa í víking; þar var skegg á ofanverðu bardinu hvárutveggja, en niðr frá járnspöng þykk, ok svá breið sem bardit, ok tók alt í sjá ofan.

Þá er þeir Sigvaldi jarl eru inn undir hólmann, þá sá þat þeir Porkell dyðrill af Trönnunni ok aðrir skipstjórnarmenn, þeir er með hánum fóru, at jarl sneri skipum undir hólmann; þá hlóðu þeir ok seglum ok eru eptir hánum, ok kölluðu til þeira, spurðu, hví þeir fóru svá. Jarl segir, at hann vill bíða Ólafs konungs: »ok er meiri ván, at úfriðr sé fyrir oss«. Létu þeir þá fljóta skipin, þar til er Porkell nefja kom með Ormrinn skamma ok bau þrjú skip, er hánum fylgðu. Ok váru þeim sögð hin sömu tíðindi, hlóðu þeir þá ok sínum seglum, ok létu fljóta, ok biðu Ólafs konungs. En þá er kouungrinn sigldi innan at hólmanum, þá reri allr herrinn út á sundit fyrir þá. En er þeir sá þat, þá báðu þeir konunginn sigla leið sína, en leggja eigi til orrostu við svá mikinn her. Konungur svarar hátt, ok stóð upp í lytingunni: »láti ofan seglit, ekki skulu mírir menn hyggja á flóttu, ek hefi aldri flýt í orrostu, ráði guð fyrir lífi mínu, en aldri mun ek á flóttu leggja«. Var svá gert, sem konungr mælti.

Ólafr konungr lét blása til samlögu öllum skipum sínum. Var konungs skip í miðju liði, en þar á annat borð Ormr hinn skammi, en á annat borð Tranen. En þá er peir tóku at tengja stafna á Orminum langa ok Orminum skamma, ok er konungr sá þat, kallaði hann hátt, bað þá leggja fram betr hit mikla skipit, ok láta þat eigi aptast vera allra skipa í herinum. Þá svarar Úlfr hinn rauði: »ef Orminn skal því lengra fram leggja, sem hann er lengri en önnur skip, þá mun ávint verða um söxin í dag«. Konungr segir: »eigi vissa ek, at ek ætta stafnbúann bæði rauðan ok ragan«. Úlfr mælti: »ver þú eigi meir baki lyptingina, en ek mun verja stafninn«. Konungr hélt á boga, ok lagði ör á streng ok sneri at Úlf. Úlfr mælti: »skjót annan veg, konungr! þannug sem meiri er þörfin; þér vinn ek þat, er ek vinn«.

Ólafr konungr stóð í lyptingu á Orminum, bar hann hátt mjök; hann hafði gyltan skjöld ok gullroðinn hjálm, var hann auðkendr frá öðrum mōnum, hann hafði rauðan kyrtill stuttan útan yfir brynu. En er Ólafr konungr sá, at riðluðusk flotarnir, ok upp váru sett merki fyrir höfðingjum, þá spyrr hann: »hverr er höfðingi fyrir liði því, er gegnt oss er?« Hánum var sagt, at þar var Sveinn konungr tjúguskegg með Danaher. Konungr svarar: »ekki hræðumk ver bleyður þær, eigi er hugr í Dönum. En hvern höfðingi fylgir þeim merkjum, er þar eru út ífrá á hœgra veg?« Hánum var sagt, at þar var Ólafr konungr með Sváher. Ólafr konungr segir: »betra væri Svíum heima at sleikja um blótbolla sína, en ganga á Orminn undir vápn yður. En hverir eigu þau hin stóru skip, er þar liggja út á bakborða Dönum?« »Þar er«, segja þeir, »Eiríkr jarl Hákonarson«. Þá svaraði Ólafr konungr: »hann mun þykjkast eiga við oss skapligan fund, ok oss er ván snarpligrar orrostu af því liði; peir eru Norðmenn, sem vér erum«.

Síðan greiða konungar atróðr. Lagði Sveinn konungr sítt skip móti Orminum langa, en Ólafr konungr sœnski

lagði út frá ok stakk stöfnum at ýzta skipi Ólafs konungs Tryggvasonar, en öðrum megin Eiríkr jarl. Tóksk þar þá hörð orrostu. Sigvaldi jarl lét skotta við síni skip ok lagði ekki til orrostu.

Þessi orrostu var hin snarpasta ok allmannskeð. Frambyggjar á Orminum langa ok Orminum skamma ok Trönnunni færðu akkeri ok stafnljá í skip Sveins konungs, en áttu vápnin at bera niðr undir foetr sér; hruðu þeir öll þau skip, er þeir fengu haldit. En konungrinn Sveinn ok þat lið, er undan komsk, flyði á önnur skip, ok þar næst lögðu þeir frá ór skotmáli. Ok fór þessi herr svá sem gat Ólafr konungr Tryggvason. Þá lagði þar at í staðinn Ólafr Svíakonungr; ok þegar er þeir koma nær stórskipum, þá fór þeim sem hinum, at þeir létu lið mikit ok sum skip sí, ok lögðu frá við svá búit. En Eiríkr jarl síþyrdi Barðanum við hit ýzta skip Ólafs konungs, ok hrauð hann þat ok hjó þegar þat ór tengslum, en lagði þá at því, er þar var naest, ok barðisk til þess er þat var hroðit. Tók þá liðit at hlaupa af hinum smærum skipunum ok upp á stórskipin. En Eiríkr jarl hjó hvert ór tengslunum, svá sem hroðit var. En Danir ok Svíar lögðu þá í skotmál ok öllum megin at skipum Ólafs konungs, en Eiríkr jarl lá ávalt síþyrt við skipin ok átti höggorrostu. En svá sem menn félru á skipum hans, þá géngu aðrir upp í staðinn, Svíar ok Danir. Þá var orrostu hin snarpasta, ok fél þá mjök liðit, ok kom svá at lyktum, at öll váru hroðin skip Ólafs konungs Tryggvasonar nema Ormr hinn langi; var þar þá alt lið á komit, þat er vígt var hans manna. Þá lagði Eiríkr jarl Barðanum at Orminum langa síþyrt, ok var þar höggorrosta.

Eiríkr jarl var í fyrirrúmi á skipi sínu, ok var þar fylkt með skjaldborg. Var þá bæði höggorrosta ok spjótum lagit ok kastat öllu því, er til vápna var, en sumir skutu bogaskoti eða handskoti. Var þá svá mikill vánaburðr á Orminn, at varla mátti hlífum við koma, er svá þykt flugu spjót ok örvar; því at öllum megin lögðu herskip at Orm-

inum. En menn Ólafs konungs váru þá svá óðir, at þeir hljópu upp á bordin, til þess at ná með sverðshöggum at drepa fólkit. En margir lögðu eigi svá undir Orminn, at þeir vildi í höggorrostu vera. En Ólafs menn géngu flestir út af bordunum, ok gáðu eigi annars, en þeir berðisk á sléttum velli, ok sukku niðr með vápnum sínum.

Einarr þambar-skelfir var á Orminum aprí í krapparúmi; hann skaut af boga ok var allra manna harðskeytastr. Einarr skaut at Eiríki jarli ok laust í stýrishnakkann fyrir ofan höfuð jarli, ok gékk alt upp á reyrböndin. Jarl leit til ok spurði, ef þeir vissi, hvern skaut? En jafnskjótt kom önnur ör svá nær jarli, at flaug milli síðunnar ok handarinnar, ok svá aprí í höfðafjölina, at langt stóð út broddrinn. Þá mælti jarl við mann þann, er sumir nefna Finn, en sumir segja, at hann væri finskr, sá var hinn mesti bogmaðr: »skjóttu mann þann hinn mikla í krapparúminu!« Finnur skaut, ok kom örín á boga Einars miðjan, í því bili er Einarr dró hit priðja sinn bogann. Brast þá boginn í tvá hluti. Þá mælti Ólafr konungr: »hvat brast þar svá hátt?« Einarr svarar: »Noregr ór hendi pér, konungr!« »Eigi mun svá mikill brestr at orðinn«, segir konungr, »tak boga mínn ok skjót af«, ok kastaði boganum til hans. Einarr tók bogann ok dró þegar fyrir odd örvunarinnar, ok mælti: »ofveikr, ofveikr allvalds boginn!« ok kastaði aprí boganum; tók þá skjöld sínn ok sverð ok bardisk.

Ólafr konungr Tryggvason stóð í lypting á Orminum, ok skaut optast um daginn, stundum bogaskoti en stundum gaflökum, ok jafnan tveim senn. Hann sá fram á skipit, ok sá sína menn reiða sverðin ok höggva tit, ok sá, at illa bitu; mælti þá hátt: »hvárt reiði pér svá slæliga sverðin, er ek sé, at ekki bíta yðr?« Maðr svarar: »sverð vár eru slæ ok brotin mjök«. Þá gékk konungr ofan í fyrirrúmit ok lauk upp hásætiskistuna, tók þar ór mörg sverð hvöss ok fékk mönnum. En er haðn tók niðr hinni

högri hendi, þá sá menn, at blóð rann ofan undan brynstákunni; en engi vissi, hvar hann var sárr.

Mest var vörnin á Orminum ok mannskœðust af fyrirrúmsmönnum ok stafnbúum; þar var hvárttveggja valit mest mannfólkit ok hæst bordin. En lið fél fyrst um mitt skipit. Ok þá er fátt stóð manna upp um sigluskeið, þá réð Eiríkr jarl til uppgöngunnar ok kom upp á Orminn við fímtandamann. Þá kom í móti hánum Hyrningr, mágr Ólafs konungs, með sveit manna, ok varð þar hinn harðasti bardagi, ok lauk svá, at jarl hrökk ofan aprí á Bardann; en þeir menn, er hánum höfðu fylgt, féluru sumir, en sumir váru særðir. Þar varð enn hin snarpasta orrosta, ok féluru þá margir menn á Orminum. En er þyntisk skipan á Orminum til varnarinnar, þá réð Eiríkr jarl annat sinn til uppgöngu á Orminum. Varð þá enn hörd viðtaka. En er þetta sá stafnbúar á Orminum, þá géngu þeir aprí á skipit, ok snúask til varnar móti jarli ok veita harda viðrtöku. En fyrir því at þá var svá mjök fallit lið á Orminum, at víða váru auð bordin, tóku þá jarls menn víða upp at ganga. En alt þat lið, er þá stóð uppi til varnar á Orminum, sótti aprí á skipit, þar sem konungr var.

Kolbjörn stallari gékk upp í lypting til konungs; þeir höfðu mjök líkan klæðabúnað ok vápna, Kolbjörn var ok allra manna mestr ok fríðastr. Varð nú enn í fyrirrúminu hin snarpasta orrosta. En fyrir þá sök at þá var svá mikil fólk komit upp á Orminn af liði jarls, sem vera mátti á skipinu, en skip hans lögðu at öllum megin útan at Orminum, en lítit fjölmenni til varnar móti svá miklum her, nú þótt þeir menn væri bæði sterkir ok freknir, þá féluru nú flestir á líftilli stundu. En Ólafr konungr sjálfr ok þeir Kolbjörn báðir hljópu þá fyrir bord, ok á sít bord hvárr. En jarls menn höfðu lagt útan at smáskútur, ok drápu þá, er á kaf hljópu. Ok þá er konungr sjálfr hafði á kaf hlaupit, vildu þeir taka hann höndum ok föra Eiríki jarli. En Ólafr konungr brá yfir sik skildinum ok steyptisk í kaf; en Kolbjörn stallari skaut undir sik skildinum, ok

hlífði sér svá við vápnunum, er lagt var af skipum þeim, er undir lágu, ok féll hann svá á sjáinn, at skjöldrinn vard undir hánum, ok komsk hann því eigi í kaf svá skjótt, ok vard hann handtekin ok dreginn upp í skútuna, ok hugðu peir, at þar væri konungrinn. Var hann þá leiddr fyrir jarl. En er þess vard jarl varr, at þar var Kolbjörn, en eigi Ólafr konungr, þá váru Kolbirni gríð gefin. En í þessi svipan hljópu allir fyrir bord af Orminum, þeir er þá váru á lífi, Ólafs konungs menn; ok segir Hallfreðr vandræðaskald, at Porkell nefja, konungs bróðir, hljóp síðast allra manna fyrir bord.

Svá var fyrr ritat, at Sigvaldi jarl kom til föruneytis við Ólaf konung í Vindlandi ok hafði tíu skip, en þat hit ellifta, er á váru menn Ástríðar konungsdóttur konu jarls. En þá er Ólafr konungr hafði fyrir bord hlaupit, þá cepti herrinn allr sigróp, ok þá lustu þeir árum í sjá Sigvaldi jarl ok hans menn, ok reru til bardaga. En sú Vindasnekkjan, er Ástríðar menn váru á, reri brott ok aprt undir Vindland, ok var þat margra manna mál þegar, at Ólafr konungr mundi hafa steypt af sér brynjunni í kafi og kafat svá út undan langskipunum, lagzk síðan til Vindasnekkjunnar, og hefði menn Ástríðar flutt hann til lands. Ok eru þar margar frásagnir um ferðir Ólafs konungs gervar síðan af sumum mönnum. En hvernug sem þat hefir verit, þá kom Ólafr konungr Tryggvason aldregi síðan til ríkis í Noregi.

(Af Heimskringla.)

4. Olav den hellige og hans halvbrødre.

Ólafr, sonr Haralds hins grenska, lagði undir sik ríki. Hann tók veizlugjöld norðan ór Döllum ok víða um Heiðmörk, ok sneri þá út aprt á Raumaríki ok þá vestr á Haða-

land. Þann vetr andaðisk Sigurðr sýr, stjúpfaðir hans. Þá sneri Ólafr konungr á Hringaráki, ok gerði Ásta, móðir hans, mikla veizlu í móti hánum. Bar þá Ólafr einn konungs-nafn í Noregi.

Svá er sagt, at Ólafr konungr var á veizlunni með Ástu móður sínni, at hón leiddi fram börn sín ok sýndi hánum. Konungrinn setti á kné sér Guthorm bróður sínn, en á annat kné Hálfdan bróður sínn. Konungrinn sá á sveinana; þá ygldisk hann ok leit reiðuliga til þeira. Þá glúpnuðu sveinarnir. Þá bar Ásta til hans hinn yngsta son sínn, er Haraldr hét; þá var hann þrevetr. Konungrinn ygldisk á hann; en sveinninn sá upp í móti hánum. Þá tók konungr í hár sveinum ok kipti; sveinninn tók upp í kampinn konunginum ok hnykti. Þá mælti konungrinn: »hefnisamr muntu síðar, frændi!« Annan dag reik-aði konungr úti um bönn, ok Ásta móðir hans með hánum. Þá géngu þau at tjörn nakkvarri. Þar váru þá sveinarnir synir Ástu ok léku sér, Guthormr ok Hálfdan. Þar váru gervir böir stórir ok kornhlöður stórar, naut mörg ok sauðir; þat var leikr þeira. Skamt þaðan frá viðr tjörnina hjá leirvík nakkvarri var Haraldr, ok hafði þar tréspánu, ok flutu þar við landit margir. Konungrinn spurði hann, hvat þat skyldi? Hann kvað þat vera herskip sín. Þá hló konungr at ok mælti: »vera kann, frændi! at þar komi, at þú rádir fyrir skipum«. Þá kallaði konungr þangat Hálfdan ok Guthorm. Þá spurði hann Guthorm: »hvati vildir þú flest eiga, frændi?« »Akra«, segir hann. Konungr mælti: »hværsu víða akra myndir þú eiga vilja?« Hann svarar: »þat vilda ek, at nesit þetta væri alt sáit hvert sumar, er út gengr í vatnit«. En þar stóðu tíu böir. Konungrinn svarar: »mikit korn mætti þar á standa«. Þá spurði konungr Hálfdan, hvat hann vildi flest eiga. »Kýr«, segir hann. Konungr spurði: »hværsu margar vildir þú kýr eiga?« Hálfdan sagði: »þá er þær géngi til vatns, skyldu þær standa sem þykst umhverfis vatnit«. Konungrinn svarar: »bú stór vilið it eiga; þat er líkt feðr ykkrum«.

Þá spyrr konungr Harald: »hvæt vildir þú flest eiga?« Hann svarar: »húskarla«, segir hann. Konungr mælti: »hvæt marga viltu þá eiga?« Hann svarar: »þat vilda ek, at þeir æti at einu máli kyr Hálfdanar bróður míns«. Konungr hló at ok mælti til Ástu: »hér muntu konung upp föða, móðir!« Eigi er þá getit fleiri orða þeira.

(Af Heimskringla.)

5. Kong Harald og Islændingen.

Maðr hét Auðun, vestfirzkr at kyni ok félítill; hann fór útan vestr þar í fjörðum með umbráði Þorsteins búanda góðs ok Þóris stýrimanns, er þar hafði þegit vist of vetrinn með Þorsteini. Auðun var ok þar ok starfaði fyrir hánum Þóri, ok þá þessi laun af hánum: utanferðina ok hans umsjá. Hann Auðun lagði mestan hluta fjár þess, er var, fyr móður sína, áðr hann stigi á skip, ok var kveðit á priggja vetra björg. Ok nú fara þeir útan héðan ok fersk þeim vel, ok var Auðun of vetrinn eptir með Þóri stýrimanni; hann átti bú á Møri. Ok um sumarit eptir fara þeir út til Grœnlands ok eru þar of vetrinn. Þess er við getit, at Auðun kaupir þar bjarndýri eitt, gørsimi mikla, ok gaf þar fyrir alla eigu sína. Ok nú of sumarit eptir þá fara þeir aptr til Noregs ok verða vel reiðfara; hefir Auðun dýr sít með sér ok ætlar nú at fara suðr til Danmerkr á fund Sveins konungs, ok gefa hánum dýrit. Ok er hann kom suðr í landit þar sem konungr var fyrir, þá gengr hann upp af skipi ok leiðir eptir sér dýrit, ok leigir sér herbergi. Haraldi konungi var sagt brátt, at þar var komit bjarndýri, gørsimi mikil, »ok á íslenzkr maðr«. Konungr sendir þegar menn eptir hánum, ok er Auðun kom fyrir konung, kveðr hann konung vel; konungr tók vel kveðju hans ok spurði síðan: »áttu gørsimi mikla í

bjarndýri?« Hann svarar ok kvezk eiga dýrit eithvert. Konungr mælti: »viltu selja oss dýrit við slíku verði sem þú keyptir?« Hann svarar: »eigi vil ek þat, herra!« »Viltu þá«, segir konungr, »at ek gefa þér tvau verð slík, ok mun þat réttara, ef þú hefir þar við gefit alla þína eigu«. »Eigi vil ek þat, herra!« segir hann. Konungr mælti: »viltu gefa mér þá?« Hann svarar: »eigi herra!« Konungr mælti: »hvæt viltu þá af gera?« Hann svarar: »fara«, segir hann, »til Danmerkr ok gefa Sveini konungi«. Haraldr konungr segir: »hvárt er, at þú ert maðr svá úvit, at þú hefir eigi heyrt úfrið þann, er í milli er landa þessa, eða ætlar þú giptu þína svá mikla, at þú munir þar komask með gørsimar, er aðrir fá eigi komizk klakklauð, þó at nauðsyn eigi til?« Auðun svarar: »herra! þat er á yðru valdi, en engu játum vér öðru, en þessu, er vér höfum áðr ætlat«. Þá mælti konungr: »hví mun eigi þat til, at þú farir leið þína sem þú vill, ok kom þá til míni, er þú ferr aptr, og seg mér, hversu Sveinn konungr launar þér dýrit, ok kann þat vera, at þú sér gæfumaðr«. »Því heit ek þér«, sagði Auðun.

Hann ferr nú síðan suðr með landi ok í Vík austr, ok þá til Danmerkr; ok er þá uppi hvern penningr fjárins, ok verðr hann þá biðja matar bæði fyr sik ok fyr dýrit. Hann kørðr á fund ármanns Sveins konungs þess er Áki hét, og bað hann vista nökkverra bæði fyr sik ok fyr dýrit: »ek ætla«, segir hann, »at gefa Sveini konungi dýrit«. Áki lézk selja myndu hánum vistir, ef hann vildi. Auðun kvezk ekki til hafa fyrir at gefa; »en ek vilda þó«, segir hann, »at þetta kvæmisk til leiðar, at ek mætta dýrit föra konungi«. »Ek mun fá þér vistir, sem it þurfði til konungs fundar; en þar í móti vil ek eiga hálft dýrit, ok máttu á þat líta, at dýrit mun deyja fyrir þér, þars it þurfð vistir miklar, en fó sé farit, ok er búit við, at þú hafir þá ekki dýrsins«. Ok er hann lítr á þetta, sýnisk hánum nökkvat eptir sem ármaðrinn mælti fyrir hánum, ok sættask þeir á þetta, at hann selr Áka hálft dýrit; ok

skal konungr síðan meta alt saman. Skulu þeir fara báðir nú á fund konungs, ok svá gera þeir; fara nú báðir á fund konungs ok stóðu fyr bordinu. Konungr ihugaði, hvern þessi maðr myndi vera, er hann kendi eigi, ok mælti síðan til Auðunar: »hverr ertu?« segir hann. Hann svarar: »ek em íslenzkr maðr, herra«, segir hann, »ok kominn nú útan af Grœnlandi, ok nú af Noregi, ok ætlaðak at fœra yðr bjarnydýr þetta; keyptak þat með allri eigu mínni, ok nú er þó á orðit mikit fyrir mér; ek á nú hálft eitt dýrit«, ok segir konungi síðan, hversu farit hafði með þeim Áka ármanni hans. Konungr mælti: »er þat satt, Áki! er hann segir?« »Satt er þat«, segir hann. Konungr mælti: »ok þótti þér þat til liggja, þar sem ek settak þík mikinn mann, at hepta þat eða tálma, er máðr gerðisk til at fœra mér gersimi, ok gaf fyr alla eign, ok sá þat Haraldr konungr at ráði at láta hann fara í friði, ok er hann várr úvinr? Hygg þú at þá, hvé sannligt þat var þínnar handar, ok þat væri makligt, at þú værir dreppinn; en ek mun nú eigi þat gera, en braut skaltu farar þegar ór landinu ok koma aldrigi aprí síðan mér í augsýn! En þér, Auðun! kann ek slíka þökk, sem þú gefir mér alt dýrit, og ver hér með mér!. Þat þekkisk hann, ok er með Sveini konungi um hríð.

Ok er liðu nökkverjar stundir, þá mælti Auðun við konung: »braut fýsir mik nú, herra!« Konungr svarar heldr seint: »hvati viltu þá?«, segir hann, »ef þú vill eigi með oss vera?« Hann segir: »suðr vil ek ganga«. »Ef þú vildir eigi svá gótt ráð taka«, segir konungr, »þá myndi mér fyr þykkja í, er þú fýsisk í braut«; ok nú gaf konungr hánum silfr mjök mikit, ok fór hann suðr síðan með Rúmferlum, ok skipaði konungr til um ferð hans, bað hann koma til sín, er hann kvæmi aprí. Nú fór hann ferðar sínnar, unz hann kemr suðr í Rómaborg, ok er hann hefir þar dvalizk sem hann tíðir, þá ferr hann aprí; tekur þá sótt mikla, gørir hann þá ákafliga magran; gengr þá upp alt féit þat, er konungr hafði gefit hánum til ferðarinnar;

tekr síðan upp stafkarls stíg ok biðr sér matar. Hann er þá kollótr ok heldr úsælligr; hann kemr aprí í Danmörk at páskum þangat sem konungr er þá staddir; en ei þorði hann at láta sjá sik ok var í kirkjuskotí, ok ætlaði þá til fundar við konung, er hann géngi til kirkju um kveldit; ok nú er hann sá konunginn ok hirðina fagrliga búna, þá þorði hann eigi at láta sjá sik. Ok er konungr gékk til drykkju í höllina, þá mataðisk Auðun úti, sem siðr er til Rúmferla, meðan þeir hafa eigi kastat staf ok skreppu. Ok nú of aptaninn er konungr gékk til kveldsöngs, ætlaði Auðun at hitta hann, ok svá mikit sem hánum þótti fyrr fyr, jók nú miklu á, er þeir váru druknir hirðmennir; ok er þeir géngu inn aprí, þá þekti konungr mann ok þóttisk finna, at eigi hafði frama til at ganga fram at hitta hann. Ok nú er hirðin gékk inn, þá veik konungr út ok mælti: »gangi sá nú fram, er mik vill finna; mik grunar, at sá muni vera maðrinu«. Þá gékk Auðun fram ok fél til fóta konungi, ok varla kendi konungr hann, ok þegar er konungr veit, hvern hann er. Tók konungr í hönd hánum Auðuni ok bað hann vel kominn, »ok hefir þú mikit skipask«, segir hann, »síðan vit sámsk«; leiðir hann eptir sér inn, ok er hirðin sá hann, hlógu þeir at hánum; en konungr sagði: »eigi þurfu þér at hánum at hlæja, því at betr hefir hann sét fyr sinni sál heldr en ér«. Þá lét konungr gera hánum laug ok gaf hánum síðan klæði, ok er hann nú með hánum. Þat er nú sagt einhverju sinni of várí, at konungr býðr Auðuni at vera með sér á lengðar, ok kvezk myndu gera hann skutilsvéin sínn ok leggja til hans góða virðing. Auðun segir: »guð þakki yðr, herra! sóma þann allan, er þér vilið til míni leggja; en hitt er mér í skapi at fara út til Íslands«. Konungr segir: »þetta sýnisk mér undarliga kosit«. Auðun mælti: »eigi má ek þat vita, herra!« segir hann, »at ek hafa hér mikinn sóma með yðr, en móðir míni troði stafkarls stíg út á Íslandi; því at nú er lokit björg þeiri, er ek lagða til, áðr ek fœra af Íslandi«. Konungr svarar: »vel er mælt«, segir hann,

»ok mannliga, ok muntu verða giptumaðr; sjá einn var svá hlutrinn, at mér myndi eigi mislíka, at þú færir í braut héðan; ok ver nú með mér þar til er skip búask«. Hann gørir svá.

Einn dag er á leið várit, gékk Sveinn konungr ofan á bryggjur, ok váru menn þá at, at búa skip til ýmissa landa, í Austrveg eða Saxland, til Svíþjóðar eða Noregs. Þá koma peir Auðun at einu skipi fögru, ok váru menn at, at búa skipit. Þá spurði konungr: »hvversu lízk þér, Auðun! á þetta skip?« Hann svarar: »vel, herra!« Konungr mælti: »þetta skip vil ek þér gefa ok launa bjarndýrit«. Hann þakkaði gjöfina eptir sínni kunnustu; ok er leið stund, ok skipit var albúit, þá mælti Sveinn konungr við Auðun: »þó viltu nú á braut, þá mun ek nú ekki letja þík, en þat hefi ek spurt, at ilt er til hafna fyrir landi yðru, ok eru víða öræfi ok hætt skipum; nú brýtr þú ok týnir skipinu ok fénu; lítt sér þat þá á, at þú hafir fundit Svein konung ok gefit hánum gersimi«. Síðan seldi konungr hánum leðrhosu fulla af silfri, »ok ertu þá enn eigi félauß með öllu, þótt þú brjótir skipit, ef þú fær haldir þessu. Verða má svá enn«, segir konungr, »at þú týnir þessu fé; lítt nýtr þú þá þess, er þú fant Svein konung ok gáft hánum gersimi«. Síðan dró konungr hring af hendi sér ok gaf Auðuni ok mælti: »þó at svá illa verði, at þú brjótir skipit ok týnir fénu, eigi ertu félauß, ef þú kemsk á land, því at margir menn hafa gull á sér í skipsbrotum, ok sér þá, at þú hefir fundit Svein konung, ef þú heldr hringinum; en þat vil ek ráða þér«, segir hann, »at þú gefir eigi hringinn, nema þú þykkisk eiga svá mikil gótt at launa nökkverjum göfgum manni, þá gef þeim hringinn, því at tignum mönnum sómir at þiggja, ok far nú heill!«

Síðan lætr hann í haf ok komr í Noreg, ok lætr flytja upp varnað sínn, ok þurfti nú meira við þat en fyrr, er hann var í Noregi. Hann ferr nú síðan á fund Haralds konungs ok vill efna þat, er hann hét hánum, áðr hann fór til Danmerkr, ok kveðr konung vel. Haraldr konungr

tók vel kveðju hans, ok »sezk niðr«, segir hann, »ok drekk hér með oss«; ok svá gørir hann. Þá spurði Haraldr konungr: »hverju launaði Sveinn konungr þér dýrit?« Auðun svarar: »því, herra! at hann þá at mér«. Konungr sagði: »launat mynda ek þér því hafa; hverju launaði hann enn?« Auðun svarar: »gaf hann mér silfr til suðrgöngu«. Þá segir Haraldr konungr: »mögum mónum gefr Sveinn konungr silfr til suðrgöngu eða annarra hluta, þótt ekki féri hánum gersimar; hvat er enn fleira?« »Hann bauð mér«, segir Auðun, »at gørask skutilsvéinn hans ok mikinn sóma til míni at leggja«. »Vel var þat mælt«, segir konungr, »ok launa myndi hann enn fleira«. Auðun sagði: »gaf henn mér knörr með farmi þeim, er hingat er bezt varit í Noreg«. »Þat var stórmannligt«, segir konungr, »en launat mynda ek þér því hafa. Launaði hann því fleira?« Auðun svaraði: »gaf hann mér leðrhosu fulla af silfri, ok kvað mik þá eigi félaußan, ef ek hélda því, þó at skip mitt bryti við Ísland«. Konungr sagði: »þat var ágætliga gjort, ok þat mynda ek ekki gjort hafa; lauss mynda ek þykkjask, ef ek gæfa þér skipit; hvárt launaði hann fleira?« »Svá var vist, herra!« segir Auðun, »at hann launaði; hann gaf mér hring þenna, er ek hefi á hendi, ok kvað, svá mega at berask, at ek týnda fénu öllu, ok sagði mik þá eigi félaußan, ef ek etta hringinn, ok bað mik eigi lóga, nema ek etta nökkrverjum tignum manni svá gótt at launa, at ek vilda gefa; en nú hefi ek þann fundit, því at þú áttir kost at taka hvárttveggja frá mér, dýrit ok svá líf mitt, en þú lézt mik fara þangat í friði, sem aðrir náðu eigi«. Konungr tók við gjöfinni með blíðu, ok gaf Auðuni í móti góðar gjafir, áðr en þeir skildisk. Auðun varði fénu til Íslandsferðar, ok fór út þegar um sumarit til Íslands ok þótti vera inn mesti gæfumaðr.

(Af Morkinskinna.)

6. Kongerne Ejsten og Sigurd.

Eysteinn konungr ok Sigurðr konungr váru einn vetr báðir á veizlu á Upplöndum, ok átti sínn þe hvárr þeira. En er skamt var milli þeira þeja, er konungar skyldu veizlu taka, þá gerðu menn þat ráð, at þeir skyldu vera báðir samt á veizlunum, ok sínu sinni at hvárs búum; váru þeir fyrst báðir samt at því búi, er Eysteinn konungr átti. En um kveldit er menn tóku at drekka, þá var munngát ekki gótt, ok váru menn hljódir. Þá mælti Eysteinn konungr: »þó eru menn hljódir; hitt er ölsiðr meiri, at menn geri sér gleði; fám oss ölteiti nökkura, mun þá enn á rætask um gaman manna. Sigurðr bróðir! þat mun öllum sœmst þykkja, at vit hefim nökkura skemtanarrœðu«. Sigurðr konungr svarar heldr stutt: »ver þú svá málugr, sem þú vilt, en látt mik ná at þegja fyrir þér«. Þá mælti Eysteinn konungr: »sá ölsiðr hefir opt verit, at meon taka sér jafnaðarmenn, vil ek hér svá vera láta«. Þá þagði Sigurðr konungr. »Sé ek«, sagði Eysteinn konungr, »at ek verð hefja þessa teiti, mun ek taka þik, bróðir! til jafnaðarmanns mér; fær ek þat til, at jafnt nafn höfum vit báðir ok jafna eign, geri ek ok engi mun ættar okkarrar eða uppfoezlu«. Þá svaraði Sigurðr konungr: »mantu eigi þat, er ek braut þik á bak, ef ek vilda, ok vartu vetri ellri?« Þá sagði Eysteinn konungr: »eigi man ek hitt síðr, er þú fékkt eigi leikit þat, er mjúkleikr var í«. Þá mælti Sigurðr konungr: »mantu, hversu fór um sundit með okkr, ek máttá kefja þik, ef ek vilda?« Eysteinn konungr sagði: »ekki svam ek skemra en þú, ok eigi var ek verr kafsyndr; ek kunna ok á ísleggjum, svá at engan vissa ek þann, er þat kepti við mik, en þú kunnir þat eigi heldr en naut«. Sigurðr konungr sagði: »höfðingligri íþrótt ok nytsamligri þykki mér at kunna vel á boga, ætla ek, at þú nýtir eigi boga mínn, þóttu spyrnir fótum í«. Eysteinn konungr svaraði: »ekki em ek bogsterkr sem þú, en minna mun skilja beinskeyti okkra,

ok miklu kann ek betr á skíðum en þú, ok hafði þat verit enn fyrr kölluð góð íþrótt«. Sigurðr konungr sagði: »þess þykkir mér mikill munr, at þat er höfðingligra, at sá er yfirmáðr skal vera annarra manna, sé mikill í flokki, sterkr ok vápnförr betr en aðrir menn, ok auðsær ok auðkendr, þá er flestir eru saman«. Eysteinn konungr sagði: »eigi er þat síðr einkanna hlutr, at maðr sé fríðr, ok er sá ok auðkendr í mannfjölda, þykki mér þat ok höfðingligt, því at fríðleikinum sómir hinn beztí búnaðr; kann ek ok miklu betr til laga en þú, ok svá hvat er vit skulum tala, em ek miklu sléttordari«. Sigurðr konungr sagði: »vera kann, at þú hafir numit fleiri lögprettu, því at ek átta þá annat at starfa, ok engi frýr þér sléttmælis, en hitt mæla margir, at þú sér ekki allfastorðr, ok lítit mark sé, hverju þú heitr, mælir eptir þeim, er þá eru hjá, ok er þat ekki konungligt«. Eysteinn konungr sagði: »þat berr til þess, er menn bera mál sín fyrir mik, þá hygg ek at því fyrst, at lúka svá hvers manns máli, at þeim mætti bezt þykkja; þá kemr opt annarr, sá er mál á við hann, ok verðr þá opt dregit til at miðla, svá at báðum skyli líka. Hitt er ok opt, at ek heit því, er ek em beðinn, því at ek vilda, at allir fær fegnir fra mínum fundi. Sé ek hinn kost, ef ek vil hafa, sem þú gerir, at heita öllum illu, en engi heyri ek efndanna fryja«. Sigurðr konungr sagði: »þat hefir verit mál manna, at ferð sú, er ek fór ór landi, væri heldr höfðinglig, en þú sazt heima meðan, sem dóttir födur þíns«. Eysteinn konungr svarar: »nú greipt þú á kylinu; eigi mynda ek þessa rœdu vekja, ef ek kynna hér engu svara; nærr þótti mér hinu, at ek gerða þik heiman sem systur mína, áðr þú yrðir búinn til ferdar«. Sigurðr konungr sagði: »heyrt muntu hafa þat, at ek átta orrostur mjök margar í Serklandi, er þú munt heyrt hafa getit, ok félk ek í öllum sigr, ok margs konar gersimar, þær er eigi hafa fyrr slíkar komit hingat til lands; þóttu ek þar mest verðr, er ek fann göfgasta menn, en ek hygg, at eigi hafir þú enn hleypt heimdreganum«. Eysteinn konungr sagði:

»spurt hefi ek þat, at þú áttir orrostur nökkurar útan lands, en nytsamligra var þat landi váru, er ek gerða meðan: ek reista fimm kirkjur af grundvelli, ok gerða ek höfn við Agðanes, er áðr var oræfi, ok hvers manns för, þá er ferr norðr eða suðr með landi; ek gerða ok stöپulinn í Sinhólmssundi, ok höllina í Björgyn, meðan þú brytjaðir blámenn fyrir fjandann á Serklandi, ætla ek þat lítit gagn ríki váru«. Sigurðr konungr sagði: »fór ek í ferð pessi lengst út til Jórdanar, ok lögðumk ek yfir ána; en út á bakkanum er kjarr nökkut, en þar á kjarrinu reið ek knút, ok mælta ek svá fyrir, at þú skyldir leysa, bróðir! eða hafa elligar þvílikan formála, sem þar var á lagðr«. Eysteinn kouungr sagði: »eigi mun ek leysa þann knút, er þú reitt mér, en ríða máttu ek þér þann knút, er miklu síðr féngir þú leyst, þá er þú sigldir einskipa í her mínn, þá er þú komt í land«. Eptir þat þögnudu þeir báðir, ok var hyárrtveggi reiðr.

Fleiri blutir urðu þeir í skiptum þeira bræðra, er þat fannsk á, at hvárr dró sik fram ok sít mál, ok vildi hvárr vera öðrum meiri, en héltk þó friðr milli þeira, meðan þeir lifðu.

(Af Heimskringla.)

7. Knud lavard.

Knútr, son Eiríks konungs, hafði hertogadömi í Heiðabý, sem Eiríkr konungr faðir hans hafði gefit hánum; hann var allra manna vinsælastr ok örvastr af fé, ok bezt þokk-áðr af alþýðu, þótt Nikolás konungr eða Magnús son hans hefði ríki meira; því var hann kallaðr Knútr lávarðr. Þat bar mest til vinsælda hans, at hann létt öllum mönnum heimilt fé sít, er hafa þurftu, en þeir gættu eigi hófs, er hafa vildu, ok urðu framlögir minni í móti, en nauðsyn

krafði, ok gékk upp fyrir hánum mjök lausaféit. Ekki var mart um með þeim Nikolási konungi ok Knúti lávarði; öfunduðu þeir feðgar mjök vinsæld Knúts; var þat ok mjök rótt at segja, at hverr maðr í Danmörk vildi svá sitja ok standa sem Knútr vildi; var Magnús þó jafnan fær til hans. Nökkurum vetrum eptir andlát Eiríks konungs andaðisk Heinrekr keisari í Saxlandi, var síðan keisari Heinrekr son hans; en er Knútr spurði þat, at Heinrekr móðurbróðir hans var andaðr, en Heinrekr son hans keisari orðinn, þá fýstisk hann at finna frænda sínn, keisarann, ok fór hann með virðuligu fóruneyti; ok er keisarinn spurði til frænda síns, þá létt hann búa virðuliga veizlu á móti hánum, ok fagnaði hánum með blíðu, er þeir fundusk. Dvaldisk Knútr með keisara um hríð í enum mestum kærleikum ok prís.

Þat var eitt sinn, er þeir töludu. Heinrekr keisari ok Knútr lávarðr, þá mælti hertoginn til keisara: »herra!« segir hann, »ek hefi veitt yðr heimsókn í mínni tilkvámu, at sökja at yðr heil ráð fyrir frændsemi sakir, vænti ek hér sömdar sem þér eruð, ok at þér munið meira meta við mik frændsemi, en viðskipti mínnna fyrri frænda. En ríki mitt stendr mjök til auðnar, en hugr mínn fýsisk at halda söendum, vilda ek eigi láta þat vald, er faðir mínn fékk mér í hendr; vildum vér gjarna þar til hafa heil ráð af yðr, hversu með skal fara«. Keisari svarar: »ek hefi spurt vinsæld yðra, ok at þér hafið hvers manns lof, ok er en mesta nauðsyn, at þér fáið ríki yðru haldir ok söendum; nú er þat siðr várr«, segir keisarinn, »hér í Saxlandi ok enn víða annars staðar at læsa hafnir fyrir landinu, ok taka þar toll af, ok láta önga ná at leggja skipum sínum í höfnum, nema leigu leggi eptir. Nú kann vera, at þetta þíkki hart, þar er menn eru úvanir þessu; en svá mikinn framgang hefir yður söemd áðr fengit, at mik væntir, at hón mun ekki við þetta minkask: því at þat er ríkra manna siðr víða í löndum, at læsa hafnir fyrir landi sínu, ok taka menn þar stórfé eptir, en þat er

pó gæzla mikil ríkinu við úfriði. Þar með skal ek fá þér nakkvat í fjármunum, svá at þú megin halda sóma þínunum fyrir þessa sök». Hertoginn pakkaði keisaranum fyrir sín tillög, ok kallaði vel til fallit í sínu landi, at læsa hafnir, ok kallaði svá háttat landinu, at þat væri auðvelt víða. Síðan fór hertoginn heim í ríki sítt með stórmannligum fégjöfum ok mörgum sœmiligum hlutum, er hann hafði pegit af keisara.

Þá var mjök herskátt í Danmörk af heiðnum mönnum þeim er löngum lágu í hernaði á sumrum, ok ræntu kaupmenn eða landsmenn. Ok er Knútr lávarðr hafði eigi langa stund heima verit í ríki sínu, þá lét hann gera kastala tvá tveim megin Slesvíkr, þar sem mjóst var yfir sundit, er útan gengr at Heiðabý; síðan lét hann gera yfir sundit járnrekendr, en sumt af viðum, svá at læsa mátti sundit; setti síðan menn í kastalann at gæta, ok láta þau ein skip þar inn leggja, er þeir tøki fé af hverju skipi. Hertoginn sat löngum í Heiðabý, var hann nú hirðr fyrir öllum úfriði; styrktisk hann nú mjök at penningum, en hélt þó öllum vinsældum, eptir því sem keisarinn hafði getit til.

Viðgautr hét maðr, hann var ættaðr af Sámlandi, hann var maðr heiðinn, hann var kaupmaðr, ok var stóraðigr og vel mentr um marga hluti, hann sigldi jafnan kaupferðir í Austrveg. Þat var eitt summar, er hann sigldi austan at Kúrlandi, þá lágu Kúrir þar fyrir hánum á herskipum, ok lögðu þegar at hánum, ok vildu drepa hann; en með því at hann var einskipa, þá sá hann sik önga viðtöku mega hafa, ok setr upp segl, ok ætlað at sigla heim til Sámlands. Kúrir sigldu þegar eptir, ok komask í millum Sámlands ok hans; sér hann, at hann hefir tvá kosti fyrir höndum: at hætta á fund þeira, hvern yrði, eða sigla á haf undan, ok snúa til kristinna landa, ok þótti hánum hvárrgi góðr. Tók hann þó þat til ráðs, at sigla á haf ok austan til Danmerkr. Hann hafði haft spurn af Knúti lávarði, ok þat með at allir hlutu gótt af

hánum, er á hans fund kvæmi; vænti hann sér þar sóma, er margir féngu aðr; réð hann þá þat af, at sigla til Heiðabœjar; sigldi hann þá at sundinu því, er læst var. Þá kallar hann á varðmennina þá, er í kastalanum vár, sagðisk hann vildu leggja inn í höfnina. Varðmaðrinn spyrr, hverr hann væri. Hann svarar: »ek heiti Viðgautr«. Varðmaðrinu svarar: »ekki bíðr Knútr lávarðr, at vér lúkum upp hafnir fyrir mönnum, er vér vitum eigi skyn á«. Viðgautr svarar: »láttu upp höfnina, góðr maðr! því at ek vil Knút finna, skal ek ok fyrir þik svara, ef hertogi vill þik nökkut um þetta kuuna«. Varðmaðrinn mælti: »vel er til mælt«, segir hann. Luku þeir þá upp sundinu, ok lagði Viðgautr inn skipi sínu, ok fór síðan á fund hertoga. Knútr spurði, hverir þeir væri. Viðgautr sagði, at þeir væri af Sámlandi. Knútr svarar: »heyrt hefi ek þín getit, ok er mér sagt, at þú munir vera heiðinn maðr«. Viðgautr svarar: »víst erum vér heiðnrinn menn«. Hertogi mælti: »tveir eru kostir til: at þér takið við kristni, ok látið skírask, skulu þér vera hér þá allir vel komnir, eða hætta til ella hvat fyrir liggr«. Viðgautr svarar: »mun eigi einsætt, herra! at kjósa hinn betra sér til handa, ef þess er kostr? vil ek gjarna taka við trú, ok þiggja síðan sóma af yðr«. Síðan váru þeir skírðir, ok váru með Knúti lávarði um vetrinn í góðu yfirlæti. Viðgautr var löngum á tali við hertoga, kunni hann frá mörgu at segja, því at hann var vitr maðr, ok hafði víða farit. Hertogi spurði hann margs ór Austrvegi, ok kunni hann þaðan mart at segja.

Haraldr var konungr austr í Hölmgarði, sou Valdimars konungs, Jarislafssonar, Valdimarssonar. Móðir Haralds var Gyða, dóttir Haralds Englakonungs, Guðinasonar. Haraldr átti Kristínu, dóttur Inga Svákonungs, Steinkelssonar, systur Margrétar dróttningar, er þá átti Nikolás Danakonungr. Dætr Haralds ok Kristínar váru þær Málmfriðr, er átti Sigurðr konungr Jórsalafari ok Ingibjörg. En er Viðgautr hafði verit einn vetr með Knúti

Lávarði í miklum kærleikum, þá beiddi hertogi, at hann mundi fara sendiför hans austr til Hólmgarðs ok biðja Ingibjargar, dóttur Haralds konungs, til handa hánum. Viðgautr svarar: »herra!« segir hann, »einn hlutr er sá, er ek em til fœrr yðvart örindi at flytja, at fé skortir mik eigi; en þó at ek sé fyrir margra hluta sakir vanfœrr til yðvart örindi at flytja, þá verð ek þó skyldr til at gøra yðvarn vilja um alt þat, sem þér vilið mik til nýta«. Hertogi þakkar hánum, ok lézk því þetta mál við hann talat hafa, at hánum þetti hann bezt til fallinn þeira manna, er í hans valdi váru, bæði fyrir sakir vits ok framkvæmdar. Síðan var búin ferð hans, ok áðr en Viðgautr fœri á brott, mælti hann til hertoga: »herra!« segir hann, »þér hafið gört til vár í vetr með miklum sóma, ok veitt oss stórmannliga, en launin munu vera minni af mínni hendi, en vert væri; þér skuluð þiggja af mér fjóra tigu serkja grára skinna, en fimm timbr eru í serk hverjum, en fjórir tigir skinna í timbr«. Hertogi þakkaði hánum gjöfina, ok kvazk eigi betri gjöf þegit hafa. Viðgautr siglir nú í brott með sínu föruneyti, ok létti eigi fyrr en hann kemr austr í Hólmgarð á fund Haralds konungs; heimti hann sik fram með féggjöfum við konunginn. Konungrinn tók hánum vel, því at Viðgautr var frægr maðr ok djarfr í máli, ok kunni margar tungur. Hann bar fram örindi sín við konunginn, ok flutti kœnliga, ok sagði svá frá Knúti lávarði, at allir mundu fra hánum einn veg segja, at engi er hans jafningi í Danmörk ok miklu viðara: »ætt hans er yðr öllum kunnig, ok er yðr öllum sómi í þessu«. Konungr svarar: »mikit fullting veitir þú hánum í orðum þínum, ok man hér skjótt lykt falla á þetta mál, ef vér höfum þín ráð hér um«. »Já, herra!« segir hann, »í əngvan stað mun yðr reynask úframrar, en ek hefi frá sagt; því at þat er almæli, at Knútr lávarðr er fyrirmaðr allra þeira manna, er nú vaxa upp í Danmörk eða á Norðrlöndum«. Konungr svarar: »með því at vér vitum þik sannorðan, ok þú ert

oss at góðu einu kunnr, höfum vér ok áðr heyrt nökkut getit Knúts lávarðar, þá skulu vér máli þessu vel svara; en ríki þikkir oss hann lítit hafa til forrædis, þótt hann hafi einn hertogadóm í Danmörk«. Viðgautr svarar: »þat hefir hann þar á móti, er miklu er frægra«. »Hvat er þat?« segir konungr. Viðgautr svarar: »mannkosti skal hann hafa um fram flesta menn aðra, ok er þat meira vert, en mikil fé eða ríki«. Síðan átti konungr tal við dóttur sína, ok við annat ráðuneyti sítt, ok tjáði þetta mál fyrir þeim; en allir fýstu þessa ráðs, ok svá kom með samþykki Ingibjargar, at hón skyldi giptask Knúti lávarði, ok fór Viðgautr með þessum örindum til Danmerkr, ok fann Knút hertoga, ok sagði frá sínum örindum. Knútr hertogi þakk-aði hánum sítt starf; efnaði hertogi til brúðlaups síns, en Haraldr konungr sendi Ingibjörgu dóttur sína austan ór Hólmgarði at nefndri stundu með fríðu föruneyti; en er hón kom til Danmerkr, tók hertogi vel við henni ok par með öll alþýða; síðan gørði hann brúðlaup sítt til hennar með miklum fagnaði ok sóma. Þau áttu nökkur börn, þau er enn munu síðar nefnd vera.

Magnús Nikolásson óx upp í hirð föður síns, ok var hann allra manna mestr í allri Danmörk, ok vel vinsæll, en þó var Knútr lávarðr allra vinsælastr ok bezt þokkaðr af alþýðu, þó at þeir Nikolás konungr ok Magnús son hans hefði ríki meira; ok þat sama olli því, er nökkur fæð var í milli þeira, at þeim feðgum óx öfund á vinsældum hans, ok þótti þeim hans vinir helzti margir. Magnús Nikolásson fékk Ríkizu, dóttur Burizleifs Vindakonungs; þeira synir váru þeir Knútr ok Nikolás. Magnús hafði jafnan með sér mikla sveit manna; hann var löngum innan hirðar með Nikolási konungi feðr sínum, en stundum var í sínum stað hvárr þeira; hann var sterkr maðr ok bráðgorr í öllu; hann var kallaðr Magnús sterki.

Knútr lávarðr bjó ferð sína ór landi í annat sinn, ok fór enn á fund Heinreks keisara, frænda síns; ok er keisarin spurði til ferða hans, þá lét hann búa fyrir hánum

veizlu virðuliga, ok fagnaði hánum vel. Keisarinn mælti eitt sinn til hertogans: »gleðr mik þat, frændi!« sagði hann, »at allir syngja yðr eitt lof, því at þik lofa allir beir, er nökkut skynja, ok þíns nafns heyra getit, svá at engi maðr er jafn vinsæll sem þú«. Hertoginn svarar: »gæfu beru vér til þess, herra!« sagði hann, »en þér hafið oss upp hafit með yðrum styrk ok ráðum«. Þá lét hertoginn fram bera grávöruna þá, er Viðgastr hafði gefit hánum, ok mælti til keisaranus: »þenna varning vil ek, at þér þiggið af mér, herra! þó at smæri minningar sé gørvar en vera ætti«. Keisarinn sá þessa gjöf, ok þakkaði hánum, ok mælti: »þegit hefi ek sterri gjafir«, sagði hann, »en fár þær, at mér hafi betri þótt«. Hertoginn dvaldisk með keisaranum um hríð í góðu yfirlæti ok miklum kærleikum; ok er hertoginn bjósk til heimferðar, þá gaf keisarinn hánum margar gersimar, ok sagði, at hann skyldi eigi fē skorta, meðan þeir lifa báðir: »en þær gjafir, er þér færðuð mér, skal ek launa einar saman; þér skuluð þiggja af mér klæði, er eigi er víst at önnur sé slík í yðru landi eða viðara, ok þess vænti ek, ef þér eigið klæðin, at þar fylgi hamingja yður ok gipta ríkis yðars eptir; vil ek þess biðja yðr, frændi!« segir hann, »at þú lögir eigi klæðunum, en um þat em ek hræddr, ef þér lógið, at þá sé skömm un-aðsbót at yðvarri scemd«. Þetta váru tignarklæði keisarans, ok váru þau öll gullsamuð ok enar mestu gersimar. Hertoginn þakkaði hánum gjafirnar, ok allan þann sóma, er hann hafði til hans gørvan. Síðan fór hertoginn heim í ríki sítt, ok þótti jafnan enn mesti ágætismaðr. Lítlu síðar andaðisk keisarinn, ok segja menn, at sú náttúra fylgði tignarklæðunum þeim, er keisarinn gaf Knúti lávarði, frænda sínum, at flestir yrði skammlífir þaðan frá, er klæðunum hefði lögat. Síðan tók keisaradóm Ljóðgeirr, saxneskr hertogi, hann var síðan kallaðr Lótariús.

Knútr lávarðr var svá vinsæll, sem fyrr var sagt, at allir enir beztu menn í Danmörk váru hans vinir, eigi minni en Nikoláss konungs eða Magnúss sonar hans; en

þat var, sem fyrr var sagt, at þeir feðgar kunnu því svá illa fyrir öfundar sakir, at fyrir þat sama lögðu þeir úþept til hertogans ok margra hans vina. Ok er Knútr lávarðr fann þetta, leitaði hann sér ráðs, ok þóttisk vandliga saklauss við þá feðga. Þat var eitt sinn, at þeir Nikolás konungr ok Magnús son hans váru suðr á Jótlandi, at Knútr lávarðr fór á fund þeira með nökkura menn; ok er þeir fundusk, fögnumu þeir vel hertoganum. Knútr mælti þá: »þat er örindi mítt hingat, at ek vil bjóða ykkir feðgum til veizlu: vilda ek, at vér ættim marga góða hluti saman, sem oss sómir fyrir frændsemi sakir, ok láturnum eigi rógs-menn spilla frændsemi várri fyrir engva tilgörninga«. Þeir svöruðu ok sögðusk þat gjarna vilja, ok sögðu engva hluti í milli þeira vera þá, er eigi mætti þeira frændsemi vel fara. Síðan reið Knútr lávarðr heim til Heiðabœjar, ok lét þar búa veizlu í móti Nikolási konungi ok Magnúsi syni hans; en þeir kómu til veizlunnar at ákveðinni stundu, ok var þar ágæt veizla; ok er sá dagr kom, er þeir skyldu í brott ríða, þá þakkaði hertoginn Nikolási konungi þann sóma, er þeir höfðu hánum gørvan í þangatkvámu sínni, ok gaf konunginum marga ágæta gripi. Síðan gékk hann til Magnúss, ok mælti: »Magnús frændi!« sagði hann, »hér eru klæði þau, er Heinrekr keisari, frændi mínn, gaf mér, en nú vil ek gefa yðr klæðin til vináttu ok heillar frænd-semi; ok vil ek því gefa þér ena beztu gripi, er ek á til, at þér samir vel at bera, enda ann ek þér vel at njóta, því at þú munt mér þat góðu launa«. Magnús fór þegar í klæðin, ok mæltu allir, er hann sá, at eigi mundi finna-sk hánum vænni maðr eða tiguligri, ok sögðu, sem satt var, at þar var stórsœmda fyrir vert. Nikolás konungr ok Magnús son hans þökkuðu hertoganum þá hluti, er hann hafði scemiliga til þeira gort í heimboði ok í stórmann-lígum gjöfum; ok áðr en þeir skildu, buðu þeir hánum til sín um vetrinn til jólaveizlu; hann tók því þakksamliga. Skildu þeir frændr þá með enum mesta kærleik.

Þenna vetr skyldi Nikolás konungr taka jólaveizlu á

Hringstöðum norðr í Sjólandi, ok til þessar veizlu kom Knútr lávarðr eptir því sem ætlat var, við nökkura menn, ok var hann með Nikolási konungi um jólin, ok var þar ágætlig veizla, ok váru þar miklir kærleikar með þeim Nikolási konungi ok Magnúsi syni hans ok Knúti lávarði, frænda þeira. En er sá dagr kom, er veizluna skyldi eyða, þá segir hertoginn, at hann vill þá búask til ferðar; þenna dag var veizlan allra ákofust, ok váru menn hertogans mjök druknir. Þá mælti Magnús til hertogans: »herra!« sagði hann, »þó at yðr verði smæri gjafir veittar en vert væri, þá vil ek þó minnask yðar: ek vil gefa yðr riddara fjóra tigu með öllum búnaði sínum«. (En þat er sagt, at einn riddara kostar átta merkr gulls sínn búnað.) Hertoginn þakkar Magnúsi gjöfina, ok segir, at þessi gjöf var bæði góð ok stórmannlig. Nú leið á daginn, ok kom eigi riddaraliðit þat, er Magnús skyldi gefa hertoganum, því at eigi var alla í einum stað upp at taka. Þá mælti hertoginn: »Magnús frændi!« sagði hann, »nú munu vér ríða fyrir ok bíða svá liðsins, þar sem yðr þykkir fallit«. Magnús svaraði: »gerum svá«, sagði hann, »ok skal ek ríða á leið með yðr, frændi! ok skiljask eigi fyrri við yðr, en þat er efnat, er ek hefi heitit yðr«. »Já, herra!« sagði hertoginn, »alt mun þat svá efnask, sem þér hafið til skipat, en jafnan þikkir oss söemd at yðru föruneyti«. Síðan minntisk Knútr lávarðr við Nikolás konung, frænda sínn, ok aðra menn þá, er hánum sýndisk. Eptir þat stíga þeir á hesta sína, ok ríða í brott; þeir riðu um skóg nökkurn, ok kómu í rjóðr eitt; þá bað Magnús þá stíga af baki, ok bíða riddaranna, ok lézk vænta, at þeir mundi skamma stund þurfa. Þeir gérdu nú svá, at menn stigu af hestunum, ok settusk niðr í rjóðrinu, ok sofnuðu þegar margir, er af baki váru farnir, því at þeir höfðu drukkit fast um daginn. Knútr lávarðr sat á lág einni, en Magnús frændi hans hjá hánum, ok var hann Magnús í blári kápu. Síðan sjá þeir, hvar maðr hljóp fram ór skóginum, þar sem þeir váru, ok er hann kom í rjóðrit, þar er þeir sátu,

steypsti hann af sér kápunni, er hann var í, ok reif af ermina aðra; hann mælti ekki við þá, hljóp síðan aprí skógin. Hertoginn spurði Magnús: »frændi!« sagði hann, »hvad ætla þú slíkt vera? svá er, sem þetta sé vísrending nökkur«. »Ek veit eigi, herra!« sagði Magnús, »lítit mark ætla ek at slíku; eða hyggr þú, at hér búi nakkvat annat undir?« Hertoginn svaraði: »þat grunar mik, at þetta muni skulu vera njósni nökkur þeim, er nær oss eru, ok mun lið vera komit at oss í skóginum«. »Ekki mun þat vera, frændi!« segir Magnús, »því at þú ert svá vinsæll maðr, at engi vill yðr grand gora«. Þá tók hertoginn hendi sínni á öxl Magnúsi, ok spurði: »hví leiddir þú mik svá á götu, frændi!« sagði hann, »at þú vart í brynu?« Magnús svaraði: »því at ek em eigi jafn vinsæll, sem þér eruð, frændi!« Í þenna tíma, er þeir tóluðusk við, kváðu við lúðrar í skóginum alla vega braut frá þeim, ok því næst drifu menn at þeim ór mörkinni. Fyrir þessu liði réð sá maðr, er hétt Heinrekr halti, hann var son Sveins, Sveinssonar konungs, Úlfssonar, manni firnar en broðr ungr Knúts lávarðar; en þetta váru þó ráð þeira feðga Nikoláss konungs ok Magnúss sonar hans. Ok er hertoginn sá, at liðit þusti fram ór skóginum at þeim, ok hann sá, at þetta váru úfriðarmenn, þá mælti hann: »hvad er nú, Magnús frændi!« sagði hann, »ræðr þú nakkvat fyrir fjölmenni þessu?« Magnús snaraðisk við hánum, ok mælti: »engu skiptir þik, hverr fyrir ræðr; at fullu skal þér nú vinna«. Snerisk hann þá í lið með Heinreki halta. Hertoginn mælti: »guð fyrirgefi þér, frændi!« sagði hann, »ef nakkvat er ofgört í þessu, ok fyrirgefa vil ek þér«. Þeir Magnús ok Heinrekr hälti veittu þeim Knúti lávarði atgöngu harða, en þeir hertoginn snerusk til varnar í móti; þar tóksk hörð orrosta, ok var mjök újafnlig, því at margir váru þar um einn; váru þeir ok ekki við búningar, því at þeir vissu sér enskis ótta vánir né úfriðar á þeim degi; váru ok margir svá dauðadrucknir, at eigi vöknudu, fyrr en spjótin dundu á þeim eða í gegnum þá, þeir er sofnat

höfðu. Þar féll Knútr lávarðr, ok er þat flestra manna sögn, at Heinrekr halti bæri vápn á hann, ok veitti hánum bana; þar fáll ok mestr hluti liðs hans hertogans; en hann sjálfr fékk þó mælt fyrir sér þat, er hánum var hjálpvænligast, áðr hann lézk, en fátt eða ekki lézk af liði þeira Magnúss ok Heinreks. En er þessi tíðindi spurðusk um Danmörk, þá harmaði hverr maðr Knút lávarðr, ok urðu þeir Nikolás ok Magnús son hans stórilla þokkaðir af þessu verki, svá at nær engi maðr í Danmörk bað heim góðs fyrir þetta, ok jafnvel þeir, er áðr váru vinir þeira, sögðu, svá sem var, at þetta var et mesta níðingsverk, ok engi dugandi maðr mundi til þeira vilja þjóna upp frá því. Knútr lávarðr var færð til Hringstaða, ok þar jarðaðr, ok er sannheilagr maðr, ok gérir margar fagrar jarteignir ok dýrligar. Líflátsdagr hans er einni nött eptir enn prettánda dag jóla; en nú er hánum haldinn messudagr um alla Danmörk enn næsta dag eptir Jónsmessu baptista á sumarit, því at þá var upp tekinn ór jörðu heilagr dómr hans. Þar heitir nú Lávarðsskógr, er hann fáll. Svá segja Danir, at í rjóðri því, er enn helgi Knútr lávarðr fáll, sé jafnan síðan fagrgrønn völlr, hvárt sem er vetr eða sumar.

Enn helgi Knútr lávarðr ok Ingibjörg áttu deetr þrjár, Margrétu ok Kristínu ok Katrínu. En er enn heilagi Knútr lávarðr fáll, var Ingibjörg kona hans með barni; hún var þenna vetr austr í Garðaríki með Haraldi konungi feðr sínum. Hón föddi sveinbarn, ok hét sá sveinn Valdimarr; hann var föddr sjau nótum eptir líflát ens heilaga Knúts lávarðar föður síns, hann var snemma bæði vænn ok mikill ok afbragðligr um flesta hluti; hann óx upp austr í Garðaríki með móðurfrændum sínum, meðan hann var í barnesku, ok var brátt vinsæll af alþýðu manna.

(Af Knytlinga saga.)

III. Gunnlaugs saga ormstungu.

1. Þorsteinn hét maðr, hann var Egilsson, Skallagrímssonar, Kveldúlfssonar hersis ór Noregi; en Ásgerðr hét móðir Þorsteins ok var Bjarnardóttir. Þorsteinn bjó at Borg í Borgarfirði; hann var auðigr at fé ok höfðingi mikill, vitr maðr ok hógværr ok hófsmaðr um alla hluti. Engi var hann afreksmaðr um vöxt eða afl, sem Egill faðir hans, en þó var hann et mesta afarmenni ok vinsæll af allri alþýðu. Þorsteinn var vænn maðr, hvítr á hár ok eygr manna bezt. Hann átti Jófríði, Gunnars dóttur, Hlífarsonar. Jófríðr var átfján vetra, er Þorsteinn fékk hennar; hón var ekkja; hana hafði átt fyrr Þóroddr, son Tungu-Odds, ok var þeira dóttir Húngerðr, er þar föddisk upp at Borg með Þorsteini. Jófríðr var skörungr mikill; þau Þorsteinn áttu mart barna, en þó koma fá við þessa sögu; Skúli var elztr sona þeira, annarr Kollsveinn, þriði Egill.

2. Eitt sumar er þat sagt, at skip kom af hafi í Gufárós; Bergfinnr er nefndr stýrimaðr fyrir skipinu, norrœnn at att, auðigr at fé ok heldr við aldr; hann var vitr maðr. Þorsteinn bóndi reið til skips, ok réð jafnan mestu, hver kaupstefna var, ok svá var enn. Austmenn vistuðusk, en Þorsteinn tók við stýrimanninum, fyrir því at hann beiddisk þangat. Bergfinnr var fátaðr of vetrinn, en Þorsteinn veitti hánum vel. Austmaðrinn hendi

mikit gaman at draumum. Um várit einn dag røddi Þorsteinn um við Bergfnn, ef hann vildi riða með hánum upp undir Valfell; þar var þá þingstöð þeira Borgfirðinga; en Þorsteini var sagt, at fallnir væri búðarveggir hans. Austmaðrinn kveðsk þat víst vilja, ok riðu þeir heiman of daginn þrír saman ok húskarlar Þorsteins, þar til er peir koma upp undir Valfell, til bœjar þess, er at Grenjum heitir; þar bjó einn maðr félitill, er Atli hét; hann var landseti Þorsteins, ok beiddi Þorsteinn Atla, at hann fœri til starfs með þeim ok hefði pál ok reku; hann gørði svá. Ok er þeir koma til búðartoptanna, þá tóku þeir til starfs allir ok fœrðu út veggina. Veðrit var heitt af sólu, ok varð þeim Þorsteini ok Austmanni erfitt; ok er þeir höfðu út fœrt veggina, þá settisk Þorsteinn niðr ok Austmaðr í búðartoptina, ok sofnaði Þorsteinn ok lét illa í svefni; Austmaðr sat hjá hánum ok lét hann njóta draums síns, ok er hann vaknaði, var hánum erfitt orðit. Austmaðr spurði, hvat hann hefði dreymt, er hann lét svá illa í svefni. Þorsteinn svaraði: »ekki er mark at draumum«. Ok er þeir riðu heim um kveldit, þá spyrr Austmaðr enn, hvat Þorstein hefði dreymt. Þorsteinn segir: »ef ek segi þér drauminn, þá skaltu ráða hann, sem hann er til«. Austmaðr kveðsk á þat hætta mundu. Þorsteinn mælti þá: »þat dreymdi mik, at ek þóttumk heima vera at Borg ok úti fyrir karldyrum, ok sá ek upp á húsin, ok á mœninum álp eina væna ok fagra, ok þóttumk ek eiga, ok þótti mér allgöð. Þá sá ek fljúga ofan frá fjöllunum örн mikinn; hann fló hingat ok settisk hjá álpinni, ok klakaði við hana blíðliga, ok hón þótti mér þat vel þekkjak. Þá sá ek, at örnninn var svarteygr, ok járnklær váru á hánum; vaskligr sýndisk mér hann. Því næst sá ek fljúga annan fugl af suðraett; sá fló hingat til Borgar ok settisk á húsin hjá álpinni ok vildi þýðask hana. Þat var ok örн mikill. Brátt þótti mér sá örnninn, er fyrir var, ýfask mjök, er hinn kom til, ok börðusk þeir snarpliga og lengi, ok þat sá ek, at hvárrtveggja bleddi; ok

svá lauk þeira leik, at sín veg hné hvárr þeira af hús-mœninum, ok váru þá báðir dauðir. En álpinn sat eptir, hnippin mjök ok daprlig. Ok þá sá ek fljúga fugl ór vestri, þat var valr; hann settisk hjá álpinni ok lét blítt við hana, ok síðan flugu þau í brott bæði samt í sömu ætt; ok þá vaknaða ek. Ok er draumr þessi úmerkiligr», segir hann, »ok man vera fyrir veðrum, at þau moetask í lopti, ór þeim ættum, en mér þóttu fuglarnir fljúga«. Austmaðr segir: »ekki er þat mén ætlan«, segir hann, »at svá sé«. Þorsteinn mælti: »gör af drauminum slikt, er þér sýnisk líkligast, ok lát mik heyra«. Austmaðr mælti: »fuglar þeir munu vera manna fylgjur; en húsfreyja þín er eigi heil, ok man hón fœða meybarn frítt ok fagrt, ok mant þú unna því mikit; en göfgir menn munu biðja dóttur þínnar, ór þeim ættum, sem þér þóttu ernirnir fljúga at, ok leggja á hana ofrást ok berjask of hana ok látask báðir af því efni; ok því næst man hinn þriði maðr biðja hennar, ór þeiri ætt, er valrinn fló at, ok þeim man hón gipt vera. Nú hefi ek þýddan draum þínum, ok hygg ek, eptir munu ganga«. Þorsteinn svarar: »illa er draumr ráðinn ok úvingjarnliga«, sagði hann, »ok mant þú ekki drauma ráða kunna«. Austmaðr segir: »þú mant at raun um komask, hversu eptir gengr«. Þorsteinn lagði fæð á Austmanninn, ok fór hann á brott um sumarit, ok er hann nú ór sögunni.

3. Um sumarit bjósk Þorsteinn til þings, ok mælti til Jófríðar húsfreyju, áðr hann fór heiman: »svá er hátt-at«, segir hann, »at þú ert með barni; ok skal þat barn út bera, ef þú fœdir meybarn, en upp fœða, ef sveinn er«. Þat var þá siðvandi nökkurr, er land var alt alheiðit, at þeir menn, er félítir váru, en stóð úmegð mjök til handa, létu út bera börn sín, ok þótti þó illa gort ávalt. Ok er Þorsteinn hafði þetta mælt, þá svarar Jófríðr: »þetta er úþínsliga mælt«, segir hón, »slíkr maðr sem þú ert; ok man þér eigi sýnask petta at láta gera, svá auðigr maðr sem þú ert«. Þorsteinn svarar: »veitz þú skaplyndi mítt«,

segir hann, »at eigi man hlýðisamt verða, ef af er brugðit«. Síðan reið hann til þings; en Jófríðr fœddi meðan meybarn ákafa fagrt. Konur vildu þat bera at henni, en hón kvað þess lítlá þörf, ok lét þangat kalla smalamann sínn, er Þorvarðr hét, ok mælti hón: »hest mínn skaltu taka ok leggja söðul á, ok fœra barn þetta vestr í Hjarðarholt Þorgerði Egilsdóttur, ok bið hana upp fœða með leynd, svá at Þorsteinn verði eigi varr við; ok þeim ástaraugum renni ek til barns þessa, at víst eigi nenni ek, at þat sé út borit. En hér eru þrjár merkr silfirs, er þú skalt hafa at verkkaipi; en Þorgerðr skal fá þér fari vestr þar, ok vist um haf«. Þorvarðr gerði, sem hón mælti. Síðan reið hann vestr í Hjarðarholt með barnit ok fékk Þorgerði í hendr; en hón lét upp fœða landseta sínn, er bjó inn á Leysingjastöðum í Hvammsfirði. En hón tók Þorvarði fari norðr í Steingrímsfirði, í Skeljavík, ok vist of haf, ok fór hann þar útan, ok er hann nú ór sögunni.

Ok er Þorsteinn kom heim af þingi, þá sagði Jófríðr hánum, at barnit er út borit, sem hann hafði fyrir mælt, en smalamaðr var í brott hlaupinn, ok stolit í brott hesti hennar. Þorsteinn kvað hana hafa vel gort ok fékk sér smalamann annan. Nú liðu svá sex vetr, at þetta varð ekki víst. Ok þá reið Þorsteinn til heimboðs vestr í Hjarðarholt til Ólafs pá, mágs síns, Höskuldssonar, er þá þótti vera með mestri virðingu allra höfðingja vestr þar. Þorsteini var þar vel fagnat, sem líkligt var. Ok einhvern dag at veizlunni er þat sagt, at Þorgerðr sat á tali við Þorsteini, bróður sínn, í öndvegi; en Ólafr átti tal við aðra menn. En yfir gegnt þeim á bekkinum sátu meyjar þrjár. Þá mælti Þorgerðr: »hversu lízk þér, bróðir, á stúlkur þessar, er hér sitja gegnt okkr?« Hann svarar: »allvel«, segir hann, »ok er þó ein fegrst miklu, ok hefir hón vænleik Ólafs, en hvíti ok yfirbragð várt Mýramanna«. Þorgerðr svarar: »víst er þat satt, er þú segir, bróðir, at hón hefir hvíti ok yfirbragð várt Mýramanna, en ei vænleik Ólafs pá; því at hón er ei hans dóttir«. »Hversu má

þat vera«, segir Þorsteinn, »en þó sé hón þín dóttir?« Hón svarar: »með sannindum at segja þér, frændi«, kvað hón, »þá er þessi þín dóttir, en eigi mínn, en fagra mær«; ok segir hánum síðan alt, sem farit hafði, ok biðr hann fyrirgefa sér ok konu sínni þessi afbrigði. Þorsteinn mælti: »ekki kann ek ykkr at ásaka um þetta, ok veltr þangat, sem vera vill, um flesta hluti; ok hafi þit vel yfir slétt vanhyggju mína; lízk mér svá á mey þessa, at mér þykkir mikil gipta í at eiga jafnfagrt barn; eða hvat heitir hón?« »Helga heitir hón«, segir Þorgerðr. »Helga en fagra«, segir Þorsteinn. »Nú skalt þú búa ferð hennar heim með mér«. Hón gerði svá. Þorsteinn var þaðan út leiddr með góðum gjöfum; ok reið Helga heim með hánum ok fœddisk þar upp með mikilli virðing ok ást af föður ok móður ok öllum frændum.

4. Í þenna tíma bjó uppi á Hvítársíðu á Gilsbakka Illugi svarti Hallkelsson, Hrosskelssonar; móðir Illuga var Þuríðr dylla, dóttir Gunnlaugs ormstungu. Illugi var annarr mestr höfðingi í Borgarfirði en Þorsteinn Egilsson; Illugi svarti var stóreignamaðr ok harðlyndr mjök, ok hélt vel vini sína. Hann átti Ingibjörgu, dóttur Ásbjarnar Harðarsonar ór Örnólfssdal. Móðir Ingibjargar var Þorgerðr, dóttir Miðfjarðar-Skeggja. Börn Ingibjargar ok Illuga váru mörg, en fá koma við þessa sögu. Hermundr hét son þeira, en annarr Gunnlaugr. Báðir váru þeir efniligr menn ok þá frumvaxta. Svá er sagt frá Guunlaugi, at hann var snemmendis bráðgörr, mikill ok sterkr, ljósjarpr á hár ok fór allvel, svarteygr ok nökkt nefljótr ok skapfelligr í andliti, miðmjór ok herðimikill, kominn á sik manna bezt, hávaðamaðr mikill í öllu skaplyndi, ok framgjarn snemmendis, ok við alt úvæginn ok harðr, ok skald mikit, ok heldr níðskár, ok kallaðr Gunnlaugr ormstunga. Hermundr var þeira vinsælli ok hafði höfðingjabragð á sér. Ok er Gunnlaugr var fimbán vетra gamall, bað hann föður sínn fararefna, ok kvaðsk hann vilja fara útan ok sjá sið annarra manna. Illugi bóndi tók því seinliga, kvað hann

eigi mundu þykkja góðan í útlöndum, er hann þóttisk trauma mega semja hann þar heima, sem hann vildi. Ok einhvern morgin var þat, alllítlu síðar, at Illugi bóndi gékk út snemma ok sá, at útibúr hans var opit, ok váru lagðir út vörusekkir nökkurir á hlaðit, sex, ok þar lénur með. Hann undraðisk þetta mjök. Þar gékk þá at maðr ok leiddi fjögur hross, ok var þar Gunnlaugr, son hans, ok mælti: »ek hefi sekkina út lagit«, segir hann. Illugi spurði, hví hann gørði svá? Hann sagði, at þat skyldu vera fararefni hans. Illugi mælti: »engi ráð skalt þú taka af mér ok fara hvergi, fyrr en ek vil«, ok kipti inn aptr vörusekkjunum. Gunnlaugr reið þá í brott þadan ok kom um kveldit ofan til Borgar, ok bauð Þorsteinn bóndi hánum þar at vera, ok þat þiggr hann. Gunnlaugr segir Þorsteini, hversu farit hafði með þeim feðgum. Þorsteinn bað hann þar vera þeim stundum, sem hann vildi, ok þar var hann þau misseri, ok nam lögsspeki at Þorsteini, ok virðisk öllum mönnum þar vel til hans. Jafnan skemtu þau Helga sér at tafla ok Gunnlaugr; lagði hvárt þeira góðan þokka til annars bráðliga, sem raunir bar á síðan. Þau váru mjök jafnaldrar. Helga var svá fögr, at þat er sögn fróðra manna, at hón hafi fagrst kona verit á Íslandi. Hár hennar var svá mikil, at þat mátti hylja hana alla, ok svá fagrt sem gullband; ok engi kostr þótti þá þvílfíkr, sem Helga en fagra, í öllum Borgarfirði ok víðara annars staðar.

Ok einhvern dag, er menn sátu í stofu at Borg, þá mælti Gunnlaugr til Þorsteins: »einn er sá hlutr í lögum, er þú hefir eigi kent mér: at fastna mér konu«. Þorsteinn segir: »þat er lítit mál«, ok kendi hánum afterli. Þá mælti Gunnlaugr: »nú skalt þú vita, hvárt mér hafi skilizk, ok man ek nú taka í hönd þér ok láta, sem ek festa mér Helgu, dóttur þína«. Þorsteinn segir: »þarfleysi ætla ek þat vera«, segir hann. Gunnlaugr þreifaði þá þegar í hönd hánum ok mælti: »veit mér nú þetta«, segir hann. »Gér sem þú vilt«, segir Þorsteinn, »en þat skulu þeir

vita, er hjá eru staddir, at þetta skal vera sem úmælt, ok þessu skulu engi undirmál fylgja«. Síðan nefndi Gunnlaugr sér vátta ok fastnaði sér Helgu, ok segir síðan, hvárt þá mætti svá nýta. Hann kvað svá vera mega, ok varð mönnum mikil gaman at þessu, þeim er við váru staddir.

5. Önundr hét maðr, er bjó suðr at Mosfelli; hann var auðmaðr enn mesti ok hafði goðorð suðr þar um nesin. Hann var kvángaðr maðr, ok hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúppsonar, er nam suðr Grindavík. Þeira synir váru þeir Hrafn ok Þórarinn ok Eindriði. Allir váru þeir efniligir menn, en þó var Hrafn fyrir þeim í hvívetna. Hann var mikill maðr ok sterkr, manna sjáligrasir ok skald gótt. Ok er hann var mjök rosknaðr, þá fór hann landa á milli ok virðisk hvetna vel, þar sem hann kom. Þá bjó suðr á Hjalla í Ölfusi þeir Þóroddr enn spaki, Eyvindarson, ok Skapti, son hans, er þá var lögsgumaðr á Íslandi. Móðir Skapta var Rannveig, dóttir Gnúps, Molda-Gnúppsonar, ok váru þeir systra synir Skapti ok Önundar synir. Var þar vinátta mikil með frændsemi. Þá bjó út at Rauðamel Þorfinnr Selpórsson, ok átti sjau sonu, ok váru allir efniligir menn; þeir hétu svá: Þorgils, Eyjólfr ok Þórir; ok váru þeir mestir menn út þangat. Ok þessir menn, er nú eru nefndir, váru allir uppi á einn tíma.

Ok þessu næst urðu þau tíðindi, er bezt hafa orðit hér á Íslandi, at landit varð alt kristit, ok alt fólk hafn-aði fornnum átrúnaði. Gunnlaugr ormstunga, er áðr var frá sagt, var nú ýmist at Borg með Þorsteini, eða Illuga, főður sínum, á Gilsbakka, þrjá vetr, ok var hann þá átján vetra, ok samdisk þá mikil með þeim feðgum. Maðr hét Þorkell svarti; hann var heimamaðr Illuga ok náfrændi, ok hafði þar upp vaxit. Hánum tömdisk arfr norðr í Vatnsdal í Ási, ok beiddi hann Gunnlaug fara með sér, ok hann gørði svá, ok riðu norðr tveir saman í Ás, ok greiddu þeir féit af höndum, er varðveitt höfdu, með at-

göngu Gunnlaugs. Ok er þeir riðu norðan, gisti þeir í Grímstungum at auðigs bónda, er þar bjó. Ok um morgininn tók smalamaðr hest Gunnlaugs, ok var þá sveittr mjök, er þeir féngu. Gunnlaugr laust smalamanninn í úvit. Bóni vildi eigi svá búit hafa, ok beiddi bóta fyrir. Gunnlaugr bauð at gjalda bónda mörk. Bóna þótti þat oflítit. Gunnlaugr kvað þá vísu:

»Mörk bauð ek mundangs sterkum
manni (tygjast hranna)
gráséna (skalt þú góna,
glóspýr! þat) nýja.
Iðrask mantu, ef yðrum
álfröðul flóða ór sjóði
lætr eyðanda líða
linns samlaga kindar«.

Þessi varð sætt þeira, sem Gunnlaugr bauð, ok riðu þeir suðr heim við svá búit.

Ok lítlu síðar beiddi Gunnlaugr föður sínn fararefna í annat sinn. Illugi segir: »nú skal vera, sem þú vilt«, segir hann; »hefir þú nú heldr samit pik ór því sem var«. Reið Illugi þá heiman skjótt ok keypti skip hálf til handa Gunnlaugi, er uppi stóð í Gufárösi, at Auðuni festargram. Ok er Illugi kom heim, þá pakkaði Gunnlaugr hánum vel. Þorkell svarti réðsk til ferðar með Gunnlaugi, ok var fluttr varnaðr þeira til skips; en Gunnlaugr var at Borg, meðan þeir bjuggu skipit, ok þótti glaðara at tala við Helgu, en vera í starfi með kaupmönnum. Einhvern dag spurði Þorsteinn Gunnlaug, ef hann vildi ríða til hrossa með hánum upp í Langavatnsdal. Gunnlaugr kvaðsk þat vilja. Nú ríða þeir tveir saman, þar til er þeir koma til selja Þorsteins, er heita á Porgilsstöðum; ok váru þar stóðhross, er Þorsteinn átti, fjögur saman, ok váru rauð at lit. Hestr var allvænigr ok lítt reyndr. Þorsteinn bauð at gefa Gunnlaugi hestinn; en hann kvaðsk eigi hrossa

þurfa, er hann ætlaði af landi. Ok þá riðu þeir til annarra stóðhrossa; var þar hestr grár med fjórum merum, ok var sá beztr í Borgarfirði, ok bauð Þorsteinn at gefa þann Gunnlaugi. Hann svarar: »eigi vil ek þessi, heldr en hin; eða hví býðr þú mér eigi þat, er ek vil þiggja?« »Hvat er þat?« segir Þorsteinn. Gunnlaugr mælti: »Helga en fagra, dóttir þín«. Þorsteinn svarar: »eigi man svá skjótt ráðask«, segir hann, ok tók annat mál, ok riðu heimleiðis ofan með Langá. Þá mælti Gunnlaugr: »vita vil ek«, segir hann, »hverju þú vilt svara mér um bónorðit?«. Þorsteinn svarar: »ekki sinni ek hégo má þínnum«, segir hann. Gunnlaugr mælti: »þetta er alhugi mínn, en eigi hégo miði«. Þorsteinn svarar: »vita skyldir þú fyrst, hvat þú vildir. Ertu ei ráðinn til utanferðar? ok lætr þó, sem þú skyllir kvángask! Er þat ekki jafnræði með ykkur Helgu, meðan þú ert svá úráðinn, ok man því ekki verða á litit«. Gunnlaugr mælti: »hvar til æflar þú um gjaford dóttur þínnar, ef þú vilt eigi gipta syni Illuga svarta? eða hvar eru þeir í Borgarfirði, er meira háttar sé en hann?« Þorsteinn svarar: »ekki fer ek í mannjöfnuð«, segir hann, »en værir þú slíkr maðr sem hann, þá mundi þér ei frá vísat«. Gunnlaugr mælti: »hverjum vilt þú heldr gipta dóttur þína en mér?« Þorsteinn svarar: »mart er hér gótt mannvil. Þorfinnr at Rauðamel á sjau sonu, ok alla vel mannaða«. Gunnlaugr svarar: »bvárgi þeira, Önundar né Þorfinns, er jafnmenni föður míns; því at pik skortir sýnt við hann. Eða hvat hefir þú í móti því, er hann deildi kappi við Þorgrím goða Kjallaksson á Þórsnesþingi ok við sonu hans, ok hafði einn þat, er við lá?« Þorsteinn svarar: »ek stókta í brott Steinari, syni Önundar sjóna, ok þótti þat heldr mikilræði«. Gunnlaugr svarar: »Egils nauztu at því, föður þíns; enda man þat fám bóndum vel endask, at synja mér mægðar«. Þorsteinn svarar: »hafðu í frammi kúgan við þá uppi við fjöllin, en þat kemr þér fyrir ekki hér út á Mýrunum«. Um kveldit koma þeir heim. Ok um morgininn ríðr

Gunnlaugr upp á Gilsbakka, ok bað föður sinn ríða til kvánboena með sér út til Borgar. Illugi svarar: »þú ert úráðinn maðr, þar sem þú ert ráðinn til útanferðar, en lætr nú sem þú skulir starfa í kváncenum, ok veit ek, at slíkt er ekki við skaplyndi Þorsteins«. Gunnlaugr svarar: »ek ætla þó utan alt eins, ok lifkar mér ekki, nema þú fylgir þessu«. Síðan reið Illugi heiman við tólfta mann ofan til Borgar, ok tók Þorsteinn vel við hánum. Um morgininn snemma ræddi Illugi til Þorsteins: »ek vil tala við þik«. Þorsteinn svarar: »göngum upp á borgina, ok tólum þar«, ok svá gerðu þeir. Gunnlaugr gékk með þeim. Þá mælti Illugi: »Gunnlaugr frændi mínn kveðsk hafa vikit bónorð við þik fyrir sína hönd, at biðja Helgu, dóttur línnar, en nú vil ek vita, hvern stað eiga skal málit; er þér kunnig ætt hans ok fjáreign vár; skal hvártí til spara af várri hendi staðfestu né manna forráð, ef þá er nær en áðr«. Þorsteinn svarar: »þat eitt finn ek Gunnlaugi, at mér þykkir hann vera úráðinn«, segir hann; »en ef hann væri þér líkr í skaplyndi, þá munda ek lítt seinka«. Illugi svarar: »þetta man okkr verða at vinslitum, ef þú synjar okkr feðgum jasfnræðis«. Þorsteinn svarar: »fyrir þín orð«, segir hann, »ok okkra vingan, þá skal Helga vera heitkona Gunnlaugs, en eigi festarkona, ok bíða þrjá vetr; en Gunnlaugr skal fara utan ok skapa sík eptir góðra manna síðum; en ek skal lauss allra mála, ef hann kemr eigi þá út, eða mér virðisk eigi skapferði hans«. Ok við þetta skilja þeir. Ríðr Illugi heim, en Gunnlaugr til skips. Ok er þeim gaf byr, létu þeir í haf, ok kómu skipi sínu norðr við Noreg, ok sigldu inn eptir Þrándheimi til Niðaróss, ok lágu þar í lægi ok skipuðu upp.

6. Í þenna tíma réð fyrir Noregi Eirekr jarl Hákonarson ok Sveinn, bróðir hans. Eirekr jarl hafði þá atsetu inn á Hlöðum, at föðurleifð sínni, ok var ríkr höfðingi. Skúli Þorsteinson var þá með jarli ok var hirðmaðr hans ok vel metinn. Þat er frá sagt, at þeir Gunnlaugr ok Auðun festargramr géngu, sjau menn saman, inn á Hlaðir. Gunn-

laugr var svá búinn, at hann var í grám kyrthi ok í hvítum leistabrókum. Sull hafði hann á fæti, niðri á ristinni; freyddi ór upp blóð ok vágr, er hann gékk. Ok með þeim búningi gékk hann fyrir jarlinn ok þeir Auðun, ok kvöðdu hann vel. Jarl kendi Auðun ok spyrr hann tíðinda af Íslandi; en Auðun sagði slík sem váru. Jarl spyrr Gunnlaug, hvern Hann væri; en hann sagði hánum nafn sitt ok ætt. Jarl mælti: »Skúli Þorsteinsson«, sagði hann, »hvat manna er þessi á Íslandi?« »Herra«, segir hann, »takið hánum vel; hann er ens bezta manns son á Íslandi, Illuga svarta af Gilsbakka, ok fóstbróðir mínn«. Jarl mælti: »hvat er fæti þínum, Íslendingr?« »Sullr er á, herra!« sagði hann. »Ok gékk þú bó ekki haltr«, segir jarl. Gunnlaugr svarar: »ei skal haltr ganga, meðan bádir fœtr eru jafnlangir«. Pá mælti hirðmaðr jarls, er Þórir hét: »pessi rembisk mikit, Íslendingrinn, ok væri vel, at vér freistaðim hans nökktu«. Gunnlaugr leit við hánum ok mælti:

»Hirðmaðr er einn,
sá er einkar meinn; trúið hánum vart,
hann er illr ok svartr!«

Pá vildi Þórir grípa til øxar. Jarl mælti: »lát vera kyrt«, segir hann; »ekki skulu menn gefa at slíku gaum; eða hvé gamall maðr ertu, Íslendingr?« Gunnlaugr svarar: »ek em nú átján vetra«, segir hann. »Þat læt ek um mælt«, segir jarl, »at þú verðir ei annarra átján«. Gunnlaugr mælti, ok heldr lágt: »bið mér engrá forbœna«, segir hann, »en bið pér heldr«. Jarl mælti: »hvat sagðir þú nú, Íslendingr?« Gunnlaugr svarar: »svá sem mér þótti vera eiga, at þú bædir mér engrá forbœna, en bædir sjálfum þér haldkvæmri böna«. »Hverra pá?« segir jarl. »At þú séfingir ei því líkan dauðdaga sem Hákon jarl, faðir þinn«. Jarl setti svá rauðan sem blóð, ok bað taká fól petta skjótt. Pá gékk Skúli syrir jarl ok mælti: »görið fyrir míni orð, herra, ok gefið manninum grið, ok fari hann á brott sem skjótast«. Jarl mælti: »verði hann á brottu sem skjótast, ef hann vill griðin hafa, ok komi

aldri í mitt ríki síðan«. Þá gékk Skúli út með Gunnlaugi ok ofan á bryggjur. Þar var Englandsfar, albúit til útláts, ok þar tók Skúli Gunnlaugi far ok Porkatli, frænda hans; en Gunnlaugr fékk Auðuni skip sít til varðveislu ok fé sít, þat er hann hafði eigi með sér. Nú sigla þeir Gunnlaugr í Englandshaf, ok kómu um haustit suðr við Lundúnabryggjur, ok réðu þar til hlunns skipi sínu.

7. Þá réð fyrir Englandi Aðalráðr konungr Játgeirsson, ok var góðr höfðingi; hann sat þenna vetr í Lundúnborg. Gunnlaugr gékk biáðliga fyrir konung ok kvaddi hann vel ok virðuliga. Konungr spurði, hvaðan af löndum hann væri. Gunnlaugr segir sem var; »en því hefi ek sótt á yðvarn fund, herra, at ek hefi kvæði ort um yðr, ok vilda ek, at þér hlýddið kvæðinu«. Konungr kvað svá vera skyldu. Gunnlaugr flutti fram kvæðit vel ok skörliga; en þetta er stefit í:

»Herr sésk allr enn ørva aett lýtr grams ok gumna Englands, sem guð, þengil; gunnþrás Aðalráði.«

Konungr þakkaði hánum kvæðit ok gaf hánum at bragralaunum skallatsskikkju, skinndregna enum beztum skinnum ok hlaðbúna í skaut niðr, ok gørði hann hirðmann sínn, ok var Gunnlaugr með konungi um vetrinu ok virðisk vel. Ok einn dag, um morgininn snemma, þá móettí Gunnlaugr þímr mönnum á stræti einu, ok nefndisk sá Þórormr, er fyrir þeim var. Hann var mikill ok sterkr ok furðu torveldligr. Hann mælti: »Norðmaðr«, segir hann, »sel mér fé nökktu at láni«. Gunnlaugr svarar: »ekki mun þat ráðligt, at selja fé sít úkunnum mönnum«. Hann svarar: »ek skal gjalda þér at nefndum degi«. »Þá skal á þat hætta«, segir Gunnlaugr. Síðan seldi hann hánum fét. Ok lítlu síðar fann Gunnlaugr konunginu ok segir hánum fjárlánit. Konungr svarar: »nú hefir lítt til tekizk; þessi er enn mesti ránsmaðr ok víkingr, ok eig ekki við hann; en ek skal fá þér jafnmikit fé«. Gunnlaugr svarar: »illa er oss þá farit«, segir hann, »hirð-

mönnum yðrum; göngum upp á saklausa menn, en láturn slíka sitja yfir váru, ok skal þat aldri verða«. Ok lítlu síðar hitti hann Þórorm ok heimti fét at hánum; en hann kvaðsk eigi gjalda mundu. Gunnlaugr kvað þá vísu þessa:

»Meðalráð er þér, Móði málma galdrs! at halda (att hafid ér við prettum oddrjóð) fyr mér hoddum;

vita máttu hitt, at ek hætta; hér sé ek á því fær; þat fékksk nafn af nekkvi, naðrstunga, mér ungum«.

»Nú vil ek bjóða þér lög«, segir Gunnlaugr, »at þú gjalt mér fí mítt, eða gakk á hólm við mik ella, á þruggja náttá fresti«. Þá hló víkingrinn ok mælti: »til þess hefir engi orðit fyrri en þú, at skora mér á hólm, svá skardan hlut sem margr hefir fyrir mér borit, ok em ek þessa alþúinn«. Ok við þat skildu þeir Gunnlaugr at sinni. Gunnlaugr sagði konungi svá búit. Hann svarar: »nú er komit í allúvænt efni; þessi maðr deyfir hvert vápn. Nú skaltu mínum ráðum fram fara; ok er hér sverð, er ek vil gefa þér, ok með þessu skaltu vega, en sýn hánum annat«. Gunnlaugr þakkaði konungi vel. Ok er þeir váru til hólms búinir, þá spyrr Þórormr, hvernig sverð þat væri, er hann hafði. Gunnlaugr sýnir hánum ok bregðr, en hafði lykkju um meðalkafla á konungsnað, ok dregr á hönd sér. Berserkinn mælti, er hann sá sverðit: »ekki hræðumk ek þat sverð«, segir hann, ok hjó til Gunnlaugs með sverði, ok af hánum mjök svá skjöldinn allan. Gunnlaugr hjó þegar í móti með konungsnað, en berserkinn stóð hlifarlauß fyrir ok hugði, at hann hefði et sama vápn ok hann sýndi; en Gunnlaugr hjó hann þegar banahögg. Konungr þakkaði hánum verkit, ok af þessu fékk hann mikla frægð í Englandi ok víða annars staðar. Um várit, er skip géngu milli landa, þá bað Gunnlaugr Aðalráð konung orlofs at sigla nökkt. Konungr spyrr, hvat hann vildi þá. Gunnlaugr svarar: »ek vilda efna þat, er ek hefi ætlat ok heitit«, ok kvað vísu þessa:

»Hlyt ek víst at vitja hverf ek aptr, áðr arfi
 (viggs) döglings þriggja (auðveitir gefr rauðan
 (því hefik hlutvöndum heitit) ormabed fyr ermar)
 hijarls ok tveggja jarla; oddgefnar mér stefni«.

»Svá skal ok vera, skald!« segir konungr, ok gaf hánum gullring, er stóð sex aura; »en því skaltu heita mér«, segir konungr, »at koma aptr til mína at öðru hausti, fyrir því at ek vil ei láta þík fyrir sakir íþróttar þínnar«.

8. Síðan siglir Gunnlaugr af Englandi með kaupmönnum norðr til Dyflinnar. Þá réð fyrir Írlandi Sigtryggr konungr silkiskegg, son Ólafs kvarans ok Kormlaðar dróttningar; hann hafði þá skamma stund ráðit rískinu. Gunnlaugr gékk þá fyrir konung ok kvaddi hann vel ok virðuliga. Konungr tók hánum sœmiliga. Gunnlaugr mælti: »kvæði hefi ek ort um yðr, ok vilda ek hljóð fá«. Konungr svarar: »ekki hafa menn til þess orðit fyrri, at fóra mér kvæði, ok skal víst hlýða«. Gunnlaugr kvað þá drápuna, ok er petta stefit:

»Elr sváru skæ
 Sigtryggr við hræ«.

Ok petta er þar:

»Kann ek móls of skil, þess man grepp vara)
 hvern ek mæra vil gullring spara.
 konungmanna kon: Segi hildingr mér,
 hann er Kvarans son. ef hann heyrði ger
 Mana gramr við mik dýrligan brag;
 (venr hann gjöfli sik, pat er drápu lag«.

Konungr þakkaði hánum kvæðit ok kallaði til sín féhirði sínn ok mælti svá: »hverju skal launa kvæðit?« Hann svarar: »hverju vili þér, herra?« segir hann. »Hversu er launat«, segir konungr, »ef ek gef hánum knörru tvá?« Féhirðirinn svarar: »ofmikit er þat, herra«, segir hann; »aðrir konungar gefa at bragarlaunum gripi góða, sverð

góð eða gullringa góða«. Konungr gaf hánum klæði sín af nýju skallati: kyrtill hlaðbúinn ok skikkju með ágætum skinnum ok gullring, er stóð mörk. Gunnlaugr þakkaði hánum vel, ok dvaldisk þar skamma stund, ok fór þaðan til Orkneyja.

Þá réð fyrir Orkneyjum Sigurðr jarl Hlöðversson; hann var vel til íslenzkra manna. Gunnlaugr kvaddi jarl vel ok kvaðsk hafa kvæði at fóra hánum. Jarl kvaðsk hlýða vilja kvæði hans, svá stórra manna sem hann var á Íslandi. Gunnlaugr flutti kvæðit, ok var þat flokkr ok vel ortr. Jarl gaf hánum breiðøxi, silfrekna alla, at kvæðislaunum ok bauð hánum með sér at vera. Gunnlaugr þakkaði hánum gjöfina ok boð et sama, en kveðsk verða at fara austr til Svíþjóðar, ok gékk síðan á skip með kaupmönnum þeim, er sigldu til Noregs, ok kómu um haustit austr við Konungahellu. Þorkell frændi hans fylgdi hánum jafnan. Ór Konungahellu féngu þeir leiðtoga upp í Gautland et vestra, ok kómu fram í kaupstað þeim, er í Skörum heitir. Þar réð fyrir jarl sá, er Sigurðr hétt, ok var við aldr. Gunnlaugr gékk fyrir hann ok kvaddi hann vel, ok kvaðsk kvæði hafa ort um hann. Jarl gaf gótt hljóð til. Gunnlaugr kvað kvæðit, ok var þat flokkr. Jarl þakkaði hánum ok launaði hánum vel ok bauð hánum með sér at vera um vetrinn. Sigurðr jarl hafði jólaboð mikit um vetrinn. Ok atfangadag jóla koma þar sendimenn Eireks jarls norðan af Noregi, tólf saman; þeir fóru með gjöfum til Sigurðar jarls. Jarlinn fagnaði þeim vel, ok skipaði þeim um jólin hjá Gunnlaugi. Þar var ölteiti mikil. Gautar ræddu um, at engi jarl væri meiri ok frægri en Sigurðr. Noregsmönnum þótti Eirekr jarl miklu framar. Ok um þetta þrættu þeir ok tóku Gunnlaug til órskurðarmanns hváritveggju um þetta mál. Gunnlaugr kvað þá vísu þessa:

»Segið ér frá jarli, hann hefir litnar hranna
 oddfeimu stafir! þeima: hár (karl er sá) bárur;

sigreynir hefir sénar
sjálfri í miklu gjálfri

astr fyr unnar hesti
Eirekr blár fleiri».

Hváirtveggju undu vel við órskurðinn, en betr Norwegsmenn. Sendimenu fóru þaðan eptir jólin með fégljófum, er Sigurðr jarl sendi Eireki jarli; sögðu þeir nú Eireki jarli órskurðinn Gunnlaugs. Jarli þótti Gunnlaugr hafa sýnt við sik einörð ok vínattu, ok lét þau orð um fara, at Gunnlaugr skyldi þar friðland hafa í hans ríki. Þat frétti Gunnlaugr síðan, hvat jarl hafði um mælt. Sigurðr jarl fékk Gunnlaugi leiðtoga austr í Tífundaland í Svíþjóð, sem hann beiddi.

9. Í þenna tíma réð fyrir Svíþjóð Ólafr konungr sœnski, son Eireks konungs sigrsæla ok Sigríðar ennar stórráðu, dóttur Sköglar-Tosta; hann var ríkr konungr ok ágætr, metnaðarmaðr mikill. Gunnlaugr kom til Uppsala nær þingi þeira Svía um várit, ok er hann náði konungs fundi, kvaddi hann konunginn. Hann tók hánum vel ok spyrr, hverr hann væri. Hann kvaðsk vera íslenzkr maðr. Konungr mælti: »Hrafn», segir hann, »hvat manna er hann á Íslandi?« Maðr stóð upp af enum úceðra bekk, mikill ok vaskligr, gékk fyrir konung ok mælti: »herra!« segir hann, »hann er ennar beztu ættar ok sjálfri enn vaskasti maðr.« »Fari hann þá, ok siti hjá þér», sagði konungr. Gunnlaugr mælti: »kvæði hefi ek at fera yðr», sagði hann, »ok vilda ek, at þér hlýddið ok gæfið hljóð til.« »Gangið fyrst ok sitið», sagði konungr; »ekki er nú tóm til yfir kvæðum at sitja.« Þeir gørðu svá.

Tóku þeir þá tal með sér, Gunnlaugr ok Hrafn; sagði hvárr öðrum frá ferðum sínum. Hrafn kvaðsk farit hafa áðr um sumarit af Íslandi til Noregs, ok öndverðan vetr austr til Svíþjóðar. Þar gorisk brátt vel með þeim. Ok einn dag, er liðit var þingit, váru þeir báðir fyrir konungi, Gunnlaugr ok Hrafn. Þá mælti Gunnlaugr: »nú vilda ek, herra!« segir hann, »at þér heyrðið kvæðit.« »Þat má nú«, segir konungr. »Nú vil ek flytja kvæði mítt,

herra!« segir Hrafn. »Þat má vel«, segir hann. »Þá vil ek flytja fyrr kvæði mítt, herra!« segir Gunnlaugr, »ef þér vilið svá.« »Ek á fyrr at flytja, herra!« segir Hrafn, »er ek kom fyrr til yðvar.« Gunnlaugr mælti: »hvar kómu feðr okkrir þess«, segir hann, »at faðir mínn væri eptirbátr föður þíns? hvar nema alls hvergi? skal ok svá með okkr vera.« Hrafn svarar: »görum þá kurteisi«, segir hann, »at vér forum þetta ei í kappmæli, ok látum konung ráða.« Konungr mælti: »Gunnlaugr skal fyrri flytja, því at hánum eirir illa, ef hann hefir eigi sít mál.« Þá kvað Gunnlaugr drápuna, er hann hafði orta um Ólaf konung; ok er lokit var drápunni, þá mælti konungr: »Hrafn«, sagði hann, »hversu er kvæðit ort?« »Vel, herra!« sagði hann; »þat er stórort kvæði ok úfagrt ok nökkt stirðkveðit, sem Gunnlaugr er sjálfri í skaplyndi.« »Nú skaltu flytja þítt kvæði, Hrafn«, segir konungr. Hann gørir svá. Ok er lokit var, þá mælti konungr: »Gunnlaugr«, segir hann, »hversu er kvæði þetta ort?« Gunnlaugr svarar: »vel, herra!« segir hann; »þetta er fagrt kvæði, sem Hrafn er sjálfur at sjá, ok yfirbragðslítit; eða hví ortir þú flokk um konunginn«, segir hann, »eða þótti þér hann eigi drápunnar verðr?« Hrafn svarar: »töllum þetta ei lengr; til man verða tekit, þótt síðar sé«, segir hann; ok skildu nú við svá búit. Lítlu síðar gørðisk Hrafn hirðmaðr Ólafs konungs, ok bað hann orlofs til brottferðar; konungr veitti hánum þat. Ok er Hrafn var til brottferðar búinn, þá mælti hann til Gunnlaugs: »lokit skal nú okkarri vináttu, fyrir því at þú vildir hrópa mik hér fyrir höfðingjum; nú skal ek einhverju sinni eigi þik minnr vanvirða, en þú vildir mik hér.« Gunnlaugr svarar: »ekki hryggja mik hót þín«, segir hann, »ok hvergi munu vit þess koma, at ek sé minna virðr en þú.« Ólafr konungr gaf hánum góðar gjafir at skilnaði, ok fór hann í brott síðan.

Hrafn fór austan um várit ok kom til Þrándheims ok bjó skip sítt ok sigldi til Íslands um summarit ok kom skipi

sínu í Leiruvág fyrir neðan Heiði, ok urðu hánum fegnir frændr ok vinir, ok var hann heima þann vetr með föður sínum. Ok um sumarit á alþingi fundusk þeir frændr, Skapti lögsögumaðr ok Skald-Hrafn. Þá mælti Hrafn: »þítt fullting vilda ek hafa til kvánboenar við Þorsteinn Egilsson, at biðja Helgu, dóttur hans«. Skapti svarar: »er hón eigi áðr heitkona Gunnlaugs ormstungu?« Hrafn svarar: »er eigi liðin sú stefna nú«, segir hann, »sem mælt var með þeim? enda er miklu meiri hans ofsi, en hann muni nú þess gá eða geyma«. Skapti svarar: »görum sem þér líkar«. Síðan géngu þeir fjölmennir til búdar Þorsteins Egilssonar; hann fagnaði þeim vel. Skapti mælti: »Hrafn, frandi mínn, vil biðja Helgu, dóttur þínnar, ok er þér kunnig aett hans ok auðr fjár ok menning góð, frænda afli mikill ok vina«. Þorsteinn svarar: »hón er áðr heitkona Gunnlaugs, ok vil ek halda öll mál við hann, þau sem mælt váru«. Skapti mælti: »eru nú eigi liðir þrír vetr, er til váru nefndir með yðr?« »Já«, sagði Þorsteinn, »en ei er sumar liðit, ok má hann enn til koma í sumar«. Skapti svarar: »en ef hann kemr eigi til sumarlangt, hverja ván skulu vér þá eiga þessa máls?« Þorsteinn svarar: »hér munu vér koma annat sumar, ok má þá sjá, hvat ráðligast þykkir, en ekki tjórar nú þetta at tala lengr at sinni«. Ok við þat skildu þeir, ok riðu menn heim af þingi. Ekki fór þetta tal leynt, at Hrafn bað Helgu. Ei kom Gunnlaugr út á því sumri. Ok annat sumar á alþingi fluttu þeir Skapti bónorðit ákafliga: kváðu þá Þorsteinn lausan allra mála við Gunnlaug. Þorsteinn svarar: »ek á fár dœtr fyrir at sjá, ok vilda ek gjarna, at öngum manni yrði þær at rógi; nú vil ek finna fyrst Illuga svarta«; ok svá gørði hann. Ok er þeir fundusk, þá mælti Þorsteinn: »þykkji þér ek eigi lauss allra mála við Gunnlaug, son þínn?« Illugi mælti: »svá er víst«, segir hann, »ef þú vilt; kann ek hér nú fátt til at leggja, er ek veit eigi gørla efni Gunnlaugs, sonar míns«. Þorsteinn gékk þá til Skapta, ok keyptu þeir svá, at brul-

laup skyldi vera at vetrnóttum at Borg, ef Gunnlaugr kœmi eigi út á því sumri, en Þorsteinn lauss allra mála við Hrafn, ef Gunnlaugr kœmi til ok vitjaði ráðsins. Eptir þat riðu menn heim af þinginu, ok frestaðisk tilkváma Gunnlaugs, en Helga hugði ilt til ráða.

10. Nú er at segja frá Gunnlaugi, at hann fór af Svíþjóðu þat sumar, er Hrafn fór til Íslands, ok fékk þá góðar gjásir af Ólafi konungi at skilnaði þeira. Aðalráðr konungr tók við Gunnlaugi allvel, ok var hann með hánum um vetrinn með góðri söemd. Í þenna tíma réð fyrir Danmörku Knútr enn ríki, Sveinsson, ok hafði nýtekit við föðurleifd sínni ok heitaðisk jafnan at herja til Englands, fyrir því at Sveinn konungr, faðir hans, hafði unnit mikit ríki á Englandi, áðr hann andaðisk vestr þar. Ok í þann tíma var mikill herr danskra manna vestr þar, ok var sá höfðingi fyrir, er Hemingr hét, son Strútharalds jarls ok bróðir Sigvalda jarls, ok hélt hann þat ríki undir Knút konung, er Sveinn konungr hafði áðr unnit. Um várit bað Gunnlaugr konunginn sér orlofs til brottferðar. Hann svarar: »ei samir þér nú at fara frá mér, til slíks úfriðar sem nú horfir hér í Englandi, þar sem þú ert mínn hirðmaðr«. Gunnlaugr svarar: »þér skuluð ráða, herra! ok gefið mér orlof at sumri til brottferðar, ef Danir koma eigi«. Konungr svarar: »sjám vit þá!« Nú leið þat sumar ok vetrinn eptir, ok kómu Danir eigi. Ok eptir mitt sumar fékk Gunnlaugr orlof til brottferðar af konungi, ok fór Gunnlaugr þaðan austr til Noregs, ok fann Eirek jarl í Þrándheimi á Hlöðum, ok tók jarl hánum þá vel ok bauð hánum þá með sér at vera. Gunnlaugr þakkar hánum boðit ok kveðsk þó vilja fara fyrst út til Íslands á vit festarmeyjar sínum. Jarl mælti: »nú eru öll skip í brottu, þau er til Íslands bjuggusk«. Þá mælti hirðmaðr einn: »hér lá Hallfreðr vandræðaskald í gær út undir Agðanesi«. Jarlinn svarar: »svá má vera«, segir hann; »hann sigldi héðan fyrir fimm nóttum«. Eirekr jarl létt þá flytja Gunnlaug út til Hallfreðar, ok tók hann

við hánum með fagnaði, ok gaf þegar byr undan landi, ok váru vel kátir. Þat var síð sumars. Hallfreðr mælti til Gunnlaugs: »hefir þú frétt bónorðit Hrafns Önundarsonar við Helgu ena fögru?« Gunnlaugr kveðsk frétt hafa, ok þó úgerla. Hallfreðr segir hánum slíkt, sem hann vissi af, ok þat með, at margir menn mæltu þat, at Hrafn væri ei úrökvari en Gunnlaugr. Gunnlaugr kvað þá vísu:

»Ræki ek lítt, þótt leiki
(létt veðr er nú) þéttan
austanvindr at öndri
andness viku þessa;

meir sjámk hitt, en hæru
hoddstríðandi bíðit,
ord, at ek eigi verða
jafnröskr taliðr Hrafnis.«

Hallfreðr mælti þá: »þess þyrfti, félagi, at þér veitti betr en mér málin við Hrafn; ek kom skipi mínu í Leiruvág fyrir neðan Heiði fyrir sám vetrum, ok átta ek at gjalda hálfá mörk silfrs húskarli Hrafns, ok hélt ek því fyrir hánum; en Hrafn reið til vár með sex tigu manna, ok hjó strengina, ok rak skipit upp á leirur, ok búit við skipbroti; varð ek þá at selja Hrafn síjálfðöemi, ok galt ek mörk; ok eru síkar míbar at segja frá hánum.« Ok þá var þeim eintalat um Helgu, ok lofaði hann mjök vænleik hennar. Gunnlaugr kvað þá vísu þessa:

»Manat hörfvarum hyrjar
hríðmundaði þundar
hafna, hörvi drifna,
hlýða jörð at þýðask:«

því at landsíkjari lékum
lyngs, er várum yngri,
alnar gims á ýmsum
andnesjum því landi.«

»Þetta er vel ort«, segir Hallfreðr. Þeir tóku land norðr á Melrakkasléttu, í Hraunhöfni, hálfum mánaði fyrir vetr, ok skipuðu þar upp.

Þórðr hét maðr; hann var bónason þar á Sléttunni; hann gékk í glímur við þá kaupmennina, ok gékk þeim illa við hann. Þá varð komit saman fangi með þeim Gunnlaugi. Ok um nóttna áðr hét Þórðr á Þór til sigrs

sér; ok um daginn, er þeir fundusk, tóku þeir til glímu; þá laust Gunnlaugr báða fötarna undan Þórði ok feldi hann mikil fall; en fótinn Gunnlaugs stökk ór liði, sá er hann stóð á, ok fél Gunnlaugr þá með Þórði. Þá mælti Þórðr: »vera má«, segir hann, »at þér vegni eigi annat betr.« »Hvat þá?« segir Gunnlaugr. »Málin við Hrafn, ef hann fær Helgu ennar vænu at vetrnóttum; ok var ek hjá í sumar á alþingi, er þat réðsk.« Gunnlaugr svarar engu. Þá var vafidr fótinn ok í liðinn færðr, ok þrútnaði allmjök. Þeir Hallfreðr riðu tólf menn saman, ok kómu suðr á Gilsbakka í Borgarfirði þat laugarkveld, er þeir sátu at brullaupinu at Borg. Illugi varð feginn Gunnlaugi, syni sínum, ok hans förnautum. Gunnlaugr kvaðsk þá þegar vilja ofan ríða til Borgar. Illugi kvað þat ekki ráð, ok svá sýndisk öllum, nema Gunnlaugi; en Gunnlaugr var þá úsferr fyrir fótarins sakir, þótt hann léti ekki á sjásk, ok varð því ekki af ferðinni. Hallfreðr reið heim um morgininn til Hreðuvatns í Norðrárdal; þar réð fyrir eignum þeira Galti, bróðir hans, ok var vaskr maðr.

11. Nú er at segja frá Hrafn, at hann sat at brul-laupi sínu at Borg, ok er þat flestra manna sögn, at brúðrin væri heldr döpr, ok er þat satt, sem mælt er, at lengi man þat, er ungr getr, ok var henni nú ok svá. Þat varð til nýlundi þar at veizlunni, at sá maðr bað Húngerðar, Þórodds dóttur ok Jófríðar, er Svertingr hét ok var Hafr-Bjarnarson, Molda-Gnúppssonar, ok skyldu þau ráð takask um vetrinn eptir jól uppi at Skáney. Þar bjó Porkell, frændi Húngerðar, son Torfa Valbrandssonar. Módir Torfa var Þórodda, systir Tungu-Odds. Hrafn fór heim til Mosfells með Helgu, konu sína; ok er þau höfðu þar skamma stund verit, þá var þat einn morgin, áðr þau risu upp, at Helga vakir, en Hrafn svaf, ok lét hann illa í svefn. Ok er hann vaknaði, spyrr Helga, hvat hann hefði dreymt. Hrafn kvað þá vísu:

»Hugðumk orms á armi ey böggvar þér höggyinn, væri, brúðr! í blóði beðr þínn roðinn mínu;

knættit endr of undir ölstafns Njörun Hrafni (lík getr þat, lauka lind!) hagdreyrins binda«.

Helga mælti: »þat man ek aldri gráta«, segir hón, »ok hafi þér illa svikit mik, ok man Gunnlaugr út kominn«; ok grét Helga þá mjök. Ok lítlu síðar fluttisk útkváma Gunnlaugs. Helga gerdisk þá svá stirð við Hrafn, at hann fékk eigi haldit henni heima þar, ok fóru þau þá heim aptr til Borgar, ok nýtti Hrafn lítit af samvistum við hana. Nú búask menn til boðs um vetrinn. Porkell frá Skáney bauð Illuga svarta ok sonum hans. Ok er Illugi bóndi bjósk, þá sat Gunnlaugr í stofu ok bjósk ekki. Illugi gékk til hans ok mælti: »hví býsk þú ekki, frændi?« Gunnlaugr svarar: »ek ætla eigi at fara«. Illugi mælti: »fara skaltu víst, frændi!« segir hann, »ok slá ekki slíku á þik, at þrá eptir einni konu, ok látt sem þú vitir eigi, ok mun þik aldri konur skorta«. Gunnlaugr gerdí, sem faðir hans mælti, ok kómu þeir til boðsins, ok var þeim Illuga ok sonum hans skipat í öndvegi, en þeim Þorsteini Egilssyni ok Hrafni, mág hans, ok sveitinni brúðguma í annat öndvegi gegnt Illuga. Konur sátu á palli, ok sat Helga en fagra næst brúðinni ok rendi opt augum til Gunnlaugs, ok kemr þar at því sem mælt er, at eigi leyна augu, ef ann kona manni. Gunnlaugr var þá vel búinn, ok hafði þá klæðin þau en góðu, er Sigtryggr konungr gaf hánum, ok þótti hann þá mikti afbragð annarra manna fyrir margs sakir, bæði afts ok vænleiks ok vaxtar. Lítill var gleði manna at boðinu. Ok þann dag, er menn váru í brottbúningi, þá brugðu konur göngu sínni ok bjuggusk til heimferðar. Gunnlaugr gékk þá til tals við Helgu, ok töluðu lengi, ok þá kvað Gunnlaugr vísu:

»Ormstungu varð engi allr dagr und sal fjalla

höegr, síz Helga en fagra Hrafns kvánar réð naðni;

litt sað höldr enn hvíti hjörþeys, faðir meyjar,

Ok enn kvað hann:

»Væn á ek verst at launa, víngefn! föður þínum (fold nemr flaum af skaldi flóðhyrs) ok svá móður: því at gérðu Bil borda bæði senn und klæðum (hér hafi hölds ok svarra hagvirki) svá fagra«.

Ok þá gaf Gunnlaugr Helgu skikkjuna Aðalráðsnaut, ok var þat gorsimi sem mest. Hón pakkaði hánum vel gjöfina. Síðan gékk Gunnlaugr út, ok váru þá komin hross, ok hestar söðlaðir, ok margir allvænligrir, ok bundnir heima á hlaðinu. Gunnlaugr hljóp á bak einhverjum hesti, ok reið á skeið eptir túninu ok at þangat, er Hrafn stóð fyrir, ok varð Hrafn at hopa undan. Gunnlaugr mælti: »ekki er at hopa undan, Hrafn«, segir hann, »fyrir því at onga ógn býð ek þér at sinni, en þú veizt, til hvers þú hefir unnit«. Hrafn svarar ok kvað vísu:

»Samira okkr of (eima Ullr benloga!) Fullu (frægir fólk Ságu!) fang í brigð at ganga: mjök eru margar slíkar, mordrunnr! fyr haf sunnan (ýtir er sævar sóta sannfróðr) konur góðar«.

Gunnlaugr svarar: »vera má«, segir hann, »at margar sé, en eigi þykki mér svá«. Þá hljópu þeir Illugi at ok Þorsteinn ok vildu ekki, at þeir ættisk við. Þá kvað Gunnlaugr vísu:

»Gefin var Eir til aura armdags en litsagra (þann kveða menn, né minna, (því er menrýi minni mínn jafnoka) Hrafni, allra nýztr meðan austan Aldráðr farar dvaldi (því er menrýi minni málgráðr) í gný stála«.

Ok eptir þetta riðu menn heim hvártveggju, ok var alt kyrt ok tíðindalaust um vetrinn. Nýtti Hrafn síðan

ekki af samvistum við Helgu, þá er þau Gunnlaugr höfðu fundizk.

Ok um sumarit riðu menn fjölmennir til þings: Illugi svarti ok synir hans með hánum, Gunnlaugr ok Hermundr; Þorsteinn Egilsson ok Kollsveinn, son hans; Önundr frá Mosfelli ok synir hans allir; Svertingr Hafr-Bjarnarson. Skapti hafði þá enn lögsögu. Ok einn dag á þinginu, er menn géngu fjölmennir til lögbergs, ok er þar var lykt at mæla lögskilum, þá kvaddi Gunnlaugr sér hljóðs, ok mælti: »er Hrafn hér Önundarson?« Hann kveðsk þar vera. Gunnlaugr ormstunga mælti þá: »þat veitz þú, at þú hefir fengit heitkonu mínnar, ok dregsk til fjandskapar við mik; nú fyrir þat vil ek bjóða þér hólmgöngu hér á þinginu á þriggja nátta fresti í Óxarárhólmi.« Hrafn svarar: »petta er vel boðit, sem ván var at þér«, segir hann, »ok em ek þess albúinn, þegar þú vilt.« Petta þótti ilt frændum hvársteggja þeira, en þó váru þat lög í þann tíma at bjóða hólmgöngu, sá er vanhluta þóttisk verða fyrir öðrum. Ok er þjár nætr váru liðnar, bjuggusk þeir til hólmgöngu, ok fylgdi Illugi svarti syni sínum til hólmsins með miklu fjölmenni, en Skapti lögsögu-maðr fylgði Hrafnni ok faðir hans ok aðrir frændr hans. Ok áðr Gunnlaugr géngi út í hólminn, þá kvað hann vísu þessa:

| | |
|--|---|
| »Nú emk út á eyju allvangs búinn ganga (kapps unni guð greppi gervu lykt með hjörvi); | hnakk skal Helgu lokka (haus vinn ek frá bol lausan loks með ljósum mæki) ljúfsvelgs í tvau kljúfa.« |
|--|---|

Hrafn svarar ok kvað petta:

| | |
|--|---|
| »Veitat greppr, hvárr greppa gagnsæli hlýtr fagna; hér er bensigðum brugðit, búin er egg í leggi. | Þá man, ein ok ekkja ung, mær, þó at vit særimsk, þorna spöng af þingi þegns hugrekki fregna.« |
|--|---|

Hermundr hélt skildi fyrir Gunnlaug, bróður sínn, en

Svertingr Hafr-Bjarnarson fyrir Hrafn. Þímr mörkum silfrs skyldi sá leysa sik af hólminum, er sárr yrði. Hrafn átti fyrr at höggva, er á hann var skorat, ok hjó hann í skjöld Gunnlaugs ofanverðan, ok brast sverðit begar sundr undir hjóltunum, er til var höggvit af miklu afli. Blóðrefillinn hraut upp af skildinum ok kom á kinn Gunnlaugi, ok skeindisk hann heldr en eigi. Þá hljópu feðr þeira þegar á millum, ok margir aðrir menn. Þá mælti Gunnlaugr: »nú kalla ek, at Hrafn sé sigraðr, er hann er slyppr.« »En ek kalla, at þú sér sigraðr«, segir Hrafn, »er þú ert sárr orðinn.« Gunnlaugr var þá allœfr ok reiðr mjök, ok kvað ekki reynt vera. Illugi faðir hans kvað, þá eigi skyldu reyna meir at sinni. Gunnlaugr svarar: »þat munda ek vilja«, segir hann, »at vit Hrafn mættimsk svá öðru sinni, at þú værir fjarri, faðir, at skilja okkr.« Ok við petta skildu þeir at sinni, ok géngu menn heim til búða síenna. Ok annan dag eptir í lögrettu var þat í lög sett, at af skyldi taka hólmgöngur allar þaðan í frá, ok var þat gjort at ráði allra vitrustu manna, er við váru staddir; en þar váru allir þeir, er vitrastir váru á landinu; ok þessi hefir hólmganga síðast framð verit á Íslandi, er þeir Hrafn ok Gunnlaugr börðusk. Ok einn morgin, er þeir broðr Hermundr ok Gunnlaugr géngu til Óxarár at því sér, þá géngu öðrumegin at ánni konur margar, ok var þar Helga en fagra í því liði. Þá mælti Hermundr: »sér þú Helgu, vinkonu þína, hér fyrir handan ána?« Gunnlaugr svarar: »sé ek hana víst«, ok þá kvað Gunnlaugr vísu þessa:

| | |
|---|--|
| »Alin var rýgr at rógi (runnr olli því gunnar; lág var ek auðs at eiga ódgjarn) fíra börnum; | nú er svanmærrar síðan (svört augu mér bauga) lands til linna grundar lítill þörf at líta.« |
|---|--|

Síðan géngu þeir yfir ána, ok töluðu þau Helga ok Gunnlaugr um stund. Ok er þeir géngu austr yfir ána,

þá stóð Helga ok starði á Gunnlaug lengi eptir. Gunnlaugr leit þá aptr yfir ána, ok kvað vísu þessa:

»Brámáni skein brúna
brims und ljósum himni
Hristar hörvi glæstrar
haukfránn á mik lauka;
en sá geisli sýslir
síðan gullmens Fríðar
hvarma tungls ok hringa
Hlínar úþurft mína.«.

Ok eptir þetta umliðit riðu menn heim af þinginu, ok var Gunnlaugr heima á Gilsbakka. Ok einn morgin, er hann vaknaði, þá váru allir menn upp risnir, nema hann lá. Hann hvíldi í lokrekju innar af seti. Þá géngu í skálann tólf menn, allir alvápnadír, ok var þar kominn Hrafn Önundarson. Gunnlaugr spratt upp þegar, ok gat fengit vápu sín. Þá mælti Hrafn: »við ongu skal þér hætt vera«, segir hann; »en þat er örindi mítt hingat, at þú skalt nú heyra: þú bauzt mér hólmgöngu í summar á alpingi, ok þótti þér sú ekki reynd verða; nú vil ek þér bjóða, at vit farim báðir á brott af Íslandi ok utan í summar, ok gangim á hólm í Noregi; þar munu eigi fraendr okkrir fyrir standa«. Gunnlaugr svarar: »mæl drengja heilastr! ok pennu kost vil ek gjarna þiggja, ok er hér at þiggja, Hrafn«, segir hann, »þann greiða, sem þú vilt«. Hrafn svarar: »þat er vel boðit, en riða munu vér fyrst at sinni; ok við þetta skildu þeir. Þetta þótti frændum hvárstveggja þeira stórum illa, en féngu þó ekki at gört fyrir ákafa þeira sjálfra; enda varð þat fram at koma, sem til dró.

12. Nú er at segja frá Hrafni, at hann bjó skip sitt í Leiruvágum. Tveir menn eru þeir nefndir, er fóru með Hrafni, systursynir Önundar, föður hans; hét annarr Grímr, en annarr Ólafr, ok váru báðir gildir menn. Öllum frændum Hrafns þótti mikill svipr, er hann fór í brott; en hann sagði svá: kvaðsk því Gunnlaug á hólm skorat hafa, at hann kvaðsk öngar nytjar hafa Helgu, ok kvað annanhvárn verða at hniga fyrir öðrum. Síðan sigldi Hrafn í haf, er þeim gaf byr, ok kómu skipi sínu í

Þrándheim, ok var þar of vetrinn, ok frétti ekki til Gunnlaugs á þeim vetri, ok þar beið hann Gunnlaugs um sumarit; ok enn annan vetr var hann í Þrándheimi, þar sem heitir í Lifangri.

